# FRÉTTABLAÐIÐ

182. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 4. ÁGÚST 2016




**Stuð á Sólheimum** Guðni Th. Jóhannesson forseti og Eliza Reid forsetafrú heilsa Nóa Sæ Guðmundssyni við komuna til Sólheima í gær. Forsetahjónin fóru þangað í sína fyrstu opinberu heimsókn og vilja kynna landsmönnum samfélagið á Sólheimum. Guðni segir að Íslendingar geti lært margt um sjálfbærni og samvinnu af Sólheimum. Sjá síðu 10 FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fimm milljörðum meira í tryggingagjald

**Tekjur ríkisins af tryggingagjaldi eru rúmum fimm milljörðum meiri á fyrri helmingi ársins en á sama tíma í fyrra. Framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins segir mikilvægt að álagt tryggingagjald lækki svo fyrirtækjum sé unnt að takast á við launahækkanir.**

**ATVINNUMÁL** Tryggingagjald sem atvinnurekendur greiddu í ríkissjóð nam alls 42,3 milljörðum króna á fyrri helmingi ársins 2016 og var 5,4% umfram áætlun. Þetta kemur fram í tölum um greiðsluafkomu ríkissjóðs.

Tekjur ríkisins af greiddu tryggingagjaldi aukast um 5,2 milljarða króna, eða 14 prósent, á milli ára.

Samtök iðnaðarins hafa þrýst á um lækkun gjaldsins. Gjaldið var 8,65 prósent fyrir árið 2011 en hafði lækkað og var 7,35 prósent fyrir fyrri hluta þessa árs. Um síðustu mánaðamót lækkaði það um 0,5 prósentustig og stendur nú í 6,85 prósentum.

Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri samtakanna, segir mikilvægt að gjaldið haldi áfram að lækka. „Þetta var 5,34 prósent fyrir hrun og okkur finnst mjög eðlilegt að gjaldið fari þangað aftur. Þá eru í raun 1,5 prósent eftir,“ segir hann.

> Þess þá heldur er mikilvægt að þetta launatengda gjald lækki til þess að atvinnulífið geti þá nýtt tækifæri til þess að ráða fleiri í vinnu.
>
> Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

Almar segir að í ljósi mikilla launahækkana komi það ekki á óvart að ríkissjóður fái meiri tekjur af gjaldinu nú en síðustu ár. „Þess þá heldur er mikilvægt að þetta launatengda gjald lækki til þess að atvinnulífið geti þá nýtt tækifæri til þess að ráða fleiri í vinnu,“ segir Almar og bætir við að lækkun gjaldsins sé líka mikilvæg til að takast á við þær launahækkanir sem þegar hafi orðið. Innlend framleiðslufyrirtæki geti ekki velt öllum launahækkunum út í verðlag. Þar af leiðandi kalli þær á rekstrarhagræði hjá fyrirtækjum og þá geti tryggingagjaldið virkað sem dempari. Lægra tryggingagjald hjálpi til við að halda rekstri í eðlilegu horfi.

Almar segir jafnframt að í tilfelli útflutningsfyrirtækja sé lækkun gjaldsins samkeppnismál. – **jhh**

## Gagnrýni lækna tekin alvarlega

**HEILBRIGÐISMÁL** Gunnar Ármannsson, stjórnarmaður í MCPB ehf. sem hyggst reisa einkarekið sjúkrahús í Mosfellsbæ, segir að að spænski læknirinn Pedro Brugada, sem sjúkrahúsið á að vera nefnt eftir, hafi talið það forsendu fyrir aðkomu sinni að verkefninu að ekki væri andstaða meðal hérlendra lækna við það.

Þrír yfirlæknar á hjartadeild Landspítalans hafa lýst yfir áhyggjum af áformunum. Gunnar segir að þær gagnrýnisraddir verði teknar alvarlega. Brugada hafi fundað með íslenskum læknum hér á landi í vor til að kanna hvernig þeim hugnaðist að hann hæfi starfsemi á Íslandi. Eftir fundina hafi hann talið sig hafa átt góð samtöl við lækna og æðstu embættismenn og að það væru forsendur fyrir hendi til að koma hingað til starfa. – **ih**, **sjá síðu 6**

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Heiðar Guðjónsson skrifar um efnahagsmál. 24

**SPORT** Lífið leikur við knattspyrnukappann Viðar Örn Kjartansson í Svíþjóð. 28

**MENNING** Hinsegin bókmenntaganga farin um sagnaslóðir í Reykjavík. 26

**LÍFIÐ** Elísabet Birta Sveinsdóttir sýnir verkið Köld nánd, um áhrif klámvæddrar neyslumenningar. 34




**PLÚS 1 SÉRBLAÐ ● FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður



Fremur hæg norðlæg eða breytileg átt í dag. Skýjað með köflum og víða rigningarskúrir, einkum síðdegis. Hiti 8 til 15 stig. SJÁ SÍÐU 32



**Forsetinn hefur vald til að náða dæmda sakamenn.** FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Náðað 562 refsifanga

**BANDARÍKIN** Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, hefur oftast allra forseta náðað dæmda menn. Einnig hefur hann náðað fleiri en síðustu níu forsetar Bandaríkjanna samanlagt. Þetta kemur fram á vef Hvíta hússins. Þá segir að Obama hafi barist fyrir réttlátara réttarkerfi síðan hann var settur í embætti.

Obama hefur náðað 562 menn og konur, þar af 197 einstaklinga sem áttu yfir höfði sér dauðarefsingu. Meirihluti þeirra sem forsetinn hefur náðað voru fíkniefnabrotamenn. Síðast beitti Obama náðunarvaldi sínu í gær og náðaði 214 einstaklinga sem dúsa í alríkisfangelsum í Bandaríkjunum.

Sá forseti sem náðað hefur næstflesta, af síðustu níu forsetum Bandaríkjanna, er Lyndon B. Johnson sem náðaði rúmlega tvö hundruð.

Þeir George W. Bush og George H.W. Bush eru þeir forsetar Bandaríkjanna sem náðuðu fæsta.

Forseti Bandaríkjanna hefur vald til að náða dæmda sakamenn, með þeirri undantekningu að hann getur ekki náðað þá forseta, varaforseta og embættismenn sem þingið hefur ákært. – ngy

**197**

**einstaklingar af þeim 562 sem Obama Bandaríkjaforseti hefur náðað áttu yfir höfði sér dauðarefsingu.**

# Kynvillt Klambratún



**Hinsegin íþróttafélagið Styrmir stóð í gær, þriðja árið í röð, fyrir gleði og grilli undir berum himni á Klambratúni í Reykjavík í tilefni Hinsegin daga. Meðal annars var keppt í reiptogi, pokahlaupi, blaki og boltaíþróttum þar sem hinsegin félög öttu kappi.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Stór skjálfti í Bárðarbungu

**NÁTTÚRA** Nokkrir stórir jarðskjálftar mældust í Bárðarbungu í gær. Sá stærsti mældist 3,9 og varð í norðanverðri Bárðarbunguöskjunni um klukkan fjögur í gær.

Skjálftinn var með þeim stærstu sem mælst hafa frá goslokum í Holuhrauni. Annar skjálfti varð á svipuðum slóðum um hádegi í gær en hann mældist 3,0 að stærð. Alls voru sex skjálftar sem mældust stærri en tveir á svæðinu í gær.

Skjálftarnir í gær fylgja sömu þróun og undanfarna mánuði en á þeim sautján mánuðum sem liðnir eru frá goslokum í Holuhrauni hafa fjölmargir jarðskjálftar orðið. – ngy

**Stærsti skjálftinn mældist 3,9 og varð í norðanverðri Bárðarbunguöskjunni.**

# Dapurt yfir mönnum í vatnslitlum laxveiðiám

**Vatnsrennsli í flestum ám á Vestur- og Norðurlandi er nú víðast afar lítið miðað við stöðuna í upphafi veiðitímabilsins. Í Norðurá í Borgarfirði er mikið af laxi en hann tekur illa enda er tífalt minna vatn í ánni en við opnun og sól skín glatt.**

**STANGVEIÐI** Miklir þurrkar undanfarnar vikur valda laxveiðimönnum miklum erfiðleikum. Rennsli í ám vestanlands og norðan hefur minnkað gríðarlega síðan veiðin hófst í júní.

„Það hefur bara ekki komið dropi úr lofti sem hægt er að tala um í einar sjö vikur. Eðlilega hefur þetta áhrif, það segir sig sjálft. Það sem hefur verið að veiðast er yfirleitt á þunna tauma og smáflugur,“ segir Einar Sigfússon, veiðileyfasali í Norðurá í Borgarfirði og Haffjarðará á Mýrum.

Um það leyti sem veiði hófst í Norðurá, sem var 4. júní að þessu sinni, mældist vatnsrennsli í ánni um 40 rúmmetrar á sekúndu samkvæmt vef Veðurstofunnar. Nýjustu mælingar sýna hins vegar að rennslið er komið undir 4 rúmmetra, sem sagt orðið tíu sinnum minna.

Einar neitar því ekki að veiðimenn hafi verið dálítið daprir vegna þessa. Menn láti hins vegar ekki hugfallast.

„Það þýðir ekkert annað en að bera höfuðið hátt því ljósi punkturinn er að fiskurinn er til staðar,“ segir Einar. „En þetta er búið að hafa þau áríf síðustu fjórar vikurnar að það hefur dregið stöðugt úr tökum, alls staðar á öllu Vestur- og Norðurlandi. Í að minnsta kosti sjö vikur hefur verið sól og blíða og minnkandi vatn og súrefnisnautt. Það gerir að verkum að takan lækkar.“

Þessi staða er ekki ný en Einar segir öllu muna að þrátt fyrir allt sé talsverður fiskur í flestum ám. „Þannig að það er talsvert mikið af fiski í ánum, miklu betra ástand heldur en 2014 til dæmis,“ segir hann. Að vísu hafi sterkar smálaxagöngur sem menn hafi átt von á í kringum 20. júlí ekki skilað sér. „Gamlir Norðurármenn eru alveg á því að þessi fiskur sé enn



**Einar Sigfússon reiknar með að langvinnir þurrkar taki enda.** FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

> **Þá var Norðuráin 20 gráður og Haffjarðaráin 22 gráður. Þetta er bara orðin svona hægeldun á fiskinum.**
>
> Einar Sigfússon veiðileyfasali

þá bara niðri í Hvítá og Straumunum og eigi eftir að koma inn þegar meira vex í.“

Í fyrrasumar veiddust 2.886 laxar í Norðurá. Það sem af er tímabilinu nú hafa veiðst tæplega eitt þúsund fiskar. Enn er nóg að hafa því þúsundir fiska hafi farið um teljarann við fossinn Glanna, að sögn Einars.

„Þess vegna er svo svekkjandi að það skuli ekki vera vatn til að ná honum upp. En einn góðan veðurdag kemur gusa og þá eru þeir sem verða til staðar þeir heppnu,“ fullyrðir Einar og bendir á að ólíklegt sé að haustrigningar bregðist. Þá muni hluti af þeim fiski sem sé inni á dal færa sig niður ána aftur. „Þá dreifist þetta aftur um alla ána.“

Haffjarðará er einnig á snærum Einars sem kveður svipað gilda um hana. „Það er mikill fiskur í henni og stundum koma þokkalegir dagar en það vantar þetta ferska og súrefnisríka vatn,“ segir Einar sem mældi vatnshitastigið í bæði Norðurá og Haffjarðará fyrir um viku.

„Það var Norðuráin 20 gráður og Haffjarðaráin 22 gráður. Þetta er bara orðin svona hægeldun á fiskinum,“ segir hann. Hitastig á bilinu 8 til 11 gráður telji hann vera ákjósanlegt. „Það er til kenning hjá Bretum um að þegar hitastig vatnsins sé orðið hærra en lofthitinn þá geti menn gleymt þessu.“ gar@frettabladid.is







# Útimálning
## fyrir íslenskt veðurfar

Steinvari er öflug varnarlína gegn íslensku veðri, afrakstur þrotlausra rannsókna og þróunar í áratugi. Láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig í valinu á útimálningu.

**Steinvari – íslensk varnarlína í útimálningu**

málning
*- sérfræðingar í útimálningu -*

*Útsölustaðir Málningar*: BYKO, Kópavogi • BYKO, Granda • Litaver, Grensásvegi • BAUHAUS • Vélsmiðja Árna Jónssonar, Hellissandi • Málningarbúðin, Ísafirði Vilhelm Guðbjartsson málarameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • BYKO, Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsfirði • BYKO, Reyðarfirði ORMSSON VÍK, Egilsstöðum • Verslunin PAN, Neskaupstað • BYKO, Selfossi • Miðstöðin, Vestmannaeyjum • BYKO, Keflavík • N1 verslun, Grindavík

ÍSLENSKA/SIA.IS/MAL 78705 05/16

# Metfjöldi bifreiða í einum mánuði um Víkurskarð

**SAMGÖNGUMÁL** Metfjöldi bifreiða fór yfir Víkurskarð í júlímánuði á þessu ári þegar ríflega hundrað þúsund ferðir voru farnar um skarðið.

Valgeir Bergmann, framkvæmdastjóri Vaðlaheiðarganga, segir þessi tíðindi ánægjuleg og geta styrkt tekjugrundvöll ganganna.

„Það hefur verið stígandi í umferðarmagni um Víkurskarð allt frá því við hófum gangagröftinn. Við höfum ekki uppfært tekjulíkan okkar neitt og við munum ekki skoða þessar tölur gaumgæfilega fyrr en við sláum í gegn,“ segir Valgeir.

Miðað við spár um fjölda ferða yfir Víkurskarðið sem lágu til grundvallar ákvörðun um að ráðast í þessa framkvæmd er ljóst að aukning umferðar slagar í það sem bjartsýnustu spár gerðu ráð fyrir.

Fjöldi erlendra ferðamanna hefur aukið umferð á þjóðvegum landsins töluvert og gert er ráð fyrir að sú þróun haldi áfram á komandi árum. **– sa**

> Það hefur verið stígandi í umferðarmagni um Víkurskarð allt frá því við hófum gangagröftinn.
>
> Valgeir Bergmann, framkvæmdastjóri Vaðlaheiðarganga



**Tekjulíkan Vaðlaheiðarganga hefur ekki enn verið uppfært.** FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

## Vilja lýðháskóla á Laugarvatni

**MENNTAMÁL** Ungmennafélag Íslands hefur áhuga á að stofna og reka lýðháskóla á Laugarvatni í húsnæði íþróttakennaraháskólans.

Áhuginn kviknaði eftir að Háskóli Íslands ákvað að flytja námið frá Laugarvatni til Reykjavíkur en gangi það eftir fækkar opinberum störfum í Bláskógabyggð.

Í tilkynningu félagsins segir að með stofnun lýðháskóla á Laugarvatni sé spornað við fækkun starfa auk þess sem valmöguleikum námsmanna að loknu stúdentsprófi fjölgi. **– ngy**

## Íslenskur fiskur á leikunum í Ríó

**SJÁVARÚTVEGUR** Íslenskur fiskur verður á borði í mötuneyti íþróttamanna á Ólympíuleikunum í Rio de Janeiro í Brasilíu í ár. Fiskurinn sem kemur frá Íslandi er saltaður þorskur frá sjávarútvegsfyrirtækinu Vísi hf. í Grindavík.

„Þetta er náttúrulega gríðarlega mikil viðurkenning fyrir okkur og það starf sem hefur verið stundað hér um árabil. Jafnframt er þetta staðfesting á því að við höfum verið á réttri leið í gæðastarfi hér hjá Vísi,“ segir Pétur H. Pálsson, framkvæmdastjóri Vísis hf., en Ólympíunefndin ákvað árið 2012 að allur fiskur úr veiðum á villtum fiski skildi vera vottaður samkvæmt Marine Stewardship Council staðli um sjálfbærar og umhverfisvænar fiskveiðar.

Pétur segir að nú verði vörur Vísis sýnilegri en áður út um allan heim og að það endurspegli hreinleika og gæði íslenskra afurða. **– sa, ngy**

**LEIÐRÉTTING**

*Fram kom í Fréttablaðinu þann 2. ágúst að hátíðin Breiðholt Festival væri haldin sunnudaginn 7. ágúst. Hið rétta er að hátíðin er haldin sunnudaginn 14. ágúst.*

# Ófaglærðum kennurum hefur fjölgað mest á Suðurnesjum

**Ófaglærðum kennurum í grunnskólum landsins fjölgar að nýju. Sautján prósent grunnskólakennara á Suðurnesjum hafa ekki menntun í faginu og hefur hlutfall þeirra tvöfaldast á tveimur árum. Vestfirðir með hlutfallslega flesta ófaglærða. Lítið atvinnuleysi talið skýra hversu erfitt sé að fá menntaða kennara til starfa.**

**MENNTAMÁL** Ófaglærðum kennurum í grunnskólum landsins fjölgar að nýju en þeim fækkaði mikið eftir hrun. Hlutfall ófaglærðra kennara er mjög misjafnt eftir landsvæðum og skera Vestfirðir og Suðurnes sig úr.

Alls fjölgar um sextíu ófaglærða á landinu öllu milli áranna 2013 og 2015. Þar af er fjölgunin 57 á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum en aðeins fjölgar um þrjá ófaglærða á öllum hinum svæðum landsins. Þetta kemur fram í tölum Hagstofunnar sem birtar voru í gær.

Helgi Arnarson, fræðslustjóri Reykjanesbæjar, stærsta sveitarfélagsins á Suðurnesjum, segir sama vera að gerast nú og þegar atvinnuleysi var í lágmarki fyrir hrun. Menntaðir kennarar sæki í önnur vel launuð störf og því sé erfitt að manna kennarastöður með menntuðum kennurum á meðan. „Hér á Suðurnesjum erum við auðvitað með mjög stóran vinnustað sem Leifsstöð er og á meðan ferðaþjónustan blómstrar og völlurinn stækkar og stækkar virðist alltaf vera pláss fyrir vel launuð störf þar sem menntun og hæfni kennara nýtist mjög vel,“ segir Helgi.

Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, segir bæjarfélagið þurfa að skoða tölur Hagstofunnar. „Þetta er auðvitað eitt af því sem við skoðum reglulega og munum halda því áfram. Markmiðið er auðvitað að sem flestir kennarar séu menntaðir í faginu,“ segir Kjartan Már. Hafa ber í huga að Suðurnes eru hér öll undir og því gæti fjöldinn verið mismunandi milli bæjarfélaga innan landshlutans.

Hæst hlutfall ófaglærðra kennara er á Vestfjörðum. Arna Lára Jónsdóttir, formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar, segir það ekki nýjar fregnir. „Sökum landfræðilegrar stöðu Vestfjarða hefur ávallt verið erfitt að manna stöður hér. En eftir að Háskólinn á Akureyri fór að bjóða upp á fjarnám í kennaranámi varð bylting hjá okkur þannig að kennarar gátu sótt menntun án þess að þurfa að flytja búferlum. Það breytti miklu fyrir okkur og menntunarstig kennaranna okkar,“ segir Arna Lára.

**sveinn@frettabladid.is**



**Mismunandi er eftir landshlutum hve hátt hlutfall faglærðra kennara vinnur í grunnskólum sveitarfélaganna.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Sökum landfræðilegrar stöðu Vestfjarða hefur ávallt verið erfitt að manna stöður hér.
>
> Anna Lára Jónsdóttir, formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar



### Hlutfall ófaglærðra kennara í grunnskólum landsins




LYFJA – Lífið heil

Lægra verð í Lyfju

15% afsláttur

Afslátturinn gildir af:
204 stk. pökkum
Öllum bragðtegundum
Öllum styrkleikum




Lyfjaauglýsing




**NÝTTU ÞÉR GLÆSILEG OPNUNARTILBOÐ PEUGEOT**

Nýr sýningarsalur Peugeot á Íslandi er að Bíldshöfða 8 í Reykjavík. Öll bílalína Peugeot er í boði hjá Brimborg með meiri búnaði en áður og á einstaklega hagstæðu verði. Peugeot bílar eru einnig í boði hjá Brimborg Akureyri, Tryggvabraut 5.

> Komdu í dag og nýttu þér glæsileg opnunartilboð.

**Lægra varahlutaverð og öflug verkstæðisþjónusta.** Brimborg hefur þegar hafið innflutning á varahlutum í Peugeot bíla og hefur náð að lækka varahlutaverð með hagstæðum innkaupum beint frá framleiðanda. Verkstæðisþjónusta og ábyrgðarviðgerðir fyrir alla Peugeot bíla, hvort sem þeir eru fluttir inn af Brimborg eða öðrum, er einnig í boði hjá Brimborg.

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík**
Bíldshöfða 8
Sími 515 7000

**Brimborg Akureyri**
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

**Nýir og notaðir bílar:**
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16



**Alls störfuðu 168 grunnskólar á landinu síðasta ár.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Fleiri nemendur í grunnskólum

**MENNTAMÁL** Nemendur í grunnskólum á Íslandi voru 43.760 haustið 2015. Nemendum fjölgaði um 624 frá fyrra ári eða um 1,4 prósent. Nemendur hafa ekki verið fleiri síðan haustið 2007. Þetta kemur fram á vef Hagstofu Íslands.

Alls störfuðu 168 grunnskólar á landinu skólaárið 2015 til 2016, sem er fjölgun um einn skóla frá fyrra ári. Grunnskólum hefur farið fækkandi undanfarin ár vegna sameiningar og hefur fækkað um 28 skóla frá árinu 1998.

Þá kemur fram að nemendum sem skráðir voru með erlent tungumál að móðurmáli hefur fjölgað. Haustið 2015 höfðu 3.543 grunnskólanemendur erlent tungumál að móðurmáli. Algengasta erlenda móðurmálið var pólska. **– ngy**

**43.760**

**nemendur voru í grunnskólum landsins í fyrra.**

# Monsúnrigningar á Indlandi



**Yfir hundrað manns hafa látist í flóðum í Suður-Asíu síðustu daga en þar ganga yfir miklar monsúnrigningar. Í héraðinu Assam á Norðaustur-Indlandi þar sem myndin er tekin hefur fjöldi manns látið lífið og hundrað þúsund manns flúið í neyðarbúðir.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Hugmynd að gjöf til Finnlands

Í tilefni af hundrað ára sjálfstæðisafmæli Finnlands á næsta ári íhuga Norðmenn að gefa Finnum fjall. Með því að færa landamærin um 40 metra yrði fjallið Halti hæsti tindur Finnlands.




# Vilja hnika landamærum og gefa Finnum nýtt fjall

**NOREGUR** Erna Solberg, forsætisráðherra Noregs, hefur tekið vel í hugmynd um að gefa Finnum fjall sem nefnist Halti. Til þess þyrfti að hnika til landamærunum um aðeins 40 metra.

Þar með yrði þetta fjall hæsti tindur Finnlands. Halti er 1.331 metri á hæð, en til þessa hefur hæsti tindur Finnlands mælst 1.325 metrar. Sá tindur er reyndar aðeins neðar í sama fjallinu, nákvæmlega á landamærum Noregs og Finnlands.

Gjöfin yrði gefin í tilefni af aldarafmæli sjálfstæðis Finnlands, sem verður á næsta ári. Þjóðhátíðardagur Finnlands er 6. desember og hugmyndin er sú að þann dag á næsta ári yrði fjallið formlega afhent Finnum, þannig að norsk stjórnvöld hafa enn drjúgan tíma til að taka ákvörðunina.

„Við erum að skoða málið,“ sagði Solberg forsætisráðherra í sjónvarpsviðtali nýverið. „Það þarf að útfæra þetta formlega og í bili er ég ekki búin að gera upp hug minn um það hvort ég muni styðja þetta.“

Upphafsmaður hugmyndarinnar er norski landmælingamaðurinn Björn Geirr Harsson, sem stakk upp á þessu strax árið 1972. Hann hefur lengi reynt að vinna þessu brautargengi og hefur meðal annars haldið úti Facebook-síðu sem fengið hefur góðar viðtökur. **– gb**

**19**

**metrum hærra en tindurinn Halti er nítjánda hæsta fjall Íslands, Þórisjökull, sem er 1.350 metra hár.**

# Velþóknun lækna sögð forsenda einkaspítala

**Stjórnarmaður í félagi um einkaspítala í Mosfellsbæ segir að læknirinn sem nefna á spítalann eftir hafi ekki ætlað að hefja starfsemi hér á landi hugnaðist íslenskum læknum ekki áformin. Búið sé að bjóða heilbrigðisráðherra til fundar.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Gunnar Ármannsson, stjórnarmaður í MCPB ehf. sem hyggst reisa einkarekið sjúkrahús í Mosfellsbæ, segir að að spænski læknirinn Pedro Brugada, sem sjúkrahúsið á að vera nefnt eftir, hafi talið það forsendu fyrir aðkomu sinni að verkefninu að ekki væri andstaða meðal hérlendra lækna við það.

Þrír yfirlæknar á hjartadeild Landspítalans lýstu yfir áhyggjum af áformunum í grein í Morgunblaðinu um síðustu helgi. „Að sjálfsögðu tökum við alvarlega þær gagnrýnisraddir sem koma frá Landspítalanum,“ segir Gunnar. Brugada hafi fundað með íslenskum læknum hér á landi í vor til að kanna hvernig þeim hugnaðist að hann hæfi starfsemi á Íslandi. „Hann ætlaði ekki að taka nein frekari skref í þá áttina ef honum fyndist sér ekki vera vel tekið. Hann taldi, eftir þessa fundi, að hann hefði átt góð samtöl við lækna og æðstu embættismenn og það væru forsendur fyrir hendi til þess að koma hingað til starfa,“ segir Gunnar. Brugada hefur sagt að hann stefni á að hefja starfsemi í Klíníkinni í Ármúla í október.

„Nú er það í hans höndum að vega það og meta hvað hann vill gera,“ segir Gunnar um Brugada. Hann hafi litið svo á að það væri fengur fyrir íslenska heilbrigðiskerfið að fá lækni með jafn mikla sérfræðiþekkingu og Brugada til landsins.

„Ég get ekki betur séð en að sumir hafi farið á taugum í síðustu viku þegar fréttir fóru að berast og tjáð sig um það án þess að afla sér upplýsinga frá forsvarsmönnum verkefnisins,“ segir Gunnar. Þá segir hann að fyrir liggi skilaboð í heilbrigðisráðuneytinu um að forsvarsmenn MCPB séu



**Fyrirhuguð lóð fyrir einkaspítalann er á landi Sólvalla í Mosfellsbæ, nærri Hafravatni og Reykjalundi.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **Ég get ekki betur séð en að sumir hafi farið á taugum í síðustu viku.**
>
> Gunnar Ármannsson, stjórnarmaður í MCPB



tilbúnir að hitta Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra til að upplýsa hann um verkefnið hvenær sem honum henti.

Gunnar efast um að það verði haldinn blaðamannafundur þegar Alþingi kemur saman líkt og Henri Middeldorp, stjórnarformaður MCPB, hélt fram í Fréttablaðinu í síðustu viku, þar sem átti að útskýra verkefnið frekar. „Okkar hugmynd var að vildum helst ekki vera að tjá okkur mikið í fjölmiðlum heldur ræða við hlutaðeigandi sem þurfa að koma að málinu beint og milliliðalaust.“

Gunnar segir að sýna þurfi fram á hverjir fjárfestar í verkefninu séu þegar sótt verði um ívilnanir til atvinnuvegaráðuneytisins. Aldrei hafi staðið til að halda því leyndu. „Við settum það sem skilyrði að það yrði sótt um þessar ívilnanir til þess að það lægi algjörlega fyrir hvaðan þessir fjármunir myndu koma.“ Gunnar segir að stefnt verði að því að leggja samsvarandi gögn fyrir Mosfellsbæ fyrir 1. desember 2017, en MCPB hefur til þess tíma til að sýna bæjaryfirvöldum fram á hvernig verkefnið verði fjármagnað og af hverjum.

**ingvar@frettabladid.is**

F&F

# ÚTSALA

# 70%

AFSLÁTTUR
AF ÚTSÖLUVÖRUM

Kringlan, Skeifan, Spöng, Garðabær, Smáralind
Borgarnes, Njarðvík, Selfoss og Akureyri.

## Sex tilkynntu kynferðisbrot

**SAMFÉLAG** Sex kynferðisbrot komu á borð neyðarmóttöku Landspítala um og eftir verslunarmannahelgina. Eitt af málunum kom upp í Vestmannaeyjum en hin fimm á höfuðborgarsvæðinu.

Þetta er önnur helgin í sumar sem svo mörg mál koma upp en ellefu mál komu á borð móttökunnar fyrstu tvær vikurnar í júlí.

Hrönn Stefánsdóttir, verkefnastýra neyðarmóttökunnar, sagði í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær að það kæmi á óvart að málin væru svo mörg í ljósi þeirrar háværu umræðu sem skapaðist í aðdraganda helgarinnar. **– ngy**

Tækjadagar í Múrbúðinni
Tilboðsbæklingur

MÚRBÚÐIN
Kletthálsi 7, Reykjavík
Opið virka daga kl. 8-18, lau. 10-16
Fuglavík 18, Reykjanesbæ
Opið virka daga kl. 8-18

# Áhyggjufullir Grikkir vilja plan B fyrir Tyrklandssamninginn

**Mikil óvissa ríkir nú um samninginn sem Evrópusambandið gerði við Tyrkland um afdrif flóttafólks. Varakanslari Þýskalands segir alls ekki mega láta undan þrýstingi frá Tyrklandi. Tyrki er tekið að lengja eftir því að Evrópusambandið aflétti kröfu um vegabréfsáritun fyrir Tyrki sem ferðast til landa sambandsins.**

**TYRKLAND** „Við höfum miklar áhyggjur,“ segir Jannis Mouzalas, innflytjendaráðherra grísku stjórnarinnar, í viðtali við þýska dagblaðið Bild. „Í öllu falli þurfum við plan B.“

Hann er þarna að tala um samninginn sem Evrópusambandið gerði fyrr á árinu við Tyrkland um flóttafólk. Mikil óvissa hefur frá upphafi ríkt um þennan samning, og sú óvissa hefur magnast verulega eftir að stjórnarbyltingartilraun fór út um þúfur í Tyrklandi í síðasta mánuði.

Samningurinn gengur út á það að Tyrkir taki aftur við flóttafólki frá Sýrlandi sem reynir að komast frá Tyrklandi til Grikklands og þaðan áfram til Evrópu. Í staðinn hét Evrópusambandið því að greiða Tyrkjum milljarða evra og sjá til þess að Tyrkir þurfi ekki vegabréfsáritun til að ferðast til ESB-landa.

Tyrki er nú tekið að lengja eftir því að ESB aflétti kröfunni um vegabréfsáritun. Mevlut Cavusoglu, utanríkisráðherra Tyrklands, krefst þess að það verði gert ekki síðar en í október. Að öðrum kosti verði ekkert frekar úr þessum samningi sem gerður var í mars.

Sigmar Gabriel, varakanslari Þýskalands og leiðtogi þýska Sósíaldemókrataflokksins, vísar slíkum þrýstingi frá Tyrkjum á bug: „Þýskaland eða Evrópa má alls ekki láta kúga sig.“

Mannréttindafulltrúi þýsku ríkisstjórnarinnar, Bärbel Kofler, segir varhugavert að treysta tyrkneskum stjórnvöldum þessa dagana: „Í ljósi þess hvernig mál eru að þróast í Tyrklandi núna þá verðum við hugsa hlutina upp á nýtt. Við verðum að endurmeta flóttamannasamning ESB og Tyrklands,“ er haft eftir henni í umfjöllun á fréttavef þýska vikuritsins Der Spiegel.

Frá því valdaránstilraunin var brotin á bak aftur fyrir rúmlega hálfum mánuði hafa tugir þúsunda manna verið handteknir eða reknir úr starfi í Tyrklandi, þar á meðal hermenn, lögreglumenn, dómarar, kennarar og blaðamenn.

Grísk stjórnvöld segja reyndar ekkert benda til þess að Tyrkir standi ekki við sinn hluta flóttamannasamkomulagsins. Kofler, fyrrnefndur mannréttindafulltrúi þýsku stjórnarinnar, segir hins vegar að mörgu sé ábótavant í framkvæmd samningsins af hálfu Tyrklands.

„Sem stendur er engu hægt að taka sem gefnu í Tyrklandi,“ segir hún. **gudsteinn@frettabladid.is**



**Flóttafólk flutt í lögreglufylgd aftur til Tyrklands frá Grikklandi.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**160** þúsund flóttamenn hafa komið til Grikklands frá Tyrklandi það sem af er árinu.

**383** hafa drukknað í hafinu milli Grikklands og Tyrklands það sem af er árinu.



Mercedes-Benz B-Class
Þægindi og öryggi í fyrirrúmi

Í Mercedes-Benz B-Class situr þú hærra en í flestum fólksbílum sem auðveldar aðgengi og bætir yfirsýn. Lágur mengunarstuðull tryggir lægri bifreiðagjöld og um leið frábært verð fyrir bifreið í þessum gæðaflokki og sparneytnin heldur rekstrarkostnaðinum í lágmarki. Þessi vinsæli bíll er framhjóladrifinn og er einnig fáanlegur með 4MATIC fjórhjóladrifi. Hann fæst sjálfskiptur eða beinskiptur og er í boði með bensín-, dísil- og metanvélum.

B 160 með 7 þrepa sjálfskiptingu
Verð frá 4.760.000 kr.
Eyðir frá 4,0 l/100 km í blönduðum akstri

Mercedes-Benz
The best or nothing.

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur „Mercedes-Benz Ísland“ á Facebook

# Sturtuveisla!




**Verðdæmi 80cm. 27.455**




**Verðdæmi 80x80 cm. 30.500**




**Verðdæmi 80x80 cm 29.600**




**Laus svunta**

**Sturtuklefar úr hertu öryggisgleri, rennihurðir með 16 hjólum. Heill hornlisti, sturtustangasett og vatnslás fylgja.**
**Rúnnaðir: stærðir 80 x 80 og 90 x 90 cm.**
**Kantaðir: stærðir 70 x 70, 80 x 80 og 90 x 90 cm.**




**Verðdæmi 80x80 cm. 35.100**




**Verðdæmi 80x80 cm. 30.500**




**Verðdæmi 70 cm. 24.880**

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga lokað í sumar
Ármúla 31 - Sími 588 7332

**i-t.is**

**INNRÉTTINGAR & TÆKI**
*- fyrir þitt heimili*



Valdimar Ingi Guðmundsson, forstöðumaður garðyrkjustöðvarinnar Sunnu, sýnir Guðna og Elizu tómata. Um átján tonn eru framleidd af tómötum þar ár hvert.



Pétur Sveinbjarnarson sýnir Elizu og Guðna listaverk eftir íbúa.



Reynir Pétur Steinunnarson heldur á íslenska fánanum á meðan tekið er á móti Guðna og Elizu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Guðni, Eliza og Pétur Sveinbjarnarson fá sér lambakjöt og grænmeti af grillinu.



Eva Guðbjartsdóttir gaf hjónunum ilmolíur, sápur og fleira framleitt á staðnum.

# Leið eins og rokkstjörnu á Sólheimum

**Forseti Íslands og eiginkona hans heimsóttu Sólheima í gær. Heimsóknin var hans fyrsta í embætti. Íbúar Sólheima tóku forsetanum fagnandi og voru hæstánægðir með að vera fyrstu gestgjafar hans. Forsetinn vill beina athyglinni að mikilvægum hlutum samfélagsins.**

**SAMFÉLAG** Guðni Th. Jóhannesson forseti og Eliza Reid forsetafrú heimsóttu Sólheima í gær. Kynntust þau þar hverfinu, íbúum þess og þeirri starfsemi sem þar fer fram. Heimsóknin var sú fyrsta hjá forsetahjónunum en Guðni tók við embætti á mánudag.

Fánar voru á lofti og íbúar höfðu stillt sér upp sitt hvorum megin við gangstéttina þegar forsetann bar að garði. Forsetahjónin heilsuðu öllum og héldu þaðan í Sesseljuhús þar sem Pétur Sveinbjarnarson, stjórnarformaður Sólheima, flutti fyrirlestur um samfélagið sjálfbæra. Þá skoðuðu forsetahjónin einnig listaverk, gróðurhús og margt fleira. Þegar fjöldi manns vildi taka myndir af sér með Guðna sagði hann að sér liði eins og rokkstjörnu.

Reynir Pétur Steinunnarson, íbúi og starfsmaður garðyrkjustöðvarinnar Sunnu, segir að sér lítist einkar vel á Guðna og Elizu. „Þetta er mikill heiður. Þetta er fyrsta opinbera heimsóknin,“ segir Reynir Pétur.

Þeir Pétur og Guðmundur Ármann Pétursson, framkvæmdastjóri Sólheima, segjast einkar ánægðir með að Sólheimar séu fyrsti staðurinn sem forsetinn heimsækir. „Þetta gefur birtu inn í hjartað,“ segir Guðmundur og bætir því við að heimsóknin sé mikill heiður.

Guðni segir sjálfur að heimsóknin hafi verið skipulögð stuttu eftir að hann náði kjöri. „Mig langaði til þess að fara hingað. Ég vildi vekja athygli á því góða starfi sem er unnið hérna og ég vissi að hvert sem maður fer í þessu embætti, þá vekur það athygli,“ segir Guðni. Hann segir margt mega læra af samfélaginu á Sólheimum.

„Samhjálp og sjálfbærni. Þetta eru stundum innantómir frasar en hér sjáum við hvað hægt er að gera í verki,“ segir Guðni. Hann segist vilja leggja sitt af mörkum í baráttunni fyrir umhverfisvernd en hann breyti engu einn síns liðs. Sjálfbærni segist hann vilja auka í okkar samfélagi og samhjálpina einnig.

„Hér eru eru íbúar sem þurfa á smá aðstoð að halda til þess að líða vel og til þess að ná að sýna hvað í þeim býr og hér er fólk sem er boðið og búið til að aðstoða við það. Hér sjáum við í verki hvað hægt er að gera þegar við stöndum saman.“

Guðni segir fleiri heimsóknir á hina ýmsu staði, sem og móttökur gesta, á döfinni. „Svo kemur pólitíkin líka og setur svip sinn á atburðarásina frá degi til dags,“ segir hann.

Aðspurður hvort kosið verði í haust segir Guðni: „Kosið í haust, miðað við það sem allir hafa sagt frá því í vor, eða nánast allir.“

**thorgnyr@frettabladid.is**



# EKKI BARA GÆÐI

## ÖRYGGISSKÓR MEÐ PLASTTÁ



**19.900** m/vsk
Fullt verð 25.490

### VINNU-BUXUR



Rassvasi með tölu-
Hliðarvasar-
Penna og símavasi-
Litir: Grár, Svartur & Blár-

**6.500** m/vsk
Fullt verð 9.781

### KULDA-JAKKI



Vatns & vindheldur-
Árennd hetta-
Teygja í mitti-

**16.310** m/vsk
Fullt verð 22.593

### HÚFA BEANIE



95% bómull-
5% Elastan-
Litur: Svartur-

**1.990** m/vsk
Fullt verð 3.942

### HEYRNARHLÍFAR



Í samræmi við EN352-1

**2.200** m/vsk
Fullt verð 2.995

### VINNUVETTLINGAR



**490** m/vsk
Fullt verð 682

### ÖNDUNAR-GRÍMA



**3.990** m/vsk
Fullt verð 5.871

### REGNSETT



Jakki og mittisbuxur.
Litir: Neongulur og appelsínu-gulur.

**11.852** m/vsk
Fullt verð 14.816

### HEYRNARHLÍFAR MEÐ ÚTVARPI



Leitar sjálfkrafa af útvarpstöðvum

**12.431** m/vsk
Verð frá 12.431

## KVARTBUXUR



**11.900** m/vsk
Fullt verð 15.900




www.sindri.is | sími 567 6000
Smiðjuvegi 1 grá gata, Kópavogi

SINDRI VINNUFÖT

# Ástand heimsins













FRÉTTABLAÐIÐ/EPA




**1.** Borgarstarfsmaður í Durban í Suður-Afríku tók nokkur dansspor meðan fólk beið eftir að komast inn í kjörklefa til að greiða atkvæði í borgar- og sveitarstjórnarkosningum þar í gær. NORDICPHOTOS/AFP

**2.** Hópur talibana gaf sig fram í Herat-héraði í Afganistan í gær, afhenti vopn sín og hlaut í staðinn sakaruppgjöf.

**3.** Nupela heitir þessi ástralska trjákengúra sem haldið er í dýragarði í Singapúr ásamt félaga sínum, Makaia. Tegundin er í útrýmingarhættu.

**4.** Í Assam-ríki á Indlandi er þarna verið að dreifa lyfjum til fólks á flóðasvæðunum í Marigaon-héraði, þar sem um 12 manns hafa látið lífið. Alls hafa 1,6 milljónir manna í Assam hrakist að heiman eða orðið fyrir tjóni af völdum flóðanna.

**5.** Að venju beið mikill fjöldi fólks eftir Frans páfa þegar hann veitti sína vikulegu áheyrn í Páfagarði í gær. Margir reyndu að taka myndir og vonuðust eftir snertingu.

BÍLMAGNARAR FERÐATÆKI MAGNARAR BÍLTÆKI
HÁTALARAR SJÓNVÖRP ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR MP3 SPILARAR ÚTVÖRP
DVD SPILARAR
BÍLHÁTALARAR
HEYRNARTÓL
MYNDAVÉLAR
HLJÓMBORÐ
REIKNIVÉLAR

# RISA ÚTSALA

MEIRA EN 2000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

## ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

UPPÞVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR ÍSSKÁPAR HÁFAR
HELLUBORÐ OFNAR FRYSTIKISTUR SAMLOKUGRILL
HRÆRIVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR ÞVOTTAVÉLAR
KAFFIVÉLAR BLANDARAR ÞURRKARAR
VÖFFLUJÁRN STRAUJÁRN
RYKSUGUR

**NOKKUR VERÐDÆMI**

**Útlitsgallaðar vörur og síðustu eintök með miklum afslætti**
Philips, Panasonic og LG sjónvörp með allt að 300.000kr afslætti
**Tvöfaldir LG kæliskápar með allt að 150.000kr afslætti**
Philips bluetooth hátalarar með allt að 60% afslætti
**Whirlpool uppþvottavélar frá 54.995**
LG 65"Ultra HD 4K sjónvörp frá 199.995
**Ofnar, háfar og helluborð á allt að 60% afslætti**
Vestfrost þvottavélar frá 39.995
**Kæliskápar í miklu úrvali á frábærum verðum**
Kaffivélar, brauðristar og önnur smátæki á miklum afslætti
**Philips heyrnartól með allt að 75% afslætti**
Pottar, pönnur og búsáhöld með allt að 75% afslætti

**TAKMARKAÐ MAGN**

*Fyrstur kemur – fyrstur fær!*

*Sjá allt úrvalið á ht.is*

**OPIÐ!**

OPIÐ VIRKA DAGA 10-18,
LAUGARDAGA 11-16 OG
SUNNUDAGINN 7. ÁGÚST 13-17.

**Heimilistæki**
www.ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS LG Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic
wilfa Melissa Ariete elna VESTFROST exido MEDISANA Whirlpool DeLonghi DAEWOO




# HÚRRA! HÚRRA! HÚRRA!

Geiri Smart Restaurant hefur opnað dyrnar upp á gátt. Við erum búin að pússa skóna, kæla fordrykkinn, smakka til sósurnar og stilla saman strengina. Og nú er ekki annað að gera en gleðjast hjartanlega yfir mannlífinu í öllum sínum fjölbreytileika.

Um helgar bætum við blómi í hnappagatið og bjóðum upp á **Weekend lunch** – spennandi nýjung fyrir matgæðinga.

**Verið ævinlega velkomin á Geira Smart.**

**Opnunartími:** 18–22 alla daga vikunnar
**Weekend lunch:** 12–14 föstudag til sunnudags




**geirismart.is**
Hverfisgata 30 | +354 528 7050 | geiri@geirismart.is

# VIÐSKIPTI

## Fræjum sáð á Indlandi



Indverskir verkamenn sá í hrísgrjónaakra í þorpinu Ranbir Singh Pura, nærri Gharana á landamærum Indlands og Pakistans. Ein aðallandbúnaðargreinin á Indlandi er hrísgrjónarækt og er landið næststærsti hrísgrjónaræktandinn í heiminum, á eftir Kína. Talið er að um 20 prósent af allri hrísgrjónauppskeru í heiminum komi frá Indlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Gengi bitcoin hrynur

Gengi bitcoin hefur fallið um meira en 10 prósent eftir að Bitfinex greindi frá því að meiriháttar árás hefði verið gerð á rafmyntina.

Talið er að mynt að andvirði 65 milljóna dala hafi verið stolið í innbrotinu.

Forsvarsmenn Bitfinex staðfestu brotið í bloggfærslu í gær. „Við erum að rannsaka brotið og reyna að finna út hvað gerðist, en við vitum að mynt var stolið af notendum," sagði í færslunni.

Öll viðskipti með rafmyntina hafa verið bönnuð á meðan verið er að rannsaka innbrotið. Á vefsíðu Bitfinex kemur fram að fultrúar kauphallarinnar hafi miklar áhyggjur af innbrotinu og reyni allt til að leysa málið. – jhh



Í Bitcoin-hraðbanka má skipta Bitcoin út fyrir aðra mynt. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA




# Virði stærstu banka lækkað um helming

**Gengi hlutabréfa í nokkrum af stærstu bönkun Evrópu hefur lækkað um allt að 85 prósent á síðastliðnu ári. Margir bankar komu illa út úr álagsprófi Samtaka evrópskra banka. Sérfræðingar á markaði segja bankana illa fjármagnaða.**

Ágústmánuður byrjaði illa fyrir evrópska banka. Gengi hlutabréfa í mörgum af stærstu bönkum Evrópu hríðféll í byrjun mánaðarins vegna ótta fjárfesta við áhrif neikvæðra stýrivaxta, sem og langvarandi kreppu í bankageiranum á Ítalíu. Í kjölfar niðurstöðu úr álagsprófi Samtaka evrópskra banka, sem margir bankar komu illa út úr, lækkaði gengi hlutabréfa allverulega.

Evrópskir bankar hafa í raun átt erfitt uppdráttar allt árið. Markaðsvirði fjölda stærstu banka Evrópu hefur fallið um helming á einu ári, og útlit er fyrir áframhaldandi lækkanir samkvæmt spám greiningaraðila.

Gengi hlutabréfa í Deutsche Bank, Barclays, Credit Suisse, og Allied Irish Banks hefur lækkað um helming og gengi bréfa í ítalska bankanum Monte dei Paschi di Siena hefur lækkað um 85 prósent. Evrópska bankavísitalan STOXX hefur lækkað um rúmlega þrjátíu prósent það sem af er ári.

Í byrjun viku var greint frá því að Deutsche Bank og Credit Suisse verði á næsta mánudag teknir út úr STOXX Europe 50 vísitölunni vegna bágrar stöðu þeirra.

Niðurstöður álagsprófsins sem birt var eftir lokun markaða á föstudag sýndi að margir bankar myndu ekki standast álag kreppu. Ítalskir bankar komu sérstaklega illa út úr prófinu.

Fjárfestar brugðust illa við fréttunum og féll bankavísitalan STOXX um 2,8 prósent á mánudag og 4,9 prósent á þriðjudag, en vísitalan hefur ekki fallið jafn mikið á einum degi frá því að niðurstöður Brexit-atkvæðagreiðslunnar í Bretlandi voru gerðar kunnar.

Diane Pierret, fjármálaprófessor við viðskiptaháskólann í Lausanne, segir í samtali við CNN að bankarnir séu illa fjármagnaðir. „Þeir eru enn með slæmar eignir á efnahagsreikningi sínum, til að mynda slæm lán, og hættan á smitáhrifum milli banka er mjög mikil."

Pierret og kollegar hennar áætla að 29 af 51 banka sem tók álagsprófið myndu falla á amerísku álagsprófi. Þau áætla að bankarnir þyrftu að safna 123 milljörðum evra í eignum til að lagfæra fjármál sín.

The Financial Times greinir frá því að fjárfestar hafi misst trúna á að evrópskir bankar geti aukið hagnað sinn í ljósi neikvæðra stýrivaxta og annarra erfiðleika í evrópska hagkerfinu.

„Þegar vextir eru svona lágir [...] er mjög erfitt fyrir banka að ná nægum hagnaði til að byggja upp eignir og skila hluthöfum arðsemi," segir Hani Redha, eignastafnsstjóri hjá PineBridge Investments, í samtali við The Financial Times.

saeunn@frettabladid.is



Fjármálaráðherra hefur ástæðu til að gleðjast yfir auknum tekjum ríkissjóðs.

## Tekjur ríkisins jukust um fjórðung á fyrri helmingi

Innheimtar tekjur ríkisins á fyrri helmingi ársins voru tæplega 401 milljarður króna. Það er 25% aukning frá sama tímabili í fyrra.

Umfangsmiklir óreglulegir liðir, stöðugleikaframlag og arðgreiðslur, bjaga samanburð milli ára en samanlagt námu þessir tveir liðir 84 milljörðum það sem af er ári. Ef leiðrétt er fyrir þeim námu innheimtar tekjur ríkissjóðs 317 milljörðum króna. Þetta er rúmlega 9% aukning milli ára sem endurspeglar almennar launahækkanir og aukin umsvif í efnahagslífinu.

Skatttekjur og tryggingagjöld námu 301 milljarði króna á fyrri helmingi árs og voru 4,7% umfram áætlun. Í upplýsingum um greiðsluafkomu ríkissjóðs, sem birt var á vef fjármála- og efnahagsráðuneytisins í gær, segir að ljóst sé að þróun á vinnumarkaði hafi mikil áhrif þar sem jákvæða frávikið liggi að mestu í tekjuskatti einstaklinga, tryggingagjaldi og virðisaukaskatti sem hafi aukist, meðal annars vegna aukins kaupmáttar. – jhh

**4,7%**

**meira innheimtist í skatttekjur og tryggingagjöld en áætlað hafði verið.**



the PIER
GLÆSILEGT ÚRVAL
Á PIER.IS
ÚTSÖLULOK – ÚTSÖLULOK – ÚTSÖLULOK – ÚTSÖLULOK – ÚTSÖLULOK
ÚTSÖLULOK
4.–7. ÁGÚST
ÚTSÖLULOK – ÚTSÖLULOK – ÚTSÖLULOK – ÚTSÖLULOK – ÚTSÖLULOK
20–70%
AFSLÁTTUR*
*GILDIR EKKI AF NÝJUM VÖRUM
Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

# Orustan um Alsír

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

> Orustunni um Alsír lauk með sigri Frakka, en stríðinu lyktaði með sigri heimamanna. Við tók herstjórn Alsírbúa sjálfra 1962.

Marokkó þykir mörgum vera eitt merkilegasta landið í Afríku, 100 sinnum fjölmennara land en Ísland, sjö sinnum stærra að flatarmáli og tekur á móti 10 milljónum ferðamanna á ári víðs vegar að. Nokkru austar á norðurströnd álfunnar miklu er Túnis, miklu minna land og mannfærra og tekur á móti sex milljónum ferðamanna á ári. Túnis er eina landið þar sem arabíska vorið 2011 fékk að verða að sumri. Höfundum nýrrar stjórnarskrár í Túnis voru veitt friðarverðlaun Nóbels 2015.

Milli þessara tveggja landa, Marokkó og Túnis, liggur stærsta land álfunnar, Alsír, meira flæmi en Kongó. Þangað koma fáir ferðamenn. Austan við Alsír og Túnis liggur Líbía, risavaxið eyðimerkurland líkt og Marokkó og Alsír en miklu fámennara. Líbía er kennslubókardæmi um land sem varð olíuauði sínum að bráð. Hæstráðandi í Líbíu frá 1969 þar til hann var drepinn í beinni útsendingu 2011 var Muammar Gaddafi, sturlaður harðstjóri. Ætla má að honum hefði verið steypt af stóli miklu fyrr hefði hann ekki getað gengið um olíulindir landsins eins og sína einkaeign og keypt menn til fylgilags við sig. Þegar bundinn var endi á ógnarstjórn hans 2011 stóð ekki steinn yfir steini: landið var bókstaflega rjúkandi rúst. Sameinuðu þjóðirnar reyna nú að miðla málum milli stríðandi fylkinga.

### Við frelsuðum landið, ekki fólkið

Marokkó og Túnis eiga engar olíulindir og mega kannski þakka fyrir það, en öðru máli gegnir um Alsír. Alsír var á allra vörum í frelsisstríði landsmanna gegn Frökkum 1954-1962, styrjöld sem kostaði eina milljón alsírskra mannslífa. Stríðinu er lýst í einni frægustu kvikmynd allra tíma, Orustan um Alsír frá 1966. Svo trúverðug þykir myndin á tjaldinu að margir halda að hún hljóti að vera fréttamynd frekar en leikin kvikmynd, en leikstjórinn, Ítali, sór það af sér.

Orustunni um Alsír lauk með sigri Frakka, en stríðinu lyktaði með sigri heimamanna. Við tók herstjórn Alsírbúa sjálfra 1962. Öryggislögreglan hefur æ síðan ásamt hernum og forsetanum haft öll ráð í hendi sér. Mikilvægar ákvarðanir eru teknar fyrir luktum dyrum. Þingið er sýndarþing.

Margir heimamenn segja nú rösklega hálfri öld eftir sjálfstæðistökuna 1962: „Við frelsuðum landið, ekki fólkið.“ Sem minnir á Arnald þegar hann segir við Sölku Völku: „Það voru bara höfð þjóðernaskipti á ræningjunum.“

### Lýðræði á langt í land

Venjulegt fólk í Alsír er að vonum óánægt með stjórnarfarið og spillinguna. Þegar íslamistum óx svo fiskur um hrygg að þeir virtust stefna á sigur í þingkosningum 1991 aflýsti ríkisstjórnin kosningunum. Upp hófst þá grimmileg borgarastyrjöld sem stóð í meira en áratug og kostaði 150 til 200 þúsund mannslíf auk ótalinna annarra fórnarlamba. Margir flúðu land. Stríðinu lauk með sigri stjórnarinnar en ókyrrð kraumar enn undir yfirborðinu. Flestir þekkja einhvern sem hvarf eða sætti pyndingum. Abdelaziz Bouteflika hefur verið forseti frá 1999, en hann er aldurhniginn og heilsuveill, safnar heilablóðföllum og sést nú orðið sárasjaldan meðal fólks. Olía er að heita má eina útflutningsafurðin og aðaltekjulind ríkisins. Alsírbúar kunna m.ö.o. ekki að framleiða neitt sem aðrar þjóðir kæra sig um að kaupa annað en olíu. Tíð mótmæli á götum úti, stundum dag eftir dag, bera lítinn árangur. Lögreglan er fjölmenn. Stjórnarandstaðan er sundruð.

### Tómur sjóður

Nú þegar olíuverð hefur lækkað um meira en helming á heimsmarkaði kemur babb í bátinn. Skuldir ríkisins hrannast upp. Olíusjóðurinn er tómur. Ríkisstjórnin reynir að kaupa sér frið með ýmsum umbótatilburðum, en fólkið í landinu lætur sér fátt um finnast. Forsetinn óskaði þingmönnum til hamingju með staðfestingu nýrrar stjórnarskrár 2011 áður en þeir greiddu atkvæði um hana. Enginn veit hvað við tekur þegar forsetinn fellur frá.

# Bandaríkjamenn, gangið í bæinn



Gunnar Hólmsteinn Ársælsson
MA í stjórnmálafræði

Allt frá því að Bretar stigu hér (blessunarlega) á land þann 10. maí árið 1940, mitt í brennandi heimsstyrjöld, hefur Ísland verið undir verndarvæng vestrænna ríkja hernaðarlega séð. Frá því að bandaríski herinn fór árið 2006 hefur landið verið herlaust.

Ísland gerðist aðili að NATO þegar það var stofnað árið 1949 og skipaði sér þar með í flokk vestrænna lýðræðisríkja, sem stóðu gegn hernaðarbandalagi alræðisríkja, Varsjárbandalaginu, sem leystist upp í kjölfar hruns Sovétríkjanna árið 1991.

### Kanar pakka saman

Árið 2006 var það mat bandarískra ráðamanna að ekki væri lengur þörf fyrir her á Keflavíkurflugvelli og því var hringt til Íslands og sagt að menn væru að pakka saman.

Síðan þá hefur ýmislegt gerst sem hefur breytt þessari heimsmynd og þeirri mynd að kalda stríðið sé raunverulega búið. Það hefur nefnilega verið að hitna allverulega í kolunum aftur; Úkraína, Sýrland, Írak, ISIS, Tyrkland og allt það. Það eru víða opnir eldar sem brenna af miklum krafti.

Vegna aukinna umsvifa Rússa í kringum Ísland, hefur staðan hér einnig breyst. Það er án efa ástæða þess að Lilja Alfreðsdóttir, hinn nýi utanríkisráðherra (kom inn í kjölfar Wintris-hneykslisins), ákvað að endurnýja samkomulag við Bandaríkin á sviði öryggis- og varnamála.

### Hvar var umræðan?

En þessi endurnýjun hefur fengið afar litla umfjöllun og lýðræðisleg, opinber umræða um hana var engin. Mér vitanlega kom Alþingi nánast ekkert að þessu og segja má því að lýðræðið hafi gersamlega verið sniðgengið í sambandi við þennan samning. Það er í raun mjög alvarlegt.

Samningurinn er hinsvegar í raun nýr kafli í sögu öryggis og varnarmála á Íslandi. Hann opnar fyrir og gefur Bandaríkjamönnum nánast fríar hendur á að nota aðstöðuna í Keflavík „eftir þörfum“ en það eru Íslendingar sem borga reksturinn á aðstöðunni með skattpeningum sínum. Í samningnum segir orðrétt: „Utanríkisráðuneyti Íslands áréttar, sem framlag til sameiginlegra varna Atlantshafsbandalagsins, skuldbindingu sína um að rekstur varnaraðstöðu og -búnaðar, meðal annars rekstur íslenska loftvarnarkerfisins (IADS), um að veita gistiríkisstuðning vegna annarra aðgerðaþarfa, eins og loftrýmisgæsluverkefna Atlantshafsbandalagsins frá flugbækistöðinni í Keflavík, aukinnar tímabundinnar viðveru á vettvangi eftir þörfum, meðal annars en ekki einvörðungu vegna viðveru kafbátarleitarvéla, og vegna sameiginlegra ǽtlanagerða og varnaræfinga fyrir bandalagið.“

### Engar hömlur

Síðar, í grein 2 í samningnum (sem er á vef ráðuneytisins) eru þarfir Bandaríkjanna enn ræddar: „Utanríkisráðuneyti Íslands heimilar að varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna og Atlantshafsbandalagið nýti sér aðstöðu eftir þörfum og í samræmi við varnarsamninginn frá 1951...“ (leturbreyting GHÁ).

Samkvæmt þessu verður ekki betur séð en að það sé algerlega í höndum Bandaríkjamanna, hvað þeir geri á Keflavíkurvelli, hvenær og hvernig. Í samningnum eru ekki nein ákvæði sem leggja einhverjar hömlur á aðgerðir Bandaríkjamanna.

Þá er mér ekki kunnugt um að samráð haft verið haft við sjálfstæðismenn (hinn stjórnarflokkinn) í málinu. Voru þar innanborðs einhver sjónarmið sem tekin voru með eða tekið tillit til? Sjálfir monta sjálfstæðismenn sig af því að hafa verið í fararbroddi í stefnumótun á sviði utanríkismála hér á landi. En að þessu sinni virðast þeir hafa verið sniðgengnir.

### Utanríkismálanefnd sniðgengin

Þetta er að mínu mati mjög alvarlegt mál. Að ráðherra einn geti gert samning sem þennan, án þess að Alþingi og aðrar viðeigandi stofnanir komi þar að og án þess að lýðræðisleg umræða fari fram í landinu. Segja má að þetta sé ef til vill það sem flokka mætti sem aðför að fullveldi Íslands, því með þessum samningi eru allar dyr opnaðar upp á gátt til handa Bandaríkjamönnum. Hvað með þarfir okkar Íslendinga í þessu samhengi? Hverjar eru þær og hvaða máli skipta þær? Voru þær skilgreindar? Eru það bara þarfir Bandaríkjamanna sem skipta máli? Þó tekið sé mið af varnarsamningnum frá 1951 og vísað í hann, hefði verið eðlilegt að ræða málið á lýðræðislegan hátt. Heimurinn er t.d. allt annar nú en hann var árið 1951 og áskoranir dagsins í dag allt aðrar en þá.

Sé heimasíða utanríkismálanefndar Alþingis skoðuð, er ekki minnst á þetta mál einu orði. Hvorki sem afgreitt mál, né í fundargerðum. Það finnst ekki þar. Hún hefur því samkvæmt þessu algerlega verið sniðgengin í málinu. Það hlýtur að vera grafalvarlegt.



# KRÓNAN




X.RAY orkudrykkur 250ml

**59** kr. stk.

Pizza Bolognese 3 í pakka, frystivara

**589** kr. pk.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl


KRÓNAN
-20%
vínber
Ferskt alla daga
-30%
vatnsmelóna
399 kr. pk.
Verð áður 499 kr. pk.
Rauð vínber í öskju 500g, Spánn
131 kr. kg
Verð áður 187 kr. kg
Vatnsmelóna, Spánn
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
TILBOÐIN GILDA TIL 7. ÁGÚST - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS

# KRÓNAN



ENGIN AUKEFNI
100%
UNGNAUTAHAKK




#Grillsnilld KRÓNAN

**1299 kr. pk.**

ÍSLENSKA HAMBORGARAFABRIKKAN

100% hágæða ungnautahamborgari, Brioche hamborgarabrauð, Fabrikkusósa og salt + pipar, 2 stk. í pakka

## 100% hamborgarabúðin þín

90g - 449 kr. pk.
120g - 569 kr. pk.
175g - 849 kr. pk.

★★★

**Steikarborgari 120g**
20% fita - góður á grillið
569 kr. pk.

★★★

alltaf 2 stk. í pakka




**399 kr. stk.**

Fabrikkusósan og Barbíkjúsósa Fabrikkunnar 300ml




**99 kr. stk.** 1L

Verð áður ~~199~~ kr. stk.
Egils Kristall sítrónu 1L

**-50%**

**99 kr. stk.** 1L

Verð áður ~~215~~ kr. stk.
Egils appelsín 1L



**599 kr. pk.**

Fylltir sveppir, 320g



**899 kr. pk.**

Grillborgarar með brauði 4 stk.
Gott verð!



**499 kr. pk.**

Rösti kartöflur 6 stk.



#Grillsnilld KRÓNAN

**649 kr. pk.**

Grillbakki maískólfar 4 stk.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl


KRÓNAN
-34%
Lúxus úrbeinaðar grísakótilettur
1499 kr. kg
Verð áður 2280 kr. kg
Hvítlauks marinering
New York marinering
Ítölsk marinering
Marinerað af kjötmeistara Krónunnar
New York marinering
3699 kr. kg
4666 kr. kg
Íslenskt lambafile
Hvítlaukur og rósmarín
Kolagrill marinering
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
TILBOÐIN GILDA TIL 7. ÁGÚST - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS

# Áfengis- og vímuefnaneysla er ekki sjúkdómur



Arnþór Jónsson
formaður SÁÁ

Mikil gróska hefur verið í umræðu um fíkn, bæði hér heima og erlendis, og ástæða er til að fagna því. Málefnið er brýnt. Landlæknir Bandaríkjanna, dr. Vivek Murthy, flutti ávarp þann 19. apríl síðastliðinn á sérstakri hringborðsráðstefnu í tengslum við fund Allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna í New York um vímuefnavandann.

Þar hvatti hann aðildarríkin til þess að viðurkenna vímuefnamisnotkun sem langvinnan sjúkdóm og lagði áherslu á að auka, í samræmi við það, viðbrögð hvað varðar lýðheilsu og heilbrigðisþjónustu. Einnig ræddi hann mikilvægi þess að úrræði við fíkn á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu stæðu öllum til boða, að meðferðin styddi þá til endurreisnar sem eru á batavegi – án mismununar og án þess að þurfa að sæta ámæli eða fordómum.

Áfengisneysla og önnur vímuefnaneysla er ekki sjúkdómur. Áfengis- og vímuefnaneysla er ekki heldur birtingarmynd eða afleiðing af undirliggjandi sjúkdómi. Hjá okkur Íslendingum, og í þeim samfélögum sem við berum okkur gjarnan saman við, er áfengis- og vímuefnaneysla þvert á móti sjálfsögð og eðlileg, þ.e.a.s. hófleg neysla telst hluti af eðlilegu lífi fullorðinna og heilsuhraustra manna og kvenna.

Áfengi hefur lengi verið löglegt vímuefni og fornleifar og ritaðar heimildir benda til þess að vín hafi verið framleitt í að minnsta kosti 8.000 ár. Vín er nefnt í Hómerskviðum og í Hávamálum og Íslendingasögum má lesa um drykkju og ofdrykkju mjaðar. Í dag er áfengi beinlínis markaðssett til að nota við skemmtanir og alls konar önnur tækifæri. Það sama gildir um ólögleg vímuefni þó markaðssetning þeirra hafi verið með öðrum formerkjum.

**Áfengissýki**

Langflestir hér á okkar góða landi nota áfengi eða önnur vímuefni einhvern tíma á sinni ævi en hluti hópsins missir þó stjórn á neyslunni. Áfengissýki hefur verið fylgifiskur áfengisneyslunnar alla tíð. Áfengisvandi er talinn hafa verið ein af meginástæðum fyrir hnignum Rómaveldis og áfengisbann Múhameðs í Kóraninum var sett vegna hræðilegs áfengisvandamáls sem herjaði á araba á þeim tíma. Sá hluti hópsins sem missir stjórn á vímuefnaneyslu sinni verður veikur – fær fíknsjúkdóm sem er langvinnur heilasjúkdómur og orsakast af erfða- og umhverfisþáttum. Líffræðilegir þættir og uppeldislegir þættir, aðrir sjúkdómar, heilaskaði og aldur og kyn hafa einnig áhrif. Sjúkdómurinn herjar á venjulegt fólk, þverskurð samfélagsins og er algengur miðað við aðra sjúkdóma.

Í umræðu um fíkn er mikilvægt að fólk geri sér grein fyrir því að hjá SÁÁ er til meðferð við áfengis- og vímuefnafíkn sem virkar vel. Allt of margir bíða of lengi með að leita sér hjálpar, sérstaklega konur. Meðferð SÁÁ er byggð á traustri þekkingu á sviði heilbrigðisvísinda og allur aðbúnaður er til fyrirmyndar. Meðferðin hefur auk þess verið afglæpavædd í 39 ár – allir sem þurfa fá heilbrigðisþjónustu, og skiptir þá engu hvort þeir neyta ólöglegra eða löglegra vímuefna. Enginn lendir í félagslegum vanda vegna meðferðarinnar eða sætir ámæli og fordómum. Þannig höfum við Íslendingar haft það í bráðum 40 ár – eins og Landlæknir Bandaríkjanna er að óska eftir núna.

Látið ekki eigin fordóma eða úrtöluraddir telja úr ykkur kjarkinn. Ef þú eða einhver sem þér þykir vænt um þarf aðstoð vegna áfengis- eða vímuefnavanda hafðu þá samband. Kíktu líka á vefinn okkar. SÁÁ tekur ævinlega vel á móti sínu fólki.

> **Sá hluti hópsins sem missir stjórn á vímuefnaneyslu sinni verður veikur – fær fíknsjúkdóm sem er langvinnur heilasjúkdómur og orsakast af erfða- og umhverfisþáttum.**

# Hver er hugmyndafræði embættismanna?



Heiðar Guðjónsson
hagfræðingur

Það er öld liðin frá því hagfræðingar og stjórnmálamenn háðu rifrildið um hvort reyndist hagkerfum betur, miðstýring eða valddreifing. Með hruni Sovétríkjanna og fylgisríkja þeirra fyrir rúmum aldarfjórðungi síðan virtist að málið væri útrætt. Á því gera menn þó eina undantekningu og það í þeim málaflokki sem einna mest óánægja virðist vera með, peningamálum.

Peningamálastjórn á Íslandi hefur ekki verið miðstýrðari um áratugaskeið. Gjaldeyrishöftin, sem sífellt er verið að tala um að afnema, hafa aldrei verið harðari. Upphaflega voru þau sett á vegna greiðslujafnaðarvanda ríkisins í kjölfar hrunsins, tæpum átta árum síðar þegar sá vandi er horfinn erum við með höft á útflæði og innflæði auk þess sem Seðlabankinn beitir handahófskenndum tækjum til að viðhalda vaxtamun við útlönd þó engir séu fjármagnsflutningarnir.

Íslensk heimili skulda um 3.500 milljarða og ekki er óvarlegt að álykta að höftin hækki vaxtastig í landinu um að a.m.k. 1 prósentustig og að kostnaður heimilanna af „þjóðhagsvarúðartækjum“ bankans sé mun meiri en af landbúnaðarkerfinu. Það er því fremur til marks um kaldlyndi en kaldhæðni þegar seðlabankastjóri segir höftin „svínvirka“.

Vandinn er sá að sjálfbærni núverandi kerfis er engin. Það stendur og fellur með ytri aðstæðum enda er kerfið komið í öngstræti og ekki þarf nema að verðhjöðnun erlendis linni, og verðbólga aukist, til að allt miðstýringarkerfið hér á landi bresti. Eina ástæða þess að verðbólga á Íslandi mælist í kringum markmið Seðlabankans eru ytri aðstæður. Þegar þær breytast kemur í ljós að Seðlabankinn ræður ekkert við eigin peningastefnu.

**Atvinnuskööpun og peningastefna**

SALEK-samkomulagið og peningastefna Seðlabankans eru hornsteinar í þessu gallaða kerfi. Ef Íslendingar byggju við sama frelsi í peningamálum og ríkir alls staðar hjá þróuðum ríkjum þá væri vandinn ekki til staðar. Ástæðan er einföld: Þá væri hver fyrir sig ábyrgur í eigin peningamálum, hvert fyrirtæki og hver launamaður, en ríkið væri ekki að taka völdin til sín.

Stjórnlyndir aðilar segja að fólki sé ekki treystandi og ef íslenska krónan yrði ekki neydd upp á alla þá tæki við mikið atvinnuleysi. Það er fásinna enda minnkar miðstýring sveigjanleika en eykur hann ekki. Eins segja stjórnlyndir að Samtök atvinnulífsins og launþegahreyfingin þurfi að semja fyrir hönd alls launafólks, frekar en að hvert fyrirtæki geri það fyrir sig. Það sér það hver maður að aðstæður eru mjög mismunandi á milli fyrirtækja og á milli atvinnugreina. Það er ekkert vit í því að sömu samningar gangi yfir alla. Sumir geta greitt mun meira en aðrir minna. Hagkerfið mun svo sjá til þess að starfsfólk færist til þeirra starfa þar sem verðmætasköpunin er sem mest, enda bjóða þau störf bestu kjörin.

Ef Íslendingar byggju við það sjálfsagða frelsi að mega velja þá mynt sem þeim hentar í sínum rekstri, hvort heldur væri heimilis- eða fyrirtækjarekstri, þá væri ójafnvægið sem nú er að myndast, ekki til staðar. Þá væri sveigjanleiki kerfisins mun meiri og áhætta þess minni. Þá væri aðgangur að erlendum mörkuðum, hvort heldur er fyrir vöru-, þjónustuviðskipti, eða fjármögnun allt annar og betri en nú er í dag. Nýsköpun væri meiri enda fjármagn ódýrara og til í meira mæli. Fjölbreytni hagkerfisins myndi því aukast og aðdráttarafl þess fyrir hæfasta vinnuaflið um leið.

Það er erfitt að ræða stóru málin þegar allt virðist ganga vel. Ráðstöfunartekjur heimilanna hafa ekki aukist hraðar í sögunni og Íslendingar hafa aldrei haft það jafn gott. En þegar vel árar er um að gera að nýta tækifærið og fyrirbyggja vandann sem blasir við í framtíðinni. Embættismenn eru ekki hæfir til að miðstýra hagkerfinu, ekki frekar en stjórnmálamenn eða nokkur annar.

> **Íslensk heimili skulda um 3.500 milljarða og ekki er óvarlegt að álykta að höftin hækki vaxtastig í landinu um að a.m.k. 1 prósentustig og að kostnaður heimilanna af „þjóðhagsvarúðartækjum“ bankans sé mun meiri en af landbúnaðarkerfinu.**

# Sendir heim með heilaskaða



Dís Gylfadóttir
verkefnastjóri Hugarfars

Á undanförnum mánuðum hefur félagið Hugarfar unnið hörðum höndum að því að kynna stöðu fólks með heilaskaða fyrir almenningi og stjórnvöldum. Haldin var ráðstefna um málefnið og umfjöllunin undanfarnar vikur hefur borið mikinn árangur. Fjöldi fólks hefur haft samband við félagið í leit að áður óþekktum stuðningi, ráðgjöf og fræðslu, en úrræðaleysið fyrir þennan hóp hefur verið algjört. Margir eru vangreindir eftir slys og fjöldi ungs fólks sem hlotið hefur heilaskaða er á örorku og verður það áfram þar sem viðeigandi aðstoð er ekki í boði.

Um 500 manns hljóta heilaskaða af völdum höfuðáverka á Íslandi á hverju ári. Heilaskaði hefur í för með sér duldar afleiðingar sem sjást ekki utan á einstaklingnum. Framtaksleysi, minnisskerðing, þreyta og persónuleikabreytingar hafa mest áhrif á daglegt líf og skortur á innsæi gerir það að verkum að fólk skilur ekki af hverju það mætir hindrunum alls staðar. Skortur á fræðslu og almenn vanþekking á einkennum heilaskaða gerir það svo að verkum að fólk mætir skilningsleysi, lendir í árekstrum við fólk og einangrast félagslega.

**Vísað heim án aðstoðar**

Fjölmörg dæmi, gömul og ný, eru um að fólk leiti á bráðamóttöku vegna höfuðáverka og sé útskrifað heim án eftirfylgdar eða upplýsinga um hvert skuli leita ef einkenni hverfa ekki.

Aðstandendur fara heim með breyttan einstakling og vita ekki sitt rjúkandi ráð. Börn fá hvorki fræðslu né aðstoð við að takast á við breyttar aðstæður og skilja ekki af hverju mamma eða pabbi er öðruvísi en áður. Álag á hjónabönd og fjölskyldur er gríðarlegt og ekki lifa öll sambönd af. Þunglyndi og kvíði eru algeng afleiðing heilaskaða og sjálfsvígstíðni sömuleiðis há. Það er kannski ekki að furða þegar fótunum er kippt undan fólki á öllum sviðum lífsins og enga hjálp að fá. Einstaklingar verða fyrir fordómum og eru taldir latir, vitlausir eða skrítnir. Því miður enda margir á bráðamóttöku geðdeildar því alls staðar kemur þessi hópur að lokuðum dyrum. Heilaskaði þarfnast sérhæfðs úrræðis og passar ekki inn í úrræði sem sniðin eru að öðrum hópum. Neyðin er mikil og þörfin fyrir samastað sömuleiðis.

**Þörf á samastað**

Á Grensásdeild er starfandi heilaskaðateymi sem veitir endurhæfingu fyrir fámennan hóp eða um tíu manns á ári. Það eru einungis um tíu prósent af þeim fjölda sem þarf á endurhæfingu að halda ár hvert. Svipaður fjöldi kemst að á Reykjalundi en þar er biðlistinn nú þegar langur og líkur á að hann lengist nú enn frekar. Grensás og Reykjalundur bjóða upp á endurhæfingu sem hefur upphaf og endi. Eftir það tekur ekkert við. Engin langtímaendurhæfing eða eftirfylgd er í boði hér á landi líkt og þekkist erlendis. Heilaskaði er varanleg fötlun, en með viðeigandi aðstoð ná margir að fóta sig á ný og verða aftur virkir þjóðfélagsþegnar. Það er ekki einungis verðmætt fyrir einstaklinginn sjálfan og aðstandendur hans, heldur samfélagið í heild.

Félagið Hugarfar vinnur að opnun endurhæfingar- og fræðslumiðstöðvarinnar Höfuðhúss og biðlar nú til almennings og stjórnvalda um aðstoð. Við getum öll lent í því að fá heilaskaða – fyrirvaralaust – við sjálf eða ástvinir okkar. Höfuðhúsið getur og mun bjarga mannslífum.

> **Félagið Hugarfar vinnur að opnun endurhæfingar- og fræðslumiðstöðvarinnar Höfuðhúss og biðlar nú til almennings og stjórnvalda um aðstoð.**

# Lækkun fasteignagjalda dugar Hörpu ekki til tapleysis



Örnólfur Hall,
arkitekt

Í ársreikningi Hörpu fyrir árið 2015 kemur fram að tap ársins er tæpar 443 milljónir króna. Er þá tekið tillit til lækkunar fasteignagjalda ársins 2015 upp á 242 milljónir vegna dóms Hæstaréttar frá febrúar 2015. Hefði ekki komið til lækkunar fasteignagjalda hefði tap Hörpu orðið rúmar 684 milljónir sem er verri niðurstaða en vegna 2014. Rekstur Hörpu er því ekki að færast nær því að vera sjálfbær.

Margar útgáfur virðast vera á kreiki varðandi byggingarkostnað Hörpu. Samkvæmt ársreikningi Hörpu fyrir árið 2015 er hann sagður 17,9 milljarðar án áhalda, tækja og innréttinga. Sé tekið tillit til áhalda, tækja og innréttinga er byggingarkostnaður rúmir 21,4 milljarðar króna. Í nýlegri fyrirspurn frá alþingismanni til fjármála- og efnahagsráðherra um byggingarkostnað Hörpu, svaraði ráðherra að frá því ríkið og Reykjavíkurborg hefðu tekið yfir framkvæmdina væri byggingarkostnaður samtals 20,9 milljarðar miðað við verðlag í mars 2015. Ef tekið væri tillit til afskrifaðs byggingarkostnaðar fyrri framkvæmdaraðila upp á 10 milljarða, þá væri heildarbyggingarkostnaður alls 30,9 milljarðar.

Fróðlegt er að skoða frétt í Morgunblaðinu 1.7. 2010 um Hörpu. Þar sagði einn aðalforsvarsmaður Hörpu um byggingarkostnað hennar: „Heildarbyggingarkostnaður nemur um 28 milljörðum en ekki 17,7 milljörðum.“

Vert er að minna á að enn er fyrirspurn Péturs H. Blöndal, heitins, ósvarað á Alþingi. Þ.e.a.s. hver er óupplýstur kostnaður vegna Hörpu og upplýsingar sem vantar um rekstur og rekstraráætlanir frá A-Ö?

Ennfremur skal minnt á ofurviðhaldið á húsinu, alls um 161 milljón á aðeins 5 árum (sjá Fjárlög og svör til Fjárlaganefndar).

Hvar eru allar stórráðstefnurnar (5-6 þúsund manns) sem virðast allar hafa brugðist, en þær áttu að gera Hörpu sjálfbæra í síðasta lagi 2014?

> **Vert er að minna á að enn er fyrirspurn Péturs H. Blöndal, heitins, ósvarað á Alþingi. Þ.e.a.s. hver er óupplýstur kostnaður vegna Hörpu og upplýsingar sem vantar um rekstur og rekstraráætlanir frá A-Ö?**




# SÓL Á SPOTTPRÍS Í ÁGÚST

## TENERIFE




**Stökktu ☺☺+**

**Frá kr. 69.995 m/ekkert fæði innifalið**

Netverð á mann frá kr. 69.995 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í íb/hb/st.
Netverð á mann frá kr. 79.995 m.v. 2 fullorðna í íb/hb/st.
10. ágúst í 7 nætur.

## COSTA DEL SOL




**Aguamarina Apartments ☺☺☺**

**Frá kr. 86.895 m/ekkert fæði innif.**

Netverð á mann frá kr. 86.895 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í stúd.
Netverð á mann frá kr. 109.955 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.
11. ágúst í 11 nætur.

## COSTA DEL SOL




**Stökktu ☺☺+**

**Frá kr. 79.935 m/ekkert fæði innifalið**

Netverð á mann frá kr. 79.935 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í íb/h/st.
Netverð á mann frá kr. 99.995 m.v. 2 fullorðna í íb/h/st.
11. ágúst í 11 nætur.

## BENIDORM




**Hotel Melia ☺☺☺☺**

**Frá kr. 98.295 m/hálft fæði innifalið**

Netverð á mann frá kr. 98.295 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herb.
Netverð á mann frá kr. 114.195 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
14. ágúst í 7 nætur.

## MALLORCA




**Ola Tomir Aparthotel ☺☺+**

**Frá kr. 65.295 m/hálft fæði innifalið**

Netverð á mann frá kr. 65.295 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 79.995 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
16. ágúst í 7 nætur.

## KRÍT




**Porto Platanias Village ☺☺☺☺**

**Frá kr. 135.395 m/allt innifalið**

Netverð á mann frá kr. 135.395 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herb.
Netverð á mann frá kr. 169.895 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
18. ágúst í 11 nætur.

## KRÍT




**Omega Apartments ☺☺☺**

**Frá kr. 94.795 m/ekkert fæði innifalið**

Netverð á mann frá kr. 94.795 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í stúd.
Netverð á mann frá kr. 104.995 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
18. ágúst í 11 nætur.

## KRÍT




**Stökktu ☺☺+**

**Frá kr. 89.995 m/ekkert fæði innifalið**

Netverð á mann frá kr. 89.995 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í íb/hb/st.
Netverð á mann frá kr. 99.995 m.v. 2 fullorðna í íb/hb/st.
18. ágúst í 11 nætur.

Heimsferðir

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara. ENNEMM / SÍA / NM76576

# Ferðaþjónustan: Meira þarf til



**Ari Trausti Guðmundsson**
jarðvísindamaður og rithöfundur

**Allar umhverfisnytjar og þá sér í lagi náttúrunytjar hafa sín þolmörk.**

Ólöf Ýrr Atladóttir ferðamálastjóri varar við að álag á samfélagið komi niður á gestrisni vorri (Fbl. 26.07.). Hún bendir á að megingagnrýni á þróun ferðaþjónustunnar varði sein viðbrögð opinberra aðila og einkageirans við álaginu. Í framhaldi af þessum orðum er vert að minnast á hugtakið þolmörk.

Byggðir, bæir, borgin og ólíkir geirar samfélagsins hafa illskilgreinanleg þolmörk frammi fyrir þjónustuhlutverki; ekki bara ein heldur mörg. Fólk hefur persónuleg þolmörk, annað atvinnulíf en ferðaþjónusta hefur þolmörk og innviðir hafa þolmörk o.s.frv. Þar í blandast ólíkar skoðanir á hvað er réttara en annað þegar ferðaþjónustulestin æðir áfram, sífellt hraðar (í bíli). Það er flókið verk að búa þannig um að þessi þolmörk séu sæmilega ljós og í samræmi við lýðræði. Til þess þarf frumkvæði einkaaðila, samtaka og umfram annað: Stjórnvalda á stigi sveitarstjórna og ríkisvalds.

En svo eru það hin þolmörkin: Þolmörk umhverfis, bæði þess manngerða og náttúrunnar. Allar umhverfisnytjar og þá sér í lagi náttúrunytjar hafa sín þolmörk. Um þau hefur verið rætt oft og lengi en þau nær ekkert tengd inn í raunveruleikann, þ.e. blússandi fjölgun dýrmætra ferðamanna sem verða sennilega nær áttfaldur fjöldi fullorðinna landsmanna við árslok 2016.

Vegvísir í ferðaþjónustu (október 2015) sem Samtök ferðaþjónustunnar og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið stóðu að er einungis grunnur að stefnu, langur verkefnalisti. Stefnan sjálf verður til þegar unnið er úr þessum vegvísi, hann bundinn ætlunum, hengdur verðmiði á mikilvæg atriði og ákveðið hvernig peninganna er aflað. Lítið hefur enn sést til þess alls og er þá ekki gert lítið úr auknum fjárveitingum eða nýjungum. Heildina vantar. Inn í alla þá vinnu verður að flétta þolmörkum (eins erfitt og það kann að reynast). Fyrsta skrefið er að viðurkenna að ferðaþjónusta lýtur ekki ósvipuðum takmörkum og aðrar náttúru- og samfélagsnytjar. Kannski getum við tekið á móti 10.000 manns á dag við Seljalandsfoss (ekki 50.000), 1.000.000 manns á ári í núverandi þjóðgarði á Þingvöllum (ekki 2.000.000) og 3.500.000 ferðamönnum á ári til landsins (ekki 6.000.000) – ef við viljum halda uppi fjölbreyttu mannlífi, fjölbreyttri atvinnu og áhugaverðu náttúruumhverfi. Eða hvað? Tölurnar eru aðeins hlutgervingar af minni hálfu.

# Samstarf Garðabæjar og Klasa við uppbyggingu miðbæjar



**María Grétarsdóttir**
bæjarfulltrúi M-lista fólksins í bænum í Garðabæ



Þann 9. maí 2005 gerði Ásdís Halla Bragadóttir fyrir hönd Garðabæjar samning við Klasa hf., þá í eigu Íslandsbanka og Sjóvár, vegna uppbyggingar á miðbæ Garðabæjar. Í viðaukasamningi Garðabæjar og Klasa frá því í desember 2005 kemur fram breytt eignarhald á Klasa sem Gunnar Einarsson fyrir hönd Garðabæjar samþykkir og er félagið þá í eigu Íslandsbanka ( 20%), Sjóvár (40%) og Rapps (40%) en Rapp var í eigu Þorgils Óttars Mathiesen.

**Klasi greiði kostnað**

Þann 15. desember 2006 er gert samkomulag um úthlutun lóða og sölu byggingarréttar í miðbæ Garðabæjar. Í þeim samningi er gert ráð fyrir að heildarbyggingarmagn á svæðunum þremur verði allt að 31.631 fermetri auk bílakjallara. Íbúðarhúsnæði verði 21.187 fm brúttó/(18.009 nettó) og verslunar- og þjónustuhúsnæði 10.444 fm auk aðstöðu fyrir bensínstöð. Klasi greiði kostnað við framkvæmdir innan úthlutaðra lóða, þ.e. gerð gangstétta, torga, gatna og opinna svæða í samræmi við deiliskipulag.

Lagt var mat á virði eigna Garðabæjar við yfirtöku Klasa á miðbæjarreitnum og var það eftirfarandi (m.v. 15.12.2006):

Sveinatungureitur, 158.370.000 (núverandi Hagkaupsreitur)
Garðatorg, 911.960.000
Kirkjulundur, 143.437.500
Samtals 1.213.767.500 krónur

Greiðsla fyrir þessar eignir yrði í formi uppkaupa Klasa á eignum í eigu þriðja aðila;

A. Uppkaupum á eignarhlutum Kirkjuhvols í Garðatorgi 1 og 3
B. Uppkaupum á eignarhluta SPH í Garðatorgi 1
C. Uppkaupum á eignarhluta Poseidon í Garðatorgi 1
D. Uppkaupum á eignarhluta S fasteigna ehf. í bensínstöð við Bæjarbraut

Engar beinar greiðslur komu í bæjarsjóð fyrir lóðir sem voru metnar á rúmlega 1,2 milljarða í árslok 2006. Nýjasti viðbótarsamningurinn um miðbæ Garðabæjar er kallað samkomulag og er frá 24. maí 2013 en þá hefur nýtt félag tekið við eignarhaldi samningsins við Klasa, Garðabær miðbær hf., sem er í eigu Finns Reyrs Stefánssonar, Ingva Jónassonar, Tómasar Kristjánssonar og RA5 ehf.

**Engar greiðslur**

Garðabær hefur ekki fengið neinar greiðslur í gegnum samninga sína við Klasa en hefur hins vegar afhent Klasa nokkrar lóðir í Rjúpnahæð og Lyngprýði til viðbótar við framangreind svæði í miðbæ Garðabæjar (Sveinatungureitur, Garðatorg og Kirkjulundur) sem uppbót á minnkun byggingarmagns á miðbæjarreit sem þó var að ósk Klasa.

**Garðabær hefur ekki fengið neinar greiðslur í gegnum samninga sína við Klasa um uppbyggingu miðbæjar en hefur greitt á annan milljarð króna til Klasa í formi bílastæðakjallara, leigugreiðslna, eftirgjöf vaxtatekna og frágangs á yfirborði á miðbæjarsvæði auk þess sem Garðabær rekur þessi svæði.**

Garðabær hefur einnig greitt á annan milljarð króna til Klasa í gegnum þessa samninga í formi bílastæðakjallara, leigugreiðslna, eftirgjöf vaxtatekna og frágangs á yfirborði á miðbæjarsvæði auk þess sem Garðabær rekur þessi svæði. Nú eru að hefjast framkvæmdir við nýjustu byggingu Klasa á miðbæjarsvæðinu og mun Garðabær leggja fjármagn til verkefnisins með fjármögnun á flutningi á innkeyrslu inn á torgið. Vandséð er hvernig valdhafar geta réttlætt þessa afhendingu á skattfé íbúa og eigna til verktaka án endurgjalds.

# Fjölskylduferð til Tyrklands



**Valgarður Reynisson**
sögukennari

**Þeir Tyrkir sem ég ræddi við virtust meira pirraðir á fíflalátunum í höfuðborginni en áhyggjufullir.**

Á dögunum skrapp ég til Tyrklands með eiginkonu og tveimur ungum börnum. Það var skyndiákvörðun þar sem ferðaskrifstofan Nazar bauð upp á ódýrar ferðir sökum minnkandi aðsóknar. Vinir mínir kölluðu mig „ofurhuga“ fyrir að þora þessu og ömmurnar voru nokkuð áhyggjufullar. Ég ákvað hinsvegar að nýta mér tölfræðina til að komast að niðurstöðu. Fjöldi ferðamanna í Tyrklandi er yfir 30 milljónir á ári. Miðað við fjölda ferðamanna sem hafa látist í Tyrklandi síðastliðið ár voru líkurnar á að við kæmumst aftur lifandi heim meiri en 99,99%. Ég er ekki meiri ofurhugi en það.

Einhver nefndi við mig að það væri siðferðislega rangt að nýta sér hryðjuverk og stríðsástand til þess að komast ódýrt til sólarlanda. Það þóttu mér ágætis rök þar til ég áttaði mig á eftirfarandi: Ferðamannaiðnaðurinn er ein af undirstöðuatvinnugreinum Tyrklands. Samdrátturinn í ár hefur verið 30-40% og gæti orðið enn meiri þegar árið er úti. Fækkun ferðamanna leiðir til atvinnuleysis og fátæktar sem er prýðisgóður jarðvegur fyrir reiði og öfgafull viðhorf af ýmsum toga. Þannig verður til vítahringur þar sem átök fækka ferðamönnum og fækkun ferðamanna leiðir til meiri átaka.

Það var svo aðra nóttina okkar í Tyrklandi að ein amman hringdi dauðskelkuð í okkur og fullyrti að það væri valdarán, stríð og útgöngubann í Tyrklandi. Ég svaf ekki mikið þá nóttina, kalda rökhyggjan og tölfræðin virtist hafa gufað upp í tyrknesku sólinni. Við vorum reyndar óravegu frá átakasvæðunum og ekkert í okkar umhverfi gaf nokkra hættu til kynna. Ferðaskrifstofan og hótelstarfsfólk hélt okkur vel upplýstum. Þeir Tyrkir sem ég ræddi við virtust meira pirraðir á fíflalátunum í höfuðborginni en áhyggjufullir.

Ég efast um að ég fari aftur til Tyrklands á næstunni. Hótelið var flott, ferðaskrifstofan stóð sig vel, veðrið var gott og verðið enn betra. Framtíðarhorfur Tyrklands fara hinsvegar hratt versnandi. Borgarastyrjöldin í Sýrlandi, ISIS, Kúrdar og einræðistilburðir Erdogans gera landið að tifandi tímasprengju. Það er samt ekki þess vegna sem ég sný ekki aftur. Þetta var bara svo skrambi langt ferðalag að þvælast í með tvö ung börn. En þið hin skuluð endilega fara.

# Ekkert örreytiskot

**Edda Arinbjarnar**
**Guðrún Ebba Ólafsdóttir**
**Heiða Brynja Heiðarsdóttir**
**Katrín Guðný Alfreðsdóttir**
**Kristín I. Pálsdóttir**
**Þórlaug Sveinsdóttir**
í ráði Rótarinnar

Flest okkar eiga erfitt með að gera sér í hugarlund hvernig það er að eiga hvergi heima, helst líkist það því að vera flóttamaður í eigin landi. Við getum samt rétt ímyndað okkur hvað það eru þung spor að þiggja þjónustu Konukots í fyrsta sinn.

Konukot er skaðaminnkandi úrræði fyrir heimilislausar konur sem rekið er af Rauða krossinum í Reykjavík í samstarfi við Reykjavíkurborg. Ráðskonur Rótarinnar þáðu nýlega boð í kotið og Svala Jóhannesdóttir verkefnisstýra kynnti starfsemina fyrir okkur. Hún og hennar starfsfólk og sjálfboðaliðar leggja mikla áherslu á að koma fram við konurnar af virðingu, kærleika og samkennd. Á mildan hátt er forðast að setja sig á háan hest gagnvart konum sem eiga við fíknivanda að stríða eða falla ekki að siðaboðum og reglum samfélagsins á annan hátt. Konurnar í Konukoti eiga margar erfiða lífssögu að baki og kusu ekki þetta líf. Margar eiga sára reynslu af ofbeldi í æsku og sumar hafa búið við ofbeldi heima og kusu alla ævi.

Þó að Konukot sé ekki meðferðarstofnun gilda að mörgu leyti sömu lögmál um starfsemina þar og í fíknimeðferð, því stærsti hluti kvennanna sem sækja þangað glímir við áfengis- og fíknivanda. Á Charles. K. Post meðferðarstöðinni í New York-fylki, og fleiri meðferðarstöðvum, er stuðst við þá reglu að konur meðhöndli konur. Þessu er ekki þannig farið á Íslandi og sjálfsagt er um að kenna skorti á þekkingu á sértækum vanda kvenna. Enn eimir mjög eftir af forræðis- og refsianda í heilbrigðis- og velferðarkerfi sem er lítt til þess fallinn að hjálpa þeim sem jaðarsettastir eru í samfélaginu. Þar eru konur á ysta hjaranum með sínar ofbeldis- og áfallasögur og eru þær enn viðkvæmari fyrir slíkri nálgun en karlar.

**Konur með alvarlegan fíkni- og geðrænan vanda verða fyrir flókinni, margþættri og kerfisbundinni kúgun og því þarf heilbrigðis- og velferðarkerfið að nálgast þær á þeim forsendum.**

Við vitum að það er mikið af hugsjónafólki að vinna við meðferð og aðra þjónustu en samt hafa yfirvöld brugðist þessum konum að því leyti að ekki hefur verið mörkuð skýr stefna um áfallameðvitaða og kynjamiðaða meðferð og þjónustu þar sem nýjasta og besta þekking er nýtt. Konur með alvarlegan fíkni- og geðrænan vanda verða fyrir flókinni, margþættri og kerfisbundinni kúgun og því þarf heilbrigðis- og velferðarkerfið að nálgast þær á þeim forsendum. Reglan um að konur meðhöndli konur ætti þar af leiðandi að vera ófrávíkjanleg í allri meðferð og persónulegri þjónustu við konur í þessum hópi. Þetta á við í meðferð við fíknivanda og í athvörfum og gistiskýlum fyrir konur.

**Fyrirmyndarúrræði**

Konukot er griðastaður fyrir konurnar sem þangað sækja. Þær eiga rétt á værð og öryggi meðan þær dvelja þar, þó að það sé aðeins opið í 17 klst. á sólarhring. Eftir að hafa sætt miklu ofbeldi af hendi karlmanna, einkum ef það hefur verið af hendi einhvers sem stendur þeim nærri, eins og föður, afa, bróður, frænda eða kærasta og maka, getur hvaða karlmaður sem er valdið þeim mikilli vanlíðan, ekki síst ef þær eru á einhvern hátt háðar ákvörðunum hans í þeirri stöðu sem hann gegnir. Þetta hefur ekkert með persónuna að gera eða hve fagmannlega hún sinnir sínu starfi.

Heimsókn okkar í Konukot var fróðleg og skemmtileg og ljóst að aðstandendur þess hafa byggt upp fyrirmyndarúrræði þar sem reynt er eftir bestu getu að beita áfallameðvitaðri og kynjamiðaðri nálgun þar sem reglan er að konur þjónusti og styðji konur.

Við þökkuðum fyrir okkur með því að færa Konukotskonum tvö eintök af bók Stephanie Covington, A Womans Way through the Twelve Steps, ásamt vinnubókum.

Takk fyrir okkur og til hamingju með faglegt og nærgætið starf. Konukot lætur kannski lítið yfir sér í veraldlegu tilliti en þar er ekki í kot vísað hvað inntak og atlæti varðar.

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
4. ÁGÚST 2016 FIMMTUDAGUR



# Raðað saman eftir smekk

**Berglind Hrönn Árnadóttir** fatahönnuður starfar í Madríd á Spáni og rekur þar fyrirtæki sitt, Begga Design. Brúðarkjólalína Berglindar er fjölbreytt og falleg enda má raða flíkum úr línunni saman á ólíkan máta.

„Ég hef verið búsett í Madríd meira og minna síðustu 20 árin. Til að byrja með var það spænskan sem heillaði mig en svo er Madríd bara svo sjarmerandi borg að ég hef ílengst þar,“ segir Berglind sem býr í borginni með manni sínum, Javier.

Berglind útskrifaðist sem fatahönnuður frá listaháskólanum IADE árið 2002 og stofnaði Begga Design samhliða námi sínu. Hún var farin að selja hönnun sína í fimm verslunum þegar hún ákvað að breyta til og safna sér reynslu sem hönnuður með því að starfa fyrir önnur merki. Árið 2010 opnaði hún síðan verslunina 20BÉ í miðbæ Reykjavíkur. „Ég rak hana um nokkurt skeið en það er erfitt að reka verslun úr mikilli fjarlægð og því ákvað ég að loka henni og einbeita mér að vefverslun í staðinn.“


Berglind er búsett í Madríd á Spáni.

## ÖÐRUVÍSI BRÚÐARKJÓLAR

Undir nafni Begga Design hannar Berglind kvenfatnað og fylgihluti. Brúðarlína hennar varð til meðan hún rak 20BÉ. „Það voru margar konur sem komu til mín í leit að kjól til að gifta sig í og ég ákvað að bregðast við með því að gera litla línu. Það gekk glimrandi vel og svo hefur þetta bara hlaðið utan á sig,“ lýsir Begga en brúðarlínan er nú orðin stærri og fjölbreyttari.

Hún segir viðbrögðin hafa verið frábær. „Það virðist nefnilega vanta ákveðna týpu af brúðarkjólum á Íslandi. Þá meina ég kjól sem eru aðeins utan við normið og henta konum með mismunandi vöxt. Mér finnst rosalega mikilvægt að hafa í huga að það vilja ekki allar vera í þessum hefðbundnu, spengdu, fyrirferðarmiklu brúðarkjólum og þeir bara fara ekki öllum. Þess vegna ákvað ég að gera eitthvað öðruvísi.“

> Það virðist vanta ákveðna týpu af brúðarkjólum á Íslandi. Þá meina ég kjóla sem eru aðeins utan við normið og henta konum með mismunandi vöxt.
>
> Berglind Hrönn Árnadóttir

»

SKÓLAR OG NÁMSKEIÐ
kemur út 8. ágúst
FRÉTTABLAÐIÐ



Áhugasamir hafi samband við:

Atli Bergmann
+354 512-5457 (Sími/Tel)
+354 897-9144 (GSM/Mobile)
atlib@365.is

Jón Ívar Vilhelmsson
+354 512-5429 (Sími/Tel)
+354 866-6148 (GSM/Mobile)
jonivar@365.is

**» RAÐAÐ SAMAN EFTIR SMEKK**

„Hugmyndin á bak við brúðarlínuna er fyrst og fremst að gera smart, pret-a-porter línu sem seld er í stærðum og að hver og ein geti púslað saman sínu lúkki eftir vexti og smekk,“ segir Begga en í línunni eru ekki bara kjólar heldur einnig pils, blússur, toppar og slár sem hægt er púsla saman á misunandi hátt. „Svo finnst mér líka kostur að margar af þessum flíkum má alveg nota eftir brúðkaupið, blússurnar eru til dæmis mjög flottar við gallabuxur og pilsin töff við alls konar toppa.“ Hún segir brúðarkjóla þó þurfa að vera dálítið klassíska. „Þeir þurfa að eldast vel þannig að konum finnist brúðarmyndirnar ekki vera horror eftir 20 ár,“ segir Berglind glettin og bætir við að hún hugi líka að þægindum og því að kjólarnir klæði brúðina. **solveig@365.is**







**Í línunni eru ekki bara kjólar heldur einnig pils, blússur, toppar og slár sem er hægt að púsla saman á mismunandi hátt.**











Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
TRI
KENDA
SHIMANO
HJÓLREIÐAR
HLAUP
SUND
ÚTSALA!
- Allt að 70% afsláttur -
ParkTool
CUBE HYBRID
CUBE RACE
CUBE 29"
WWW.TRI.IS
#cube_your_life!
drink it... feel it...
Xenofit
www.xenofit.de
CUBE
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga kl. 10:00 til 16:00


Alexander Jarl klæðist hér fötum úr Hummel NEO línunni. Bakpokinn er frá TIMBUK2. MYNDIR/HANNA

# ÞÆGINDIN ALLTAF Í FYRSTA SÆTINU

Tónlistarmaðurinn Alexander Jarl klæðist helst tískulegum íþróttafötum enda setur hann þægindin í fyrsta sæti þegar kemur að fatastíl og tísku.

Alexander Jarl, annar meðlima rappsveitarinnar JARL $QUAD, setur þægindin í fyrsta sæti þegar kemur að fatastíl og tísku. „Þægindi skipta mig mestu máli. Ég verð helst að geta spilaði körfubolta úti á velli, farið þaðan beint upp á svið og stoppað svo í ræktinni eftir tónleika án þess að skipta um föt. Þannig að ég er mikið að vinna með tískuleg íþróttaföt og helst frá merkinu Hummel.“

Hann segir tískuáhugann hafa vaknað þegar hann hóf að koma fram með hljómsveit sinni. „Ég fór úr FUBU-merkinu í þröngar gallabuxur mjög fljótlega. Nú erum við í hljómsveitinni komnir á það stig að hanna eigin hettupeysur og boli. Jón Gunnar Zoëga, sem rekur fatamerkið Modern Day Slaves, hefur hjálpað okkur mikið með að hanna snið. Þessa dagana erum við með $QUAD-íþróttabuxur í vinnslu.“


$QUAD bolur sem hljómsveitarfélagarnir hanna saman.

### ÁHRIF FRÁ RAPPSENUNNI

Þrátt fyrir skemmtilegan fatastíl segist hann ekki fylgjast meðvitað með tísku en vera vissulega undir áhrifum frá bandarísku og skandinavísku rappsenunni. „Hérna heima eru uppáhaldsverslanirnar mínar Inklaw, Hummel og Nike en uppáhaldsflíkin mín er einmitt sérsniðinn Inklaw denim-jakki. Ég hef eytt miklum tíma í Bandaríkjunum en þar kaupi ég aðallega íþróttaföt. Þó hef ég slysast til að panta mér föt frá ASOS en mér finnst það of mikil áhætta. Fyrir utan eitt staka fatamerki þá er ég mikið fyrir gullkeðjur, hringi á litla fingri og úr en þó aðallega á tónleikum eða öðrum viðburðum. Ég fer ekkert þannig klæddur að versla í Krónunni.“

Aðspurður um bestu og verstu fatakaup segir hann hvort tveggja eigi í raun við sömu flíkina. „Ég keypti einu sinni svarta Versace-silkiskyrtu sem var allt of stór. Tuttugu kílóum síðar er hún enn eins og tjald. Þetta eru því verstu kaupin því hún er risastór og þau bestu því hún er Versace-silkiskyrta, fjandakornið!“

### NÆG VERKEFNI FRAMUNDAN

Það er alltaf nóg að gera hjá félögunum í JARL $QUAD. „Við erum að hanna meira af fötum, ætlum að halda tónleika um allt land og halda áfram að vinna í nýju efni. Næstu stóru tónleikar hjá okkur verða Airwaves í nóvember. Við munum örugglega gefa út stóra plötu en það verður ekki á næstunni. Þegar ég geri stóra plötu mun ég setja allan minn tíma og orku í hana en ég einfaldlega hef ekki tíma núna. Svo á ég von á dóttur í lok september og fjölskyldan verður alltaf í fyrsta sæti. Við munum þó henda í smáskífur og myndbönd reglulega út árið.“


Hettupeysa úr smiðju $QUAD. Fleiri föt eru væntanleg frá þeim.








FRÉTTABLAÐIÐ

57,4%

íbúa á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 12–80 ára lesa Fréttablaðið daglega.*

Sá fjöldi myndi fara langt með að fylla sæti Laugardalsvallar tíu sinnum.

Gallup, apríl–júní 2016.

Allt sem þú þarft ...




GILBERT ÚRSMIÐUR
Laugavegi 62 - tel: 551-4100

JS Watch co. REYKJAVIK

INNNES

HÓTEL HOLT




Verslunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is




Hönnun frá SIVICO.

Hönnun frá Yanina.

Franska merkið Vetements. Hönnuður Demna Gvasalia.

Keita Maruyama.

Hönnun frá The Korsun.

# LITAGLEÐI Á LJÚFUM HINSEGIN DÖGUM

Nú standa yfir Hinsegin dagar í Reykjavík. Þá er gleðin við völd og ekkert að því að klæðast fallegum litum. Haust- og vetrartískan 2016-2017 þykir einmitt nokkuð djörf í litum. Bleikt eða fjólublátt, allt er leyfilegt.

Tímaritið Vogue kallar haust- og vetrartískuna djarfa og litaglaða. Ljóslillaður litur, bleikur, grænn eða gulur verða vinsælir þótt svarti liturinn sé alltaf með. Eftir nokkra naumhyggju í fatnaði sumarsins verður haust- og vetrarlínan íburðarmeiri, að því er greint er frá í Vogue. Kærkomnir litir og höfðinglegar herðar, segir í blaðinu.

Annað tískublað segir að tískan sem verið hefur í anda 1970 undanfarið sé á undanhaldi en mikill sköpunarkraftur einkenni vetrartískuna.

Breskur tískubloggari segir haust- og vetrartískuna einkennast af litum. Sterkir litir koma inn jafnt í fatnaði, handtöskum og skóm. Aðallega verða í gangi fimm litir, það eru svartur, ljósbleikur, grænn, fjólublár og rauður. Bent er á að þessi antíkbleiki kynþokkafulli litur passi einstaklega vel með svörtu.

Nú er því bara um að gera að draga fram fallegu litina í skápnum og njóta þeirra strax þótt hausttískan sé varla komin í verslanir. Allar myndir eru frá kynningum á haust- og vetrartískunni 2016-2017. **elin@365.is**



Fyrirsæta sýnir rautt dress á hátískuviku í París í júlí þegar haust- og vetrartískan 2016-2017 var kynnt. Kjóllinn er hannaður af Franck Sorbier. MYNDIR/GETTY



Barbara Bui.


Útsalan er hafin

30 – 50% afsláttur

| Verðdæmi: | Verð nú: | Verð áður: |
|---|---|---|
| Buxur | 4.900 kr. | 8.900 kr. |
| Jakki | 8.900 kr. | 13.900 kr. |
| Netvesti | 2.900 kr. | 4.900 kr. |
| Túnika | 4.900 kr. | 7.900 kr. |
| Mussa | 4.900 kr. | 8.900 kr. |
| Toppur | 4.900 kr. | 7.900 kr. |
| Pils | 4.900 kr. | 9.900 kr. |
| Kjóll | 3.900 kr. | 6.900 kr. |

Opið virka daga kl. 11–18
Opið laugardaga kl. 11-15

black pepper FASHION

Laugavegi 178 | Sími 555 1516

Kíkið á myndir og verð á Facebook

ALLA DAGA VIKUNNAR Í OPINNI DAGSKRÁ KL. 18.30



VIÐ FLYTJUM ÞÉR FRÉTTIRNAR

365 FRÉTTASTOFA

Fréttir Stöðvar 2, í opinni dagskrá alla daga vikunnar, alla daga ársins, kl. 18.30.

# Haustvörurnar komnar
# Frábært úrval



COSMO
Kringlunni







# RÖNDÓTT OG SMÁBLÓMÓTT

**Margot Robbie leikur nú í hverri stórmyndinni á fætur annarri og stendur í ströngu við kynningar. Því fylgja ör fataskipti.**

Ástralska leikkonan Margot Robbie hefur í nægu að snúast þessa dagana. Hún hefur nýlokið við að kynna myndina The Legend of Tarzan þar sem hún fer með hlutverk Jane og er nú út um hvippinn og hvappinn að kynna ofurhetjumyndina Suicide Squad, sem var frumsýnd í byrjun vikunnar, en þar leikur hún ofurhetjuna Harley Quinn.

Margot hefur víða sést á förnum vegi vegna frumsýninga, kynningarviðtala og annarra tilheyrandi anna og má slá því föstu að stílistinn hennar, Kate Young, sé á yfirvinnukaupi enda er stjarnan sjaldnast tvisvar í sama dressi. Hér má sjá brot af því besta liðna viku.













GLÆNÝ úlpusending!
Léttar og þægilegar úlpur í stærðunum 36-56, nú fáanlegar í fallegum haustlitum
Kaupauki
Fjölnota burðarpoki fylgir með öllum úlpum!
Stærðir 36-56
NÝJAR ÚLPUR Í HAUSTLITUM!
FRÁBÆRT úrval af fallegum nýjum haustvörum
ZIKZAK TÍSKUHÚS
Einnig til í svörtu, fjólubláu og bláu!
ÚLPA 12.990kr st. 36-56
Einnig til í svörtu, vínrauðu og fjólubláu!
ÚLPA 12.990kr st. 36-56
BUXUR 11.990kr st. 34-52
BLÚSSA 6.990kr st. 36-56
PEYSA 6.990kr st. S-XXXL
KJÓLL 7.990kr st. 36-56
TÚNIKA 5.990kr st. S-XXXL
TÚNIKA 4.990kr st. S-XXXL
Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314

# smáauglýsingar

FRÉTTABLAÐIÐ

smaar@frettabladid.is / visir.is

**512 5000**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá **8-17**

Allar smáauglýsingar vikunnar á **visir.is**

## BÍLAR & FARARTÆKI


Stofnað 1974

Bílamarkaðurinn



HONDA HR-V Árg 2005, ek 136 Þ.KM, sjálfskiptur. Verð 890þ Rnr.233099.



HYUNDAI Santa FE 10/2015, ekinn 33 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur, leður ofl. Verð 6.680þ Rnr.108975.



SUBARU Forester X. Árg 2010, ek 87 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.990þ Rnr.109029.

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

BÍLAHÖLLIN
S: 567-4949



SUZUKI Swift gl. Árgerð 2015, ekinn 39 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.890.000. Rnr.288261.



TOYOTA Yaris active. Árgerð 2015, ekinn 13 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.590.000. Rnr.151617.



VW Golf highline. Árgerð 2014, ekinn 33 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.290.000. Rnr.288269.

BÍLAHÖLLIN
S: 567-4949



TOYOTA Hilux d/c, sr 33". Árgerð 2015, ekinn 9 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.950.000. Rnr.151624.



SKODA Superb ambition diesel. Árgerð 2016, ekinn 2 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.590.000. Rnr.288152.

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**


## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Húsbílar



Nýr Hobby Premium 70 húsbíll 150 hestafla diesel 6 gíra Hraðastillr Loftkæling Leiðsögukerfi Bakk myndavél Útvarp / geislaspilari Litur, Svartur metalick / hvítur Heildarlengd7, 44 metrar 2 Hjónarúm, eitt upp í lofti sett niður með rafmagni. Rafm trappa Stór ískápur Sér sturta Sér klósett Markisa Sólarsella Grand bíll með öllu. Verð 13,6 millj með vsk Uppl. gefur Bóas í síma 7775007 boas@b1.is

## Hjólhýsi



Hobby 460 Ufe DeLuxe Edition Nýtt 2016 árg til afhendingar strax. Stór Ískápur, rafgeymir og sólarsella og fleira. Verð 3.660.000 Upplýsingar Bóas sími 7775007 boas@b1.is

## Bátar


MARÁS

TOHATSU
UTANBORÐSMÓTORAR




Léttir | Kraftmiklir
Fyrirferðalitlir | Sparneytnir
Hljóðlátir | 2,5-250 hö

Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...

börn eiga rétt á læknisaðstoð og heilbrigðisþjónustu.


## Hjólbarðar


VAKA




**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## ÞJÓNUSTA

## Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

## Garðyrkja

Útsala stórar plöntur. Veljum íslenskt. Blómsturvellir v. Reykjalund. Virka daga 12-17 s. 8641202




HONDA

**Accord Sport**
Nýskráður 8/2007, ekinn 130 þús.km., bensín, sjálfskiptur 5 gírar.
**Verð kr. 1.450.000**



TOYOTA

**Yaris Sol**
Nýskráður 12/2014, ekinn 22 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.540.000**



BÍLL DAGSINS

**Chevrolet Captiva**
Nýskráður 8/2011, ekinn 80 þús.km., dísel, sjálfskiptur 6 gírar, 100% þjónustubók.

**Bíll dagsins kr. 3.300.000**



TOYOTA

**Rav4 GX**
Nýskráður 3/2006, ekinn 169 þús.km., bensín, sjálfskiptur 4 gírar.
**Verð kr. 1.650.000**



PEUGEOT

**508SW Active**
Nýskráður 5/2012, ekinn 79 þús.km., dísel, sjálfskiptur 6 gírar.
**Verð kr. 2.850.000**



PEUGEOT

**207 S16 með glerþaki**
Nýskráður 4/2007, ekinn 116 þús.km., bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 950.000**



LEXUS

**GS450H**
Nýskráður 6/2006, ekinn 110 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.390.000**



PEUGEOT

**308 Style**
Nýskráður 9/2015, ekinn 5 þús.km., dísel, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.790.000**



PEUGEOT

**3008**
Nýskráður 6/2014, ekinn 55 þús.km., dísel, sjálfskiptur 6 gírar.
**Verð kr. 3.540.000**

**Opnunartími**
**Mánudaga - föstudaga**
**milli kl. 10:00 og 18:00**
**Opið á laugardögum**
**milli kl. 12:00 og 16:00**

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR

**Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is**

## fasteignir

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Hlíðarvegur 29 - Kóp. 3ja herb. íbúð m/ sérinngangi.**

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Glæsileg og nánast algjörlega endurnýjuð 93,3 fm. íbúð með sérinngangi á 1. hæð með stórri vestur verönd á frábærum stað í suðurhlíðum Kópavogs. Íbúðin var öll tekin í gegn árið 2013. Rúmgóð stofa og tvö herbergi. Hús að utan hefur verið pússað og málað ásamt því að helluleggja fyrir framan hús og setja hitalagnir þar undir. **Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning. Verð 34,9 millj. Gengið inn bakatil. Verið velkomin.**

## tilkynningar

Skipulagsstofnun

### Mat á umhverfisáhrifum

**Ákvörðun um matsskyldu**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að framkvæmdin

**Framleiðsla á allt að 500 tonnum af laxaseiðum í Sveitarfélaginu Ölfusi**

skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106 /2000. Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **5. september 2016.**

## atvinna

# Húsvörður

Húsfélagið að Blásölum 22 í Kópavogi vill ráða húsvörð í hlutastarf en í húsinu eru 46 íbúðir.

Verkefni húsvarðar eru þrif á sameign, almenn umhirða húss, lóðar og bílastæða auk almenns viðhalds og endurbóta.

Húsvörður þarf að vera laghentur og útsjónarsamur og skal hafa auga fyrir snyrtimennsku og því sem betur má fara.

Lögð er áhersla á að umsækjandi sé sé jákvæður að eðlisfari og með góðan samstarfsvilja.

Skriflegar umsóknir ásamt ferilskrá og meðmælum berist: Eignaumsjón hf. Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík eða starfsumsokn@eignaumsjon.is

**Umsóknarfrestur er til og með 11. ágúst 2016.**

# Ertu að leita að talent?



Við finnum starfsmanninn fyrir þig



TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF
www.talent.is



# Ef þú ert með rétta starfið — erum við með réttu manneskjuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is

nettoline

# HÁGÆÐA DANSKAR ELDHÚSINNRÉTTINGAR














## VIÐ HÖNNUM OG TEIKNUM FYRIR ÞIG

Komdu með eða sendu okkur málin af eldhúsinu, baðinu, þvottahúsinu, anddyrinu eða svefnherberginu - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki og vönduð raftæki á vægu verði.

**Opið:**
Mán. - fim. kl. 09-18
Föstud. kl. 09-17
Lokað á laugardögum í sumar

15 ÁRA
STOFNAÐ 2000

Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • friform.is

KREATIV



### Markamaskína

| | | |
|---|---|---|
| 2013 Fylkir | 13 MÖRK | 22 LEIKIR |
| 2014 Vålerenga | 25 MÖRK | 29 LEIKIR |
| 2015 Jiangsu Suning | 9 MÖRK | 28 LEIKIR |
| 2016 Malmö FF | 12 MÖRK | 16 LEIKIR |

# Nýtti mótlætið sem hvatningu

**Viðar Örn Kjartansson er á flugi í sænsku deildinni þar sem hann er markahæstur. Hann segist finna fyrir miklum áhuga frá öðrum liðum. Viðar komst ekki í EM-hópinn og viðurkennir að það hafi verið sárt.**

Henry Birgir Gunnarsson
henry@frettabladid.is

**FÓTBOLTI** „Lífið leikur við mig. Síðustu dagar og vikur hafa verið alveg frábærar,“ segir framherjinn Viðar Örn Kjartansson og skal engan undra að hann sé með sól í hjarta þessar vikurnar.

Hann varð faðir í fyrsta sinn í upphafi sumars, er orðinn markahæsti leikmaður sænsku úrvalsdeildarinnar og lið hans, Malmö, trónir þess utan á toppi sænsku úrvalsdeildarinnar.

**Veit ekki hvernig ég fer að þessu**

„Þegar sjálfstraustið er svona mikið þá finnst manni ekkert mál að skora tvö til þrjú mörk í leik. Mörkin koma án þess að maður viti af því hreinlega. Ég veit ekki hvernig ég fer að þessu en vonandi heldur þetta áfram svona,“ segir Selfyssingurinn en hann búinn að skora 12 mörk í 16 leikjum. Tveimur mörkum meira en næstmarkahæsti maður deildarinnar.

Það gekk þó mjög illa framan af hjá Viðari Erni sem og liðinu. Hann skoraði ekki í fyrstu fimm leikjum liðsins en hefur síðan skorað 12 mörk í 11 leikjum. Liðið hefur í kjölfarið farið á flug.

„Bæði í Kína og Noregi hóf ég tímabilin með því að skora strax mörk og komst því í gang. Það var nýtt að byrja illa og pressan var orðin gífurleg. Allir hættir að trúa á mann og farið að tala um að ég væri lélegur og svona. Svo skoraði ég þrennu og þá fóru hlutirnir að rúlla. Framherji getur verið að skora mörk í öllum deildum heimsins ef hann er með sjálfstraust. Það er fátt mikilvægara fyrir framherja,“ segir Viðar Örn en hann fékk styttra undirbúningstímabil en hann er vanur er hann kom til Svíþjóðar frá Kína þar sem hann var að spila.

**Var of þungur í upphafi**

„Ég var byrjaður að spila mánuði eftir lendingu en er vanur að fá að minnsta kosti tvo mánuði. Ég held ég hafi verið of þungur er tímabilið hófst. Þá var ég 90 kíló en er núna 84. Ég var líklega að lyfta of mikið. Það munar um þessi sex kíló. Ég er líka sex kílóum léttari í höfðinu.“

Það kom mörgum á óvart, þar á meðal Viðari Erni, að hann var ekki valinn í EM-hóp Íslands. Hann lét þá leiðinlegu reynslu ekki brjóta sig niður heldur styrkja sig.

„Ég reyndi að nýta þetta svekkelsi á jákvæðan hátt. Mér finnst ég alltaf eiga skilið að vera í landsliðinu og það var auðvitað sjokk að vera ekki valinn. Ég varð samt að taka því eins og maður. Í stað þess að grenja yfir þessu ákvað ég að nýta mótlætið sem hvatningu. Ég ákvað að reyna að verða betri og finnst það hafa gengið vel,“ segir framherjinn sem getur þó ekki neitað því að það hafi verið einkar sárt að komast ekki til Frakklands.

**Erfitt að fá fréttirnar**

„Það var skelfilegt að komast ekki eftir að hafa verið með liðinu alla undankeppnina. Það var rosalega erfitt að fá fréttirnar. Maður gladdist auðvitað með liðinu á mótinu en langaði samt svo mikið að vera með strákunum. Ég taldi mig eiga góða möguleika á að vera valinn og var frekar hissa á að vera ekki valinn. Mér fannst ég eiga skilið að vera valinn en ber virðingu fyrir valinu. Strákarnir stóðu sig frábærlega og hefðu ekkert farið lengra með mig í liðinu.“

**Pressa hjá Malmö**

Selfyssingurinn hefur svo sannarlega hrist af sér svekkelsið og ef hann heldur áfram að spila svona er leiðin í landsliðið greið á nýjan leik. Hann segir að það sé aftur á móti ný reynsla að spila með besta liði Svíþjóðar.

„Það er erfiðara að spila með besta liðinu. Það fylgir miklu meiri pressa að spila hér en með Vålerenga sem er þó stórt lið. Hér þarf helst að skora í hverjum leik og væntingarnar meiri. Ég kann samt vel við þessa pressu sem maður lærir af,“ segir Viðar en það var mikil pressa á öllu liðinu framan af á meðan illa gekk.

**Síminn hringir mikið**

Þegar leikmenn spila vel í sterkri deild eins og í Svíþjóð þá vekja þeir athygli. Viðar neitar því ekki að hann finni fyrir áhuga.

„Ég verð að viðurkenna að síminn er búinn að hringja mikið. Ég er samt nýkominn en Malmö er vel statt félag og þarf ekkert á peningum að halda. Það er samt gott að vita af áhuga liða á manni þó að mér líði vel í Malmö,“ segir Viðar. En eru einhverjar líkur á því að hann söðli um á næstunni?

„Maður veit aldrei. Það er mikill áhugi í gangi en miðað við þann verðmiða sem er á mér þá tel ég ekki líklegt að ég fari. Það er samt í góðu lagi mín vegna því hér líður mér vel og gengur vel. Ég get ekki kvartað yfir neinu.“

henry@frettabladid.is

## Nýjast

**Pepsi-deild karla**

**ÍBV - Fjölnir 0-2**

0-1 Tobias Salquist (34.), 0-2 Þórir Guðjónsson (93.).

Eyjamenn misstu af tækifæri til að fjarlægjast botnbaráttuna er þeir töpuðu fyrir Fjölni, 2-0. Grafarvogsliðið vann sinn fyrsta sigur í síðustu fjórum leikjum.

**KR - Þróttur 2-1**

1-0 Björgvin Stefánsson (8.), 1-1 Kennie Chopart (44.), 1-2 Jeppe Hansen (45.).

KR náði að lyfta sér frá fallsvæði deildarinnar með mikilvægum sigri á botnliði Þróttar eftir að hafa lent 1-0 undir.

**Breiðablik - Fylkir 1-1**

1-0 Damir Muminovic (54.), 1-1 Emil Ásmundsson (57.).

Blikar gáfu eftir í toppbaráttunni en Fylkismenn kræktu í mikilvægt útivallarstig. Árbæingar eru þó enn í fallsæti.

**ÍA - FH 1-3**

1-0 Þórður Þorsteinn Þórðarson (16.), 1-1 Atli Viðar Björnsson (34.), 1-2 Atli Viðar (51.), 1-3 Jeremy Serwy (62.).

ÍA var loks stöðvað eftir fimm leikja sigurgöngu en Íslandsmeistarar FH vann sannfærandi 3-1 sigur á Skaganum og er með fimm stiga forystu á toppi Pepsi-deildarinnar.

**Valur - Víkingur Ó 3-1**

1-0 Sigurður Egill Lárusson (8.), 2-0 Kristinn Freyr Sigurðsson, víti (23.), 2-1 Pontus Nordenberg (65.), 3-1 Kristinn Freyr (69.).

Valur vann mikilvæg stig gegn Ólafsvíkingum sem féllu niður í áttunda sæti með sínu þriðja tapi í röð.

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| FH | 28 | Víkingur R | 18 |
| Fjölnir | 23 | Víkingur Ó | 18 |
| Stjarnan | 23 | KR | 16 |
| Breiðablik | 23 | ÍBV | 14 |
| ÍA | 19 | Fylkir | 9 |
| Valur | 18 | Þróttur | 7 |

**EIÐUR SMÁRI HÆTTI HJÁ MOLDE**

Eiður Smári Guðjohnsen hefur spilað sinn síðasta leik fyrir Molde í Noregi en það var tilkynnt í gær. Hann er óviss um hvort hann muni finna sér nýtt félag en Eiður Smári er 37 ára og hefur ekki ákveðið hvort ferlinum sé nú lokið.

**SVEKKJANDI HJÁ U-20**

Íslenska U-20 karlalandsliðið í handbolta mátti þola erfitt tap gegn Frakklandi, 38-31, á EM í Danmörku í gær og komst liðið þar með ekki í undanúrslit mótsins. Strákarnir munu þess í stað spila um 5.-8. sætið og mæta Dönum á morgun. Spánn, Króatía, Frakkland og Þýskaland komust í undanúrslitin.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 15.50 | Írak - Danmörk | Sport |
| 17.50 | Hondúras - Alsír | Sport 2 |
| 18.50 | Brasilía - S-Afríka | Sport 3 |
| 19.05 | Leiknir - Selfoss | Sport 4 |
| 19.30 | Stjarnan - Víkingur R | Sport |
| 19.55 | Mexíkó - Þýskaland | Sport 2 |
| 20.50 | Portúgal - Argentína | Sport 5 |
| 21.50 | Svíþjóð - Kólumbía | Sport 3 |
| 22.00 | Pepsimörkin | Sport |
| 22.50 | Fiji - Suður-Kórea | Sport 2 |
| 00.50 | Nígería - Japan | Sport |

**Pepsi-deild kvenna**

| | | |
|---|---|---|
| 19.15 | Breiðablik - Selfoss | Kópav. |

**Pepsi-deild karla**

| | | |
|---|---|---|
| 20.00 | Valur - Víkingur Ó. | Valsvöllur |

**Inkasso-deildin**

| | | |
|---|---|---|
| 19.15 | Haukar - Fram | Ásvellir |
| 19.15 | Leiknir R. - Selfoss | Leiknisv. |


HB
HÚSGAGNA BANKINN
LAGERSALA
FAXAFEN 10, 108 REYKJAVÍK - 511 0030
Opið frá 13.00 - 18.00
Bluetooth heyrnatól
Verð .5.900
Noise Reduction, þráðlaus, handfrjáls, innbyggður míkrófónn
Blackview Omega Pro 5.0"
Verð 36.000
HD 4G LTE farsími Octa Core 3GB RAM 16GB ROM 13MP
Hurricane blutooth heyrnatól
Verð 8.900
Frábær hljómgæði, flottur bassi og innbyggður míkrófónn
Blackview 5.0" Quad Core
Verð 16.900
5.0" Quad Core Android 5.1 1GB RAM 8GB ROM fyrir 2 símkort
Sími / Snjallúr bluetooth
Verð 7.900
Gsm sími, Sport snjallúr með bluetooth og snertiskjá
Bow fronted stofuskápur - verð 297.000
Tilboð 237.000
eða 20.846 kr á mánuði
Stærð 180 x 50 sm - h. 210 sm
Classico sófasett - ekta leður - verð 437.000
Tilboð 370.000
eða 32.318 kr á mánuði
Sófi 198 sm - stóll 102 x 89 sm h. 87 sm
French Curio - verð 165.000
Tilboð 105.000
eða 9.461 kr á mánuði
Stærð 70 x 40 sm - h. 190 sm
Sjónvarpsskápur - verð 242.000
Tilboð 194.000
eða 17.138 kr á mánuði
Stærð 180 x 45 sm - h. 60 sm
Sófaborð með skúffur - verð 93.000
Tilboð 67.000
eða 6.184 kr á mánuði
Stærð 110 x 60 sm - h. 53 sm
Hliðarborð - verð 79.000
Tilboð 63.000
eða 5.839 kr á mánuði
Stærð 90 x 40 sm - h. 86 sm
Innskotsborð - verð 57.000
Tilboð 48.000
eða 4.545 kr á mánuði
Stærð 60 x 45 sm - h. 60 sm
Carrera lyftistóll - verð 159.000
Áklæði - tilboð 119.000
eða 10.669 kr á mánuði
Stærð 82,5 x 96 sm - h. 109 sm
Carrera hægindastóll - verð 139.000
Ekta leður - tilboð 99.000
eða 8.944 kr á mánuði
Stærð 82,5 x 96 sm - h. 109 sm
Rubelli hægindastóll - verð 89.000
Áklæði - tilboð 69.000
eða 6.356 kr á mánuði
Stærð 82 x 90 sm - h. 105 sm
Sheraton stóll - verð 48.000
Tilboð 56.000
eða 5.235 kr á mánuði
Stærð 75 x 50 sm - h. 75 sm
Chippendale stóll - verð 49.000
Tilboð 39.000
eða 3.769 kr á mánuði
Stærð 55 x 45 sm - h. 105 sm
12 mán. vaxtalaust - Upphæðir miðast við raðgreiðslur með kreditkorti í 12 mánuði, 0% vextir, 3,5% lántökugjald og 405 kr. greiðslugjald
www.husgagnabankinn.is

## Merkisatburðir

**1796** Hannes Finnsson Skálholtsbiskup deyr. Hann er einn menntaðasti Íslendingur sinnar tíðar. Af ritum hans má til dæmis nefna Um mannfækkun af hallærum á Íslandi.
**1907** Ungmennafélag Íslands er stofnað og er fyrsti formaður þess Jóhannes Jósefsson.
**1914** Fyrri heimsstyrjöldin: Þýskaland ræðst á Belgíu. Í kjölfarið lýsir Bretland yfir stríði við Þýskaland. Bandaríkin lýsa yfir hlutleysi.
**1928** Ásta Jóhannesdóttir syndir frá Viðey til Reykjavíkur. Sundið tekur tæpar tvær klukkustundir og er um fjórir kílómetrar.
**1947** Hæstiréttur Japans er stofnaður.
**1984** Efri-Volta tekur upp nafnið Búrkína Fasó.
**1993** Alríkisdómari dæmir tvo lögreglumenn frá Los Angeles í þrjátíu mánaða fangelsi fyrir að hafa brotið á réttindum Rodneys King.
**2007** NASA sendir geimfarið Fönix út í geiminn.



**Jóna Valdís og Tómas Óskar eru vel að sér í málum blóma og býflugna og munu fræða þátttakendur í göngunni um einstakt viðskiptasamband þessara lífvera.** MYND/EYÞÓR

# Skoða einstakt samband býflugna og blóma

**Ganga verður í Grasagarðinum og Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í dag. Fræðst verður um blómin og býflugurnar. Plönturnar eru í fullum blóma um þessar mundir sem og býflugnaræktun húsdýragarðsins og aldrei að vita nema boðið verði upp á hunangssmakk.**

Í dag verður farin ganga um Grasagarð Reykjavíkur og Fjölskyldu- og húsdýragarðinn þar sem veitt verður fræðsla um býflugurnar og blómin. Að sögn Jónu Valdísar Sveinsdóttur, garðyrkjufræðings í Grasagarðinum og eins aðstandenda göngunnar, eru plönturnar í fullum blóma um þessar mundir og því verður spennandi að sjá hvort megi sjá býflugur frjóvga blómin í Grasagarðinum. Einnig verða býflugnabúin í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum skoðuð en Tómas Óskar Guðjónsson, forstöðumaður Fjölskyldu- og húsdýragarðsins og annar umsjónarmaður göngunnar, hefur verið með búin þar í mörg ár.

„Þetta verður fróðleg ganga en við byrjum á að kíkja aðeins í Grasagarðinn og á blómin þar en áhersla göngunnar er þó á býflugurnar. Svo færum við okkur yfir í húsdýragarðinn þar sem Tómas er með býflugnaræktun og hunangsframleiðslu. Býflugnarækt verður sífellt vinsælli á Íslandi,“ segir Jóna.

> **Þetta er í rauninni hálfgert viðskiptasamband. Báðir aðilar græða, getur maður ekki kallað það góð viðskipti?**

Sambandið milli býflugna og blóma er ansi áhugavert en það verður á meðal þeirra atriða sem farið verður yfir í göngunni. „Þetta er í rauninni hálfgert viðskiptasamband. Báðir aðilar græða, getur maður ekki kallað það góð viðskipti?“ segir Jóna og hlær. „Það er líka gaman að fylgjast með því að þegar býflugur finna sér góðan stað þá láta þær hinar vita með því að dansa.“

Býflugurnar og blómin treysta hvert á annað til þess að lifa og fjölga sér. Býflugan þarf prótein úr frjókornunum í blóminu til þess að lifa og fara svo með frjókornin á milli blóma til þess að frjóvga þau. „Náttúran er svo merkileg og við eigum býflugunum margt að þakka. Sagt er að býflugurnar eigi heiðurinn af þriðja hverjum bita sem við borðum. En það eru fleiri flugur en býflugur sem eru nytjadýr hérlendis, humlur eru til dæmis notaðar til þess að frjóvga tómata hérna á Íslandi.“

Gangan verður farin klukkan 12 í dag og það er aldrei að vita nema hunangssmakk úr Laugardalnum verði í boði fyrir áhugasama.

gunnhildur@frettabladid.is

---



✝

Ástkær sonur minn,
faðir okkar, afi og bróðir,

**Birgir Skúlason**

lést föstudaginn 22. júlí.
Útför hans fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 5. ágúst kl. 13.00.

**Freyja Sigurpálsdóttir**
**Andri Birgisson**
**Birna Dröfn Birgisdóttir**
**Viktor Birgisson**
**afabörn og systkini.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Ester Snæbirna Snæbjörnsdóttir**
Seljahlíð,

lést á hjúkrunarheimilinu Seljahlíð
sunnudaginn 31. júlí.
Útförin verður frá Seljakirkju miðvikudaginn 10. ágúst kl. 13.00.

**Hafþór Sigurbjörnsson** **Erla Björg Magnúsdóttir**
**Sigurður Rósant Sigurbjörnsson** **Hafdís Ingimundardóttir**
**Ingibjörg Elín Sigurbjörnsdóttir** **Sigurður Eyþórsson**
**Páll I. Blöndal Sigurbjörnsson** **Elfa Dís Austmann**
**Aðalheiður (Allý) Sigurbjörnsdóttir**
**Sigurbjörn Blöndal Sigurbjörnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Pétur Vignir Yngvason**

sem lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri fimmtudaginn 28. júlí verður jarðsunginn frá Skútustaðakirkju föstudaginn 5. ágúst klukkan 14.00.

Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð Heimahlynningar á Akureyri. Reikningsnúmer 162-05-62158, kt. 570397-2819.

**Yngvi Hrafn Pétursson** **Helena Guðlaug Bjarnadóttir**
**Inga Gerða Pétursdóttir** **Jón Ágúst Guðmundsson**
**Jón Sigurbjörn Pétursson**
**Ásbjörn Garðar, Arnór Kári, Álfrún Lóa og Áróra Mjöll**

---



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

**Þorgerður Þorvaldsdóttir**
til heimilis að Valsheiði 23,
Hveragerði,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 30. júlí. Útförin fer fram frá Hveragerðiskirkju laugardaginn 6. ágúst kl. 14.00.

Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknardeild Landspítalans sem við færum sérstakar þakkir.

**Jón Helgason**
**Eiríkur Jónsson** **Dipa Rana Gurung**
**Þorvaldur Jónsson** **Disa Thao Thi Pham**
**Sara Huld Jónsdóttir**
**og barnabörn.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

**Jóna Sigurðardóttir**
frá Urriðaá,
Borgarbraut 65a, Borgarnesi,

sem andaðist laugardaginn 23. júlí,
verður jarðsungin frá Borgarneskirkju
mánudaginn 8. ágúst kl. 14.00.

**Svandís Edda Ragnarsdóttir**
**Hanna S. Kjartansdóttir** **Anders Larsen**
**Eyþór Kjartansson**
**Haukur Kjartansson** **Svanhildur Ólafsdóttir**
**og barnabörn.**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

**Jónu Örnólfsdóttur**
Hjúkrunarheimilinu Eyri, Ísafirði.

**Jón Þ. Kristjánsson** **Hjördís Ólafsdóttir**
**Hildur Jósefsdóttir**
**Þ. Margrét Kristjánsdóttir** **Pétur I. Pétursson**
**Indriði A. Kristjánsson** **Carolyn Kristjánsson**
**Hörður Kristjánsson** **Björk Guðlaugsdóttir**
**Kristján F. Kristjánsson** **Guðný H. Yngvadóttir**
**barnabörn og fjölskyldur.**

# SKIPTIBÓKABÓNUS!

# +400

Penninn Eymundsson
Smáralind, Kringlan, Mjódd, Hallarmúli, Austurstræti, Hafnarfjörður, Keflavík, Akranes, Akureyri, Ísafjörður, Húsavík, Vestmannaeyjar.
KT:560109-0670 VSK:100269

## VÖRUSKIL

| Lýsing | | Upphæð |
|---|---|---|

**SKIPTIBÓKABÓNUS**
**+ 400** kr. fyrir hverja bók

| | | |
|---|---|---|
| Stærðfræði | 1.stk | 2.320 |
| Skiptibókabónus | | 400 |
| Líffræði | 1.stk | 2.400 |
| Skiptibókabónus | | 400 |

Samtals kr. 4.720(+800)

Inneignarnóta - 5.520

Fyrir hverja bók sem þú skilar færðu auka 400 kr. inneign.
Þökkum viðskiptin




# PASSAÐU AFGANGINN

Fyrir hverja skiptibók sem þú skilar inn færðu **400 krónur í bónus**! Í þokkabót færðu **5% vildarafslátt** af öllum vörum - líka námsbókum!
Í Pennanum Eymundsson færðu **MIKLU MEIRA** fyrir bækurnar þínar.
Tilboðið gildir út sunnudaginn 10. ágúst.

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

**EKKI MISSA AF ÞESSU! SKIPTU BÓKUNUM ÞÍNUM NÚNA!**

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl. 400 kr. bónus gildir 7. ágúst, til og með 10. ágúst. Penninn Eymundsson áskilur sér rétt á að neita móttöku skiptibóka.

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Fimmtudagur




Fremur hæg norðlæg eða breytileg átt í dag. Skýjað með köflum og víða rigningarskúrir, einkum síðdegis. Hiti 8 til 15 stig.

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 11° | 8° | 10° |
| ↘ 3 | ↙ 3 | ↙ 2 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 12° | 13° | 8° |
| ↗ 1 | ↑ 3 | ↑ 3 |

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 13° | 9° | 12° |
| ← 4 | ↙ 3 | ↓ 3 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 12° | 14° | 9° |
| ↖ 5 | ← 7 | ↖ 2 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. umstang
6. í röð
8. drulla
9. keyra
11. leita að
12. andin
14. hæ
16. nafnorð
17. sægur
18. ránfugl
20. bókstafur
21. velta

**LÓÐRÉTT**
1. jurt
3. skóli
4. brá
5. bar
7. hvasst horn
10. fæða
13. angan
15. rænuleysi
16. á nefi
19. núna



**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** ómak, **6.** rs, **8.** aur, **9.** aka, **11.** gá, **12.** sálin, **14.** halló, **16.** no, **17.** mor, **18.** örn, **20.** ká, **21.** snúa.
**LÓÐRÉTT: 1.** gras, **3.** ma, **4.** augnlok, **5.** krá, **7.** skáhorn, **10.** ala, **13.** ilm, **15.** óráð, **16.** nös, **19.** nú.

### Skák Gunnar Björnsson

Hartung átti leik gegn Chandler í Danmörku árið 1992.

**1. ... Bg2+! 2. Kxg2** (2. Hxg2 Df1+) **Re1+** 0-1. Íslandsmót kvenna hófst í gærkveldi með fyrstu umferð.
**www.skak.is:** Hannes og Bragi í Dresden.

**Svartur á leik**






## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | | 6 | 1 | 5 | | |
| | | 1 | | 2 | 4 | | | 3 |
| | 6 | | | | | | 8 | |
| | | 6 | 4 | | | | | |
| 4 | 7 | 2 | | | 5 | | | 9 |
| | 8 | | 9 | 1 | | 6 | 4 | |
| | | 9 | | | | 7 | | |
| 8 | 3 | | 7 | | | | | |
| | 4 | | | | 3 | 8 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 9 | | 7 | | 6 | | |
| | | | 6 | | | | 3 | 1 |
| | | 6 | | | | 7 | | 8 |
| | | 3 | | 9 | | | | 7 |
| | 5 | | | | 7 | 1 | | 9 |
| | | | | 5 | 8 | | | 4 |
| | | 2 | | | | 8 | | |
| 8 | | | 5 | 2 | | | | |
| 9 | 1 | | | | 3 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | 5 | | | 9 | | 7 | |
| | 8 | 3 | | | 4 | | | 5 |
| | | | | | 8 | 2 | | |
| | | | 2 | 4 | | | | |
| 1 | | | | | | 5 | 9 | |
| | 4 | 7 | | | | 8 | | |
| | | | 3 | | | 7 | 2 | |
| | | | | | 1 | 3 | | |
| | | | 8 | | | | | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 3 | 7 | 2 | 4 | 9 | 6 | 5 |
| 4 | 5 | 2 | 6 | 3 | 9 | 8 | 7 | 1 |
| 9 | 6 | 7 | 5 | 8 | 1 | 2 | 3 | 4 |
| 3 | 7 | 6 | 1 | 9 | 8 | 4 | 5 | 2 |
| 1 | 8 | 5 | 2 | 4 | 7 | 6 | 9 | 3 |
| 2 | 9 | 4 | 3 | 5 | 6 | 7 | 1 | 8 |
| 5 | 2 | 9 | 4 | 6 | 3 | 1 | 8 | 7 |
| 6 | 4 | 1 | 8 | 7 | 5 | 3 | 2 | 9 |
| 7 | 3 | 8 | 9 | 1 | 2 | 5 | 4 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 1 | 8 | 6 | 7 | 3 | 5 | 2 | 4 |
| 5 | 6 | 3 | 1 | 2 | 4 | 9 | 7 | 8 |
| 7 | 2 | 4 | 5 | 9 | 8 | 6 | 1 | 3 |
| 8 | 5 | 6 | 4 | 1 | 9 | 7 | 3 | 2 |
| 1 | 7 | 9 | 2 | 3 | 5 | 4 | 8 | 6 |
| 3 | 4 | 2 | 7 | 8 | 6 | 1 | 9 | 5 |
| 6 | 3 | 1 | 8 | 4 | 7 | 2 | 5 | 9 |
| 2 | 8 | 5 | 9 | 6 | 1 | 3 | 4 | 7 |
| 4 | 9 | 7 | 3 | 5 | 2 | 8 | 6 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 3 | 9 | 7 | 8 | 4 | 2 | 6 | 5 |
| 2 | 4 | 6 | 9 | 5 | 1 | 7 | 3 | 8 |
| 7 | 5 | 8 | 3 | 6 | 2 | 1 | 4 | 9 |
| 3 | 7 | 1 | 6 | 9 | 5 | 4 | 8 | 2 |
| 5 | 9 | 4 | 8 | 2 | 3 | 6 | 1 | 7 |
| 6 | 8 | 2 | 1 | 4 | 7 | 5 | 9 | 3 |
| 4 | 6 | 3 | 2 | 7 | 9 | 8 | 5 | 1 |
| 8 | 1 | 7 | 5 | 3 | 6 | 9 | 2 | 4 |
| 9 | 2 | 5 | 4 | 1 | 8 | 3 | 7 | 6 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



**Brúsi og nestisbox að verðmæti 2.498 kr. fylgja öllum Explore skólatöskum.***





*Athugið að vöruúrval er mismunandi á milli verslana.
Gæða brúsi og nestisbox fylgja hverri keyptri Explore tösku á meðan birgðir endast. Plastið í vörunum er án allra eiturefna (svo sem PVC, Þalata og BPA). Fást bæði í appelsínugulu og grænu.

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi

**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **Pinterest.com/A4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

**A4**
**SKÓLAVÖRUBÚÐIN ÞÍN**


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
100% Íslenskt ungnautakjöt
100% Íslenskt ungnautakjöt
NÝBAKAÐ!
179 kr. stk.
Baguette
ca. 245g
200kr verðlækkun pr. kg
1.698 kr. kg
Íslandsnaut Ungnautahakk
Verð áður 1898 kr. kg
2.998 kr. kg
Íslandsnaut Piparsteik
Ungnautasteik, fersk
GOTT VERÐ Í BÓNUS
1.598 kr. kg
Bónus Beikon
6 EXTRA STÓR EGG
298 kr. stk.
Stjörnuegg Stórstirni
6 stór egg, 462 g
79 kr. 420 g
ES Bakaðar baunir
420 g
198 kr. 500 ml
Heinz Tómatsósa
500 ml - 570 g
ENGIN KOLVETNI
179 kr. 591 ml
Powerade Zero
591 ml, 3 teg.
LÁGT VERÐ ALLA DAGA
KOMIÐ AFTUR
Ný sending LÆGRA VERÐ
Ný sending LÆGRA VERÐ
259 kr. 350 ml
Alberto Balsam Sjampó
350 ml
498 kr. 500 ml
TRESemmé Sjampó og næring
500 ml - Verð áður 598 kr.
298 kr. 250 ml
Garnier Fructis Sjampó
250 ml - Verð áður 349 kr.
398 kr. stk.
Bónus Scrubstone
Með svampi
Verð gilda til og með 7. ágúst eða meðan birgðir endast - *Sjá dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 317/2015 frá 21. janúar 2016

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




**498**
kr. kg

**Danpo Kjúklingur**
Danskur, heill, frosinn

# BÓNUS skilar til viðskiptavina

## ólöglegri gjaldtöku ríkisins við útboð á kjúklingakvóta til innflutnings á kjúklingakjöti*

TAKMARKAÐ MAGN
ÞRIÐJI SKAMMTUR
40.000 POKAR




**1.279**
kr. 900 g

**Euro Shopper Kjúklingabringur**
Frosnar, 900 g

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00



Björn Unnar Valsson ætlar að leiða hinsegin bókmenntagöngu á vegum Borgarbókasafnsins í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Veitir sýn inn í líf og **reynsluheim hinsegin fólks**

**Í kvöld verður gengin hinsegin bókmenntaganga um sagnaslóðir í Reykjavík á vegum Borgarbókasafnsins. Lesið verður úr verkum rithöfunda og skálda frá Elíasi Mar til Evu Rúnar Snorradóttur.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Hinsegin dagar standa nú sem hæst og á meðal fjölmargra bráðskemmtilegra viðburða á hátíðinni er hinsegin bókmenntaganga á vegum Borgarbókasafnsins í Reykjavík. Björn Unnar Valsson, verkefnisstjóri hjá Borgarbókasafninu, ætlar að leiða gönguna sem hefst í kvöld kl. 20 en gengið verður frá Grófinni um sögulega staði í borginni. Björn Unnar segir að áætlað sé að gangan taki um 90 mínútur en það verður víða staldrað við og lesnir textar eftir bæði samkynhneigða og gagnkynhneigða rithöfunda og skáld sem veita innsýn í samfélag og líf samkynhneigðra einstaklinga. „Það er nú nokkuð fjölbreyttur hópur höfunda og skálda sem ég ætla að lesa texta eftir í göngunni og þar á meðal má nefna Elías Mar, Málfríði Einarsdóttur, Elías Knörr, Guðberg Bergsson, Sjón, Vigdísi Grímsdóttur, Ingunn Snædal, Hallgrím Helgason og Evu Rún Snorradóttur.

Okkur langaði til þess að taka þátt í þessari skemmtilegu og mikilvægu hátíð og erum líka að leggja mikla áherslu á hinsegin bókakost safnsins á sama tíma þannig að það er tilvalið að koma við á safninu í vikunni og kynna sér hvað er í boði. Við höfum verið nokkrum sinnum áður með hinsegin bókmenntagöngu og þetta hefur verið að mælast vel fyrir og svo gætum við þess að vera með nýjungar í ár svo það er ekkert sem mælir á móti því fyrir þá sem hafa komið áður að mæta aftur.“

Björn Unnar segir að þrátt fyrir að vera göngustjóri í hinsegin bókmenntagöngunni í ár geti hann ekki stært sig af því að hafa stúderað hinsegin bókmenntir sérstaklega. „Nei, ég get nú ekki sagt það. En ég er sá sem er hvað mest með þessar göngur á minni könnu eins og er. Ég hef reynt að setja mig inn í þetta eins og ég frekast gat og þetta eru góðar bókmenntir sem verða þarna í för með okkur og það er lykilatriði. En ég get til að mynda ekki fullyrt um það hvort og þá hversu mikilvægur hluti af réttindabaráttunni þetta er en ég held að það hljóti að vera mikilvægur hluti af því hvernig utanaðkomandi aðilar, eins og ég sjálfur, geti fengið einhverja sýn á þessa hlið mannlífsins. Auk þess hlýtur það að vera mikilvægt fyrir þá höfunda sem eru hinsegin að geta skrifað um þann reynsluheim og þann hluta lífsins án þess að vera að fela það einhvern veginn. Það er verið að deila reynslu og lífi í bókmenntunum og það kristallast ákaflega vel hér.

Ef við lítum á Elías Mar þá var hann ákveðinn brautryðjandi í þessum efnum, lykilhöfundur ef svo má segja, sá fyrsti sem kemur beint fram með sína kynhneigð. Þemað í ár er sagan en í göngunni reynum við að taka soldið úr þessum breiða hópi í þessari löngu sögu. Lesum texta höfunda allt frá Elíasi Mar og yfir í bók sem kom út fyrir aðeins nokkrum mánuðum og heitir Tappi á himninum, eftir Evu Rún Snorradóttur, og vonandi náum við að sýna fram á ákveðna þróun með þessari nálgun. Það kostar ekkert í gönguna og vonandi geta því sem flestir komið og notið þeirra merku og góðu bókmennta sem þarna koma við sögu.“

## ÞOTUROK

**sviptist um eins og grásæng um tvær**
**naktar konur**
**sem vaða út í sjóinn með herpt kuldabros**
**nú finn ég að húðin er líffæri**
**hún dregst öll saman utan um mig**
**ég minnka**
**rokið feykir þokunni skyndilega frá**
**á barðinu standa tveir hvítar kindur**
**horfa stóískar á hamagang og gusur**
**mér líður eins og dóna með strípihneigð**
**fyrir framan þessa íhugulu jórtrandi kjálka**

*Ingunn Snædal: í fjarveru trjáa – vegaljóð (Bjartur, 2008)*

## GRÁTHOMMAR

**gráthommar**
**hvíla við kistuna**
**og sofna**
**eðlilegt væri þó**
**að þakka fyrir sig og fara heim**
**hafa ekki áhuga á frekari samskiptum**
**eftir athöfnina**
**en þeir eru svo faglega**
**svo þreytulega**
**væmnir**
**og samt**
**með ekkert nærtækara**
**en annað vinnufólk**
**en látni kúnninn hefur þörf fyrir nánd**
**og heldur sér grafkyrrum**

*Elías Knörr: Greitt í liljum (Partus, 2016)*

**AUK ÞESS HLÝTUR ÞAÐ AÐ VERA MIKILVÆGT FYRIR ÞÁ HÖFUNDA SEM ERU HINSEGIN AÐ GETA SKRIFAÐ UM ÞANN REYNSLUHEIM OG ÞANN HLUTA LÍFSINS.**


AFBURÐA BAKPOKAR
FYRIR SKÓLANN OG FERÐALAGIÐ
Þægilegt handfang
Frábær þægindi, vel bólstraðar axlarólar og bak
Sér fóðrað hólf fyrir gleraugu eða síma
Góð og vel varin hólf fyrir tölvu og spjaldtölvu
Sterkir, endingargóðir og flottir
Hólf fyrir vatnsflösku
The North Face Borealis bakpoki 17.990 kr.
THE NORTH FACE
NEVER STOP EXPLORING
The North Face bakpokar frá 11.990 kr.
ÚTILÍF
síðan 1974
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is



„Við Hallveig höfum hist nokkrum sinnum áður og mússíserað en þá með öðrum,“ segir Jóhannes.

# Verk eftir Atla Heimi, Grieg og Trónd Bogason

**Það verða íslensk-færeyskir tónleikar í Norræna húsinu í kvöld með Hallveigu Rúnarsdóttur og Jóhannesi Andreasen en hann bjó hér og starfaði við kennslu fyrir tuttugu árum og talar enn lýtalausa íslensku.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Hallveig Rúnarsdóttir sópransöngkona og Jóhannes Andreasen píanóleikari frá Færeyjum, koma fram á tónleikum í Arctic Concerts röðinni í Norræna húsinu í kvöld klukkan 20.30. Þar flytja þau blandaða efnisskrá norrænna sönglaga.

„Ég kom til landsins í gær (fyrradag) til að spila með Hallveigu. Við höfum hist nokkrum sinnum og mússíserað en þá með öðrum, til dæmis í jólaóratóríunni Messíasi. Nú ákváðum við að vera bara tvö,“ segir Jóhannes Andreasen píanóleikari. Jóhannes er færeyskur en talar lýtalausa íslensku. „Ég bjó hér í nokkur ár og kenndi við tónlistarskóla, aðallega í Kópavogi. Það var fyrir tuttugu árum en ég hef reynt að halda tungumálinu við,“ útskýrir hann og fer svo nokkrum orðum um efnisskrá tónleikanna í kvöld.

**VIÐ VÖLDUM AÐ FLYTJA TÓNLIST EFTIR ATLA HEIMI SVEINSSON OG GRIEG OG SVO SPILA ÉG LÍKA EITT FJÖGURRA MÍNÚTNA PÍANÓVERK EFTIR FÆREYINGINN TRÓND BOGASON, MANNINN HENNAR EIVARAR PÁLSDÓTTUR OG NÁNASTA SAMSTARFSMANN.**

„Við völdum að flytja tónlist eftir Atla Heimi Sveinsson og Grieg og svo spila ég líka eitt fjögurra mínútna píanóverk eftir Færeyinginn Trónd Bogason, manninn hennar Eivarar Pálsdóttur og nánasta samstarfsmann, svo þetta verður norrænt prógramm.“

Jóhannes fer lofsamlegum orðum um tónlist Atla Heimis, segir hana skemmtilega og vel skrifaða. „Ég hef oft áður spilað lög eftir Atla Heimi en ekki þau sem við flytjum núna.“

Jóhannes starfar bæði við kennslu og tónleikahald í Færeyjum. Kveðst þó ekki fastur í neinni hljómsveit þar, enda ekki sinfóníuhljómsveit þar sem starfar allt árið. „En ég spila yfirleitt með þegar settar eru saman sveitir, hvort sem það eru sinfóníu- eða kammersveitir.“

# Flæðandi teikningar um náttúruna á stórum skala í Verksmiðjunni á Hjalteyri

Tíu listamenn frá sex löndum, Argentínu, Bandaríkjunum, Kanada, Belgíu, Austurríki og Íslandi, koma sér fyrir í Verksmiðjunni á Hjalteyri í ágúst og þróa þar innsetningarverkið Sumarryk.

Gústav Geir Bollason er lykilmaður í Verksmiðjunni. Hvernig komst hann í samband við allt þetta fólk? „Það var í gegnum hinn kanadíska Jim Holyoak teiknara sem ég hitti hér á landi. Hann gerir fantasíukenndar, flæðandi teikningar á stórum skala sem snúast mikið um náttúruna, ferðast mikið um heiminn og hefur áhuga Íslandi. Hann valdi þennan fjölþjóðlega hóp sem fæst við teikningar, kvikmyndir, ljósmyndir og tónlist.

Hópurinn er valinn út frá hinu hráa rými og frábæra hljómi sem er í Verksmiðjunni og þar er líka gaman fyrir fólk að sýna sem vill fara svolítið út fyrir rammann, því þar eru stórir veggir og nóg rými,“ útskýrir hann.

Hluti hópsins ætlar að vera allan mánuðinn, þar á meðal foringinn Jim Holyoak. Allt ferlið sem þar fer fram verður tekið upp til notkunar síðar og Gústav Geir kveðst vera að leita að fólki sem á myndir og minningar úr húsinu og starfsemi þess þegar þar var síldarverksmiðja. „Það sem ég veit er að það voru Thorsarar sem komu Verksmiðjunni upp 1937 þegar síldin var vaðandi um allan sjó en bræðslu þar var hætt árið 1966. Fyrst á eftir var húsið notað undir skreið og skreiðarpökkun.“

Sýningin Sumarryk verður í vinnslu allan mánuðinn. Fólk getur alltaf gengið þar um milli klukkan 14 og 17 og um helgar verða skipulagðir viðburðir. Sá fyrsti á laugardaginn, 6. ágúst, verður í formi listamannaspjalls þar myndum af verkum þeirra sem þar dvelja þennan mánuð verður varpað upp. Tónlistarmennirnir koma um miðjan mánuðinn og aðalopnunin verður 27. ágúst.

Sýningin fær svo að anda áfram fram í september þó nýr hópur komi líka með sýningu inn. – gun



Tónlistarmennirnir Nick Kuepfer, Mat Shane og Neil Holyoak spila á hljóðfærin meðan teiknari skreytir vegginn.



Gústav Geir

**HANN VALDI ÞENNAN FJÖLÞJÓÐLEGA HÓP SEM FÆST VIÐ TEIKNINGAR, KVIKMYNDIR, LJÓSMYNDIROG TÓNLIST.**

**HÚSASMIÐJAN**
HLUTI AF BYGMA

# MÁLNINGAR DAGAR

## 20 % afsláttur af **ALLRI** málningu og viðarvörn






**20% afsláttur**

JOTUN
**2.396 kr**
~~2.995 kr~~
**Jotun Vegg&loft 3 ltr.**
Frábær ný innimálning fyrir veggi og loft. Gljásti 5. Blöndum alla liti.
7119781-83

**20% afsláttur**

JOTUN
**Pallaolía Jotun Treolje 3 ltr.**
Pallaolía á gagnvarið efni. Fáanleg glær, gullbrún, græn og einnig hægt að blanda fleiri liti.
7049123-33-37
**1.908 kr**
~~2.385 kr~~

Mest selda pallaolían í Húsasmiðjunni

# ÚTSALA Á VÖLDUM HEIMILISTÆKJUM

Electrolux **5 ÁRA ÁBYRGÐ**



ÚTSALA • ÚTSALA
**59.990 kr**
~~76.900~~
**Þvottavél** FW30L7120
7 kg, 1200 sn.
Orkunýting A+++.
1805690
Electrolux



ÚTSALA • ÚTSALA
**66.900 kr**
~~78.990~~
**Þurrkari** EDP2074PDW
Barkalaus með rakaþétti.
1860171
Electrolux



ÚTSALA • ÚTSALA
**72.990 kr**
~~84.900~~
**Uppþvottavél** ESF5521LOX
Orkunýting A+, þurrkhæfni A, þvottahæfni A, hljóðstyrkur 45 dB
1808975
Electrolux

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana.

MEIRI VERÐLÆKKUN • ENN MEIRI VERÐLÆKKUN • ENN MEIRI VERÐLÆKKUN • ENN MEIRI VERÐLÆKK



# LAGERHREINSUN

## á sumarvörum allt að 70% afsláttur

**Byggjum á betra verði**

www.husa.is



Jared Leto ásamt meðleikurum sínum úr Suicide Squad. Ætli Jared sé enn í karakter?

# Jókerinn **Jared Leto**

**Kvikmyndin Suicide Squad hefur fengið slæma dóma og hefur vakið nokkra athygli að Jókernum, leiknum af Jared Leto, bregður lítið fyrir í myndinni þrátt fyrir að hann hafi verið auglýstur sérstaklega í öllum stiklum og kitlum sem birtust fyrir útgáfu hennar.**

Ofurhetjumyndin Suicide Squad – eða kannski réttara að segja ofurillmennamyndin – er líklega gefin út sem svar DC við Guardians of the Galaxy og Deadpool, myndum keppinautarins Marvel. Hetjurnar í myndinni eru í raun illmenni – þar er leikið með andhetjuminnið sem virðist falla ansi vel í kramið hjá aldamótabörnum sem eru löngu komin með leiða á hetjum eins og Superman sem gera aldrei neitt rangt og félaga hans Batman sem, þrátt fyrir að hafa fyrst komið fram sem myrkur og töff karakter, er með mjög strangar siðferðisreglur. Í myndum Marvel er hins vegar fjallað um morðingja og þjófa sem segja dónabrandara og brjóta fjórða vegginn villt og galið. Í Sjálfsmorðssveitinni eru persónur sem auðveldlega gætu skipað sér í hóp með Deadpool og fleirum sem óútreiknanlegir og siðferðislega brenglaðir karakterar, svokölluð „wild cards“, og þar fer fremst í flokki eitt vinsælasta illmenni samtímans og ásinn í ermi DC – Jókerinn.

Fyrir frumsýningu Suicide Squad var mikið gert úr þeim mikla undirbúningi sem Jared Leto átti að hafa gengið í gegnum fyrir hlutverk sitt sem Jókerinn. Sögur fóru á kreik á internetinu þar sem því var lýst hvernig Jared Leto lifði og hrærðist í gervi Jókersins – enda þurfti leikarinn að fylla upp í ansi stór spor – Heath Ledger sló í gegn í hlutverkinu í kvikmyndinni The Dark Knight og á undan því var það Jack Nicholson sem brá sér í gervið fyrir útgáfu Tims Burton af Batman. Meðleikarar hans í myndinni töluðu um að hann væri alltaf í karakter á tökustað – Will Smith sagði í viðtali að hann hefði í raun aldrei hitt manneskjuna Jared Leto meðan á tökum stóð, Margot Robbie fékk senda lifandi rottu frá leikaranum og Leto átti víst að hafa hitt morðingja, geðsjúklinga og geðlækna til að skilja Jókerinn betur. Á flestum meðleikurum hans var að heyra að þeir væru ekki sáttir við Jared og fannst hann frekar pirrandi og jaðraði hegðun hans jafnvel við áreitni. Aðdáendur Jókersins virðast þó mjög sáttir – enda hefur lengi vel verið gert mikið úr Snillingum leiklistarinnar sem nota óhefðbundnar aðferðir við að koma sér í karakter. Þetta er svokallað „method acting“.

Því skýtur það nokkuð skökku við að nú þegar myndin hefur loksins verið frumsýnd taka að hrúgast inn mjög vondir dómar um hana og er hún sögð samhengislaus og illa gerð. Sérstaka athygli vekur að Jókerinn, sem Snillingurinn Jared Leto lét yfirtaka líf sitt, kemur mjög lítið fyrir í myndinni og þrátt fyrir allt púlið fyrir hlutverkið vekur það enga sérstaka athygli – Margot Robbie sýnir hins vegar góðan leik og auk hennar fær Viola Davis mikið lof. Í kringum þær hefur þó aldrei verið nein jákvæð umræða eins og var í kringum Jared Leto – enda er það ávallt svo með goðsögnina um Snillinginn sem beitir óhefðbundnum aðferðum til að komast í karakter – hann er nánast undantekningalaust karlmaður. Uppátæki Jareds Leto hljóma eftir á að hyggja eins og auglýsingabrella eða jafnvel tilraun leikarans til að gera sína túlkun jafn eftirminnilega og forvera sinna. Goðsögnin Sir Laurence Olivier sagði eitt sinn að leiklist snerist um að „læra línurnar sínar og passa sig að rekast ekki í húsgögnin“ – hann sendi örugglega aldrei neinum meðleikurum rottur.

stefanthor@frettabladid.is

## Frumsýningar



**THE SHALLOWS**
Spennumynd
Aðalhlutverk: Blake Lively, Óscar Jaenada, Angelo Jose.
Frumsýnd 17. ágúst
IMDb 6,8/10



**SAUSAGE PARTY**
Grínmynd
Aðalhlutverk: Seth Rogen, Kristen Wiig, Jonah Hill, Bill Hader, Michael Cera og James Franco.
Frumsýnd 10. ágúst
IMDb 7,5/10



**NERVE**
Spennumynd
Aðalhlutverk: Emma Roberts, Dave Franco, Emily Meade, Miles Heizer og Kimiko Glenn.
Frumsýnd 10. ágúst
IMDb 7,5/10




acer



# OKKAR HAGKVÆMASTA FULL HD MEÐ SSD !

Ótrúlega vel búin 15,6" fartölva miðað við verð. Ræsir sig á nokkrum sekúndum með ofurhröðum SSD diski auk þess sem hún kemur með Full HD háskerpuskjá sem stækkar vinnupláss í forritum og gerir texta skýrari. Intel örgjörvi og 6GB vinnsluminni.

ACE-NXGCEED018

**69.995**

INTEL ÖRGJÖRVI | 6GB VINNSLUMINNI | 128GB SSD DISKUR | 15,6" SKJÁR

## ACER HJÁ TÖLVULISTANUM Í 12 ÁR !

Tölvulistinn hefur verið umboðsaðili Acer á Íslandi í 12 ár eða frá árinu 2004. Þær hafa reynst viðskiptavinum okkar einstaklega vel og státa af mjög lágri bilanatíðni. Acer skólalínan í ár er sérstaklega sterk þar sem margar fartölvur frá Acer koma nú með hraðvirkum SSD diskum og FullHD skjám.



**49.995**

acer

## LÁGT VERÐ OG GÓÐ KAUP !

ACE-NXGCEED053

Brjálað skólaverð vegna magnkaupa. 15,6" fartölva fyrir alla hefðbundna tölvuvinnslu. Intel örgjörvi, Intel HD grafíkkjarni og 500GB harður diskur.

INTEL ÖRGJÖRVI | 4GB VINNSLUMINNI | 500GB DISKUR | 15,6" SKJÁR



**89.995**

acer

## EIN BESTU KAUPIN FRÁ ACER Í ÁR !

ACE-NXMVHED178

Ofurskýr FullHD skjár sem skapar meira vinnupláss, hraður 256GB SSD, 6GB vinnsluminni og Intel Pentium örgjörvi.

INTEL ÖRGJÖRVI | 6GB VINNSLUMINNI | 256GB SSD DISKUR | 15,6" SKJÁR



INTEL i3 OG 500GB

**74.995**

acer

ACE-NXGCEED060

Hágæða 15,6" Aspire fartölva með sprækum Intel i3 örgjörva, Intel HD 5500 grafíkkjarna og 500GB hörðum diski.

INTEL i3 ÖRGJÖRVI | 4GB VINNSLUMINNI | 500GB DISKUR | 15,6" SKJÁR



LÉTT Í SKÓLANN

**59.995**

acer

ACE-NTG8QED001

10,1" ofurlétt fartölva sem hægt er að breyta í spjaldtölvu með einum smelli. Quad Core Intel Atom örgjörvi og 64GB SSD fyrir hraðari vinnslu. Kristaltær IPS snertiskjár.

INTEL ÖRGJÖRVI | 2GB VINNSLUMINNI | 64GB DISKUR | 10,1" SKJÁR



INTEL i3 OG SSD

**99.995**

acer

ACE-NXMPGED058

Kröftugur Intel i3 örgjörvi og 128GB hraður SSD diskur. Létt og nett með langri rafhlöðuendingu.

INTEL i3 ÖRGJÖRVI | 4GB VINNSLUMINNI | 128GB SSD DISKUR

**FRÍ HEIMKEYRSLA Á FARTÖLVUM Í ÁGÚST !**



tl.is

TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 3333 |











# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvað@frettabladid.is

## 4. ÁGÚST 2016

### Tónlist

**Hvað?** Gótík og dramatík
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Hallgrímskirkja
Friðrik Vignir Stefánsson, organisti Seltjarnarneskirkju, flytur tvær franskar orgelsvítur á tónleikum sínum á Alþjóðlegu orgelsumri í Hallgrímskirkju í dag. Fyrri svítan er eftir barokktónskáldið Louis-Nicolas Clérambault og sú síðari er eftir Léon Boëllmann. Miðaverð er 2.000 krónur.

**Hvað?** Oyama, Teitur Magnússon & Indriði á Húrra
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra
Oyama, Teitur og Indriði koma fram á Húrra í kvöld. Miðaverð er 2.000 krónur.

**Hvað?** Klassískar perlur á síðsumri
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Menningarhúsið Hof
Lára Sóley flytur fiðlusmelli og klassískar söngperlur með þeim Hjalta Jónssyni og Daníel Þorsteinssyni í Hofi í kvöld. Miðaverð er 2.500 krónur.

**Hvað?** Arctic Concerts – Hallveig Rúnarsdóttir & Jóhannes Andreasen
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Norræna húsið
Tónleikaröðin Arctic Concerts hefur farið fram í Norræna húsinu alla fimmtudaga í sumar. Tónleikarnir eru ætlaðir áhugasömum ferðamönnum og íslenskum tónlistarunnendum sem vilja kynnast íslenskri og norrænni tónlist og flytjendum hennar. Í kvöld koma fram sópransöngkonan Hallveig Rúnarsdóttir og píanóleikarinn Jóhannes Andreasen. Þau munu flytja blandaða efnisskrá sönglaga. Miðaverð er 2.500 krónur.

**Hvað?** Styrktartónleikar Róttæka sumarháskólans 2016
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Gaukurinn, Tryggvagötu 22
Óháðu samtökin Róttæki sumarháskólinn efna til styrktartónleika til þess að safna fyrir ýmsum tilfallandi kostnaði en skólinn hefur verið haldinn síðan árið 2011. Fram koma ÍRiS, Just Another Snake Cult, Grúska Babúska og Dauðyflin. Miðaverð er 1.000 krónur.



Teitur Magnússon spilar ásamt Oyama og Indrida á Húrra í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Hvað?** Dj Intro Beats
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Bravó
Intro Beats þeytir skífum á Bravó í kvöld.

### Sýningar

**Hvað?** Cold Intimacy
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu 2
Gjörningur eftir Elísabetu Birtu Sveinsdóttur nema við myndlistardeild Listaháskóla Íslands og sjálfstætt starfandi dansara. Elísabet vinnur með ólíka miðla og velur þann sem hentar hugmynd og inntaki verksins best hverju sinni. Aðaláhersla hennar undanfarið hefur verið á rannsóknir á femínískum kenningum og fjórðu bylgju femínisma. Miðaverð er 2.000 krónur.

**Hvað?** Nærvera
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** SÍM salurinn, Hafnarstræti 16
Helga Sif Guðmundsdóttir sýnir skúlptúra úr óhefðbundnum hráefnum. Sýningin fjallar um vangaveltur um efni og efnisleysi með þann ásetning að skapa sem mest úr sem minnstu.

### Hátíðir

**Hvað?** Opnunarhátíð Hinsegin daga 2016
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Silfurberg, Hörpu
Opnunarhátíð Hinsegin daga hefur lengi verið eitt stórt hinsegin ættarmót þar sem gamlir vinir hittast og ný vinabönd verða til. Þema Hinsegin daga endurspeglast í dagskrá ættarmóts ársins þar sem litið verður um öxl og sagan skoðuð frá ýmsum hliðum. Landsþekktir listamenn og skemmtikraftar munu stíga á svið og trylla lýðinn sem aldrei fyrr. Það er því óhætt að lofa frábærri skemmtun sem hitar vel upp fyrir hátíðarhöldin um helgina. Miðaverð er 3.000 krónur. Fjölbreytt dagskrá er á Hinsegin dögum líkt og venjulega og mögulegt er að kynna sér dagskrána betur á vefsíðunni Hinsegindagar.is.

**Hvað?** Hinsegin bókmenntaganga
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið
90 mínútna bókmenntaganga þar sem verða lesnir textar sem veita innsýn í samfélag og líf samkynhneigðra einstaklinga. Meðal höfunda sem eiga texta í göngunni má nefna Elías Mar, Málfríði Einarsdóttur, Guðberg Bergsson, Sjón, Vigdísi Grímsdóttur og Hallgrím Helgason.

### Uppákomur

**Hvað?** Býflugurnar og blómin
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Aðalinngangur Grasagarðsins
Jóna Valdís Sveinsdóttir, yfirgarðyrkjufræðingur hjá Grasagarðinum, og Tómas Óskar Guðjónsson, forstöðumaður Fjölskyldu- og húsdýragarðsins, leiða fræðslugöngu í dag. Býflugur verða heimsóttar, litið til humla og geitunga og þau blóm sem gagnast þeim best skoðuð. Og aldrei er að vita nema í boði verði hunangssmakk úr Laugardalnum fyrir áhugasama. Gangan er samstarfsverkefni Grasagarðsins, Fjölskyldu- og húsdýragarðsins, Býflugnaræktendafélags Íslands og Garðyrkjufélags Íslands. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

**Hvað?** Opnunarpartí Nola
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Turninn, Höfðatorgi
Verslunin Nola efnir til opnunarteitis í Turninum á Höfðatorgi og býður í partí.

### Kvikmyndir

**Hvað?** Bestu vinir mannsins
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hafnarhús, Tryggvagötu 17
Sýndar verða kvikmyndirnar Drottins náð og Filma. Myndirnar taka báðar á sambandinu sem myndast á milli manna við gæludýr, húsdýr og villt dýr. Myndin Drottins náð eftir Kristján Loðmfjörð er heimildarmynd þar sem þrettán einstaklingar deila persónulegri reynslu sinni af samvistum við dýr. Myndin Filma er eftir þá Hafstein Gunnar Sigurðsson og Huldar Breiðfjörð. Hún segir frá för ljósmyndara eftir suðurströnd landsins en hann ætlar að taka mynd af vitanum í Hrollaugseyjum og er kötturinn Filma með í för. Aðgöngumiði á safnið gildir inn og er frítt fyrir handhafa Menningarkorts Reykjavíkur.



Kvikmyndirnar Drottins náð og Filma verða báðar sýndar í Hafnarhúsinu í kvöld.

# ÓDÝRUSTU
## ULTRA HD SMART
## SJÓNVÖRPIN Í BÆNUM




**FJÖLDI ANNARRA SJÓNVARPSTILBOÐA**

LG FINLUX THOMSON Panasonic PHILIPS UNITED

OPIÐ VIRKA DAGA 9-18 OG LAUGARDAGA 11-16 | SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur





**ÉG OG 70 MÍNÚTUR**
Frábær skemmtiþáttur þar sem **Auðunn Blöndal** rifjar upp helstu og skemmtilegustu atriðin úr þessum vinsælu þáttum. Hver man ekki eftir falinni myndavél, ógeðsdrykkjum og kvikindislegum áskorunum!

FRÁBÆRT
**FIMMTUDAGSKVÖLD**
Fáðu þér áskrift á **365.is**

**SAVE WITH JAMIE**
Sjónvarpskokkurinn og sjarmörinn Jamie Oliver sýnir okkur hvernig á að elda ljúffengan og girnilegan mat á ódýran hátt. Stórskemmtilegir matreiðsluþættir!



**PERSON OF INTEREST**
Fyrrverandi leigumorðingi hjá CIA og dularfullur vísindamaður taka saman höndum um að koma í veg fyrir glæpi í New York-fylki.



**TYRANT**
Þriðja serían af þessum hörkuspennandi þáttum um afar venjulega fjölskyldu í Bandaríkjunum sem dregst inn í óvænta og hættulega atburðarás í Mið-Austurlöndum.




**CONTAINMENT**
Stór hluti borgarinnar Atlanta í Bandaríkjunum er settur í sóttkví þegar faraldur brýst út í borginni og þeir sem lokast inni berjast fyrir lífi sínu.




**THE BOOK THIEF**
Áhrifamikil og vönduð mynd sem gerist á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar með Geofrey Russ og Emily Watson í aðalhlutverkum.



**DROP DEAD DIVA**
Fimmta þáttaröðin um Jane Bingum sem er föst í sál fallegrar fyrirsætu og öfugt og þær tvær eiga sífellt auðveldara með skiptin.




Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is


## STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.25** Kalli kanína og félagar
**07.50** Litlu Tommi og Jenni
**08.10** The Middle
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** Jamie's 30 Minute Meals
**10.40** Marry Me
**11.05** Höfðingjar heim að sækja
**11.20** Gulli byggir
**11.45** Lífsstíll
**12.10** Sælkeraheimsreisa um Reykjavík
**12.35** Nágrannar
**13.00** American Graffiti
**14.50** Dolphin Tale
**16.40** Krækiberjablús Stórglæsileg heimildarmynd sem er í raun falleg ferðasaga um Ísland og leikur matur í náttúrunni þar lykilhlutverk. Hér er blandað saman fallegri náttúru, íslenskri tónlist og matargerð að hætti heimamanna.
**17.40** Bold and the Beautiful
**18.05** Nágrannar
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.50** Íþróttir
**19.10** Friends
**19.35** The New Girl
**19.55** Ég og 70 mínútur Frábær skemmtiþáttur þar sem Auðunn Blöndal rifjar upp helstu og skemmtilegustu atriðin úr þessum vinsælu þáttum.
**20.30** Save With Jamie
**21.15** Person of Interest
**22.00** Tyrant Þriðja þáttaröðin af þessum hörkuspennandi þáttum um afar venjulega fjölskyldu í Bandaríkjunum sem dregst inn í óvænta og hættulega atburðarás í Mið-Austurlöndum.
**22.55** Containment Ný spennuþáttaröð úr smiðju Warner. Stór hluti borgarinnar Atlanta í Bandaríkjunum er settur í sóttkví þegar faraldur brýst út í borginni og þeir sem lokast inni berjast fyrir lífi sínu. Hér er fjallað um það hvað gerist þegar fjölskyldur splundrast og lítið samfélag byrjar að myndast inni í herkvínni en þá kemur hið sanna innræti fólks í ljós þar sem ólíklegustu hetjur birtast og ótrúlegasta fólk sýnir sínar dekkstu hliðar.
**23.40** NCIS: New Orleans
**00.20** Fast and the Furious: Tokyo Drift Hörkuspennandi mynd sem er sú önnur í röðinni í þessari vinsælu kvikmyndaröð en hér færist leikurinn á hraðbraut Tókýóborgar þar sem óforskammaðir bílaþjófar láta greipar sópa.
**02.00** Inherent Vice
**04.25** Act of Valor Spennumynd sem fjallar um sérsveitarmenn sem fá það verkefni að frelsa CIA starfsmann úr klóm mannræningja. Í kjölfarið sérhæfa þeir sig í að uppræta hryðjuverkahópa og ferðast um allan heim til að ráðast á greni hryðjuverkamanna.

## SPORT

**07.00** ÍA - FH
**08.50** Chelsea - AC Milan
**10.35** Bayern München - Real Madrid
**12.20** Barcelona - Leicester
**14.00** Valur - Víkingur Ó.
**15.50** Írak - Danmörk
**18.05** Season Highlights
**19.00** Premier League World
**19.30** Stjarnan - Víkingur R.
**22.00** Pepsi-mörkin
**23.55** Goals of the Season
**00.50** Nígería - Japan
**03.00** Leiknir R. - Selfoss

## STÖÐ 3

**17.45** Raising Hope
**18.10** The Big Bang Theory
**18.30** Modern Family
**18.55** Fóstbræður
**19.25** Entourage
**19.55** Hið blómlega bú
**20.35** Geggjaðar græjur
**20.50** Burn Notice
**21.35** Drop Dead Diva
**22.25** NCIS: New Orleans
**23.10** Fóstbræður
**23.40** Entourage
**00.10** Hið blómlega bú
**00.45** Geggjaðar græjur
**01.00** Burn Notice
**01.45** Drop Dead Diva
**02.35** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Ljóti andarunginn og ég
**07.25** Ævintýri Tinna
**07.47** Mæja býfluga
**08.00** Dóra könnuður
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.47** Ævintýraferðin
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Lalli
**09.55** Rasmus Klumpur
**10.00** Skógardýrið Húgó
**10.25** Lína langsokkur
**10.48** Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn
**11.00** Ljóti andarunginn og ég
**11.25** Ævintýri Tinna
**11.47** Mæja býfluga
**12.00** Dóra könnuður
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.47** Ævintýraferðin
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Lalli
**13.55** Rasmus Klumpur
**14.00** Skógardýrið Húgó
**14.25** Lína langsokkur
**14.48** Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn
**15.00** Ljóti andarunginn og ég
**15.25** Ævintýri Tinna
**15.47** Mæja býfluga
**16.00** Dóra könnuður
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.47** Ævintýraferðin
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Lalli
**17.55** Rasmus Klumpur
**18.00** Skógardýrið Húgó
**18.25** Lína langsokkur
**18.48** Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn
**19.00** Stuart Little



Svampur Sveinsson kl. 09.24, 13.24 og 17.2418.05

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** Golfing World
**08.50** PGA Championship
**13.50** Players Official Film
**14.45** The Open Championship
**17.45** Golfing World
**18.35** Inside the PGA Tour
**19.00** Travelers Championship
**22.00** Scottish Open

## BÍÓSTÖÐIN

**11.30** Collaborator
**13.00** The Mask
**14.45** Blended
**16.45** Collaborator
**18.15** The Mask
**20.00** Blended Drew Barrymore og Adam Sandler leika einstæða foreldra sem fara á misheppnað blint stefnumót og eru sammála um að þau þurfi aldrei að hittast aftur. Örlögin haga því hins vegar þannig að bæði skrá þau sig í sömu safariferðina í Afríku.
**22.00** The Book Thief Áhrifamikil mynd frá 2013 sem gerist á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar með Geoffrey Rush og Emily Watson í aðalhlutverki. Sagan hefst í bæ einum í Þýskalandi við upphaf heimsstyrjaldarinnar síðari og segir frá því þegar hin unga Liesel kemur í fóstur til Hubermannhjónanna eftir að móðir hennar getur ekki lengur séð henni farborða. Liesel er þjökuð af söknuði eftir móður sinni og sorg vegna dauða bróður síns og til að hjálpa henni að komast yfir það versta byrjar Hans Hubermann að segja henni sögur á kvöldin og kennir henni um leið að lesa. Þetta opnar alveg nýja veröld fyrir Liesel og leiðir til þess að hún fer að hnupla bókum til að lesa fyrir sjálfa sig.
**00.10** Only God Forgives
**01.40** The Last Stand
**03.30** The Book Thief

## RÚV

**17.00** Violetta
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Eðlukrúttin
**18.15** Best í flestu
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Heimilismatur með Lorraine Pascale
**20.10** Síðasti tangó í Halifax
**21.05** Hraunið
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Glæpahneigð
**23.05** Ráðgátur Murdoch – Varúlfar
**23.50** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Rules of Engagement
**08.20** Dr. Phil
**09.00** Kitchen Nightmares
**09.50** Got to Dance
**10.40** Pepsi MAX tónlist
**12.50** Dr. Phil
**13.30** Telenovela
**13.55** Survivor
**14.40** America's Funniest Home Videos
**15.05** The Bachelor
**16.35** The Tonight Show
**17.15** The Late Late Show
**17.55** Dr. Phil
**18.35** Everybody Loves Raymond
**19.00** King of Queens
**19.25** How I Met Your Mother
**19.50** Cooper Barrett's Guide to Surviving Life
**20.15** The Bachelor
**21.00** BrainDead
**21.45** Zoo
**22.30** The Tonight Show
**23.10** The Late Late Show
**23.50** Harper's Island
**00.35** Law & Order: Special Victims Unit
**01.20** American Gothic
**02.05** BrainDead
**02.50** Zoo
**03.35** The Tonight Show
**04.15** The Late Late Show
**04.55** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

ORMSSON

# SPARIDAGAR

*fyrir heimilin í landinu*

**AEG**
LM63472FL
7 KG. 1400 SN.
Rétt verð: 119.900,-
**Sparidagaverð: 89.900,-**
LW76806
8 KG. 1600 SN.
Rétt verð: 169.900,-
**Sparidagaverð: 126.900,-**
25%

**brabantia**
Ein falleg með fótstigi á baðherbergið. 3 ltr. hvít.
**Rétt verð: 3.490,-**
**Sparidagaverð:**
**1.990,-**

**AEG**
T61271AC
7 KG. BARKALAUS
Rétt verð: 119.900,-
**Sparidagaverð: 89.900,-**
T76280AC
8 KG. BARKARLAUS
Rétt verð: 129.900,-
**Sparidagaverð: 97.900,-**
25%

**AEG**
TILBOÐSVERÐ
Á KÆLI- OG
FRYSTISKÁPUM
25%

**AEG**
OFNAR OG
HELLUBORÐ
Á TILBOÐSVERÐI
25%

**Tefal**
Þetta merki hefur verið hjá Ormsson í 25 ár. Það köllum við góða reynslu.
25%

## Tilboð
## Afslættir
## Verðlækkun

**brabantia**
Þrifalegu ruslafötunnar vinsælu eru til í mörgum stærðum, gerðum og litum.
25%

**þvottavélar - þurrkarar - ísskápar - frystiskápar - helluborð - ofnar - hljómtæki - sjónvörp - leikjatölvur - tölvuleikir o.m.fl.**

49"
Samsung SMART TV
The Future of Smart TV, Now

**SAMSUNG**
LED • 1920X1080 • 400 PQI • Nýtt Smart viðmót
**49" K5505 kr. 139.900.-**
**SPARIDAGAVERÐ: 118.900,-**

55"
ULTRA HD

**SAMSUNG**
UHD • 4K • 8 milljón pixlar • 1500 PQI • Nýtt Smart viðmót • Quad-Core örgjörfi
**55" KU6405/6475 kr. 239.900.-**
**SPARIDAGAVERÐ: 189.900,-**

55"
ULTRA HD
Curved

**SAMSUNG**
UHD • Curved • 4K • 8 milljón pixlar • 1500 PQI • Nýtt Smart viðmót • Quad-Core örgjörfi
**55" KU6655/6505 kr. 249.900.-**
**SPARIDAGAVERÐ: 199.900,-**

**Jamo®**
"THE SOUND OF EXCELLENCE"
360°hátalarar. Dönsk hönnun.
Góðir í heimabíóið eða stakir.
Rétt verð: 87.900,-
**Sparidagaverð: 65.900,-**

20%
**AF ÖLLUM Nintendo® LEIKJUM**
**og aukahlutum**

**Pioneer VSX-1130**
Kraftmikill magnari fyrir lengra komna.
Rétt verð: 139.900,-
**Sparidagaverð: 99.900,-**

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
**ORMSSON**
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

ormsson.is

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2016

Opið virka daga kl. 10-18
og á laugardögum
kl. 11-15.

ORMSSON
Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

| | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR BYGG** | **ORMSSON** | **PENNINN** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** | **TÆKNIBORG** | **OMNIS** | **BLÓMSTURVELLIR** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |

markhönnun ehf

# Helgin byrjar hjá okkur

14 VERSLANIR UM LAND ALLT

*Nautakjöt í miklu úrvali á frábæru verði*

-25%




NAUTAHAKK - 500 G
100% HÁGÆÐA NAUTAKJÖT
~~ÁÐUR: 898 KR/PK~~
**674** KR PK

-25%



KÁLFALUNDIR, FROSNAR
KORNRÆKTAÐUR KÁLFUR
FRÁ HOLLANDI
~~ÁÐUR: 4.998 KR/KG~~
**3.749** KR KG

-20%




PÍTUBUFF 6 X 60 G
M. BRAUÐI
~~ÁÐUR: 1.598 KR/PK~~
**1.278** KR PK

-20%




SÆLKERA HAKKBOLLUR - 1 KG
~~ÁÐUR: 1.474 KR/PK~~
**1.179** KR PK

-20%




BBQ KJÚKLINGALEGGIR
~~ÁÐUR: 1.068 KR/KG~~
**790** KR KG

-48%

Ódýrt ...fyrir heimilið!



LÍNUÞORSKUR
BITAR - 1 KG
~~ÁÐUR: 1.698 KR/PK~~
**883** KR PK



RAUÐSPRETTUFLÖK
M. ROÐI
~~ÁÐUR: 1.098 KR/KG~~
**889** KR KG




RISTORANTE 26 CM PIZZA
SPECIALE/MOZZARELLA/HAWAII
~~ÁÐUR: 499 KR/PK~~
**449** KR PK




CADBURY FINGERS
MJÓLKURSÚKKULAÐI - 138 G
**239** KR PK




RIBENA SÓLBERJASAFI
4 X 200 ML
~~ÁÐUR: 389 KR/PK~~
**299** KR PK



MOUNTAIN DEW - 33 CL
**99** KR STK




PEPSI - 33 CL
**99** KR STK

-20%



VÍNBER FRÁ USA
RAUÐ/GRÆN
~~ÁÐUR: 999 KR/KG~~
**799** KR KG

NÝJAR VÖRUR




JAFFA GOLD - 1 L
APPLE/ORANGE/
TROPICAL/CRANBERRY
**149** KR STK

BLÁBER Í FÖTU - 500 G
~~ÁÐUR: 1.358 KR/PK~~
**679** KR PK

-50%



**Tilboðin gilda 4. – 7. ágúst 2016**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

*Þú færð allt fyrir grillveisluna hjá okkur*



-20%

KRYDDUÐ HELGARSTEIK
ÁÐUR: ~~2.598 KR/KG~~
**2.078** KR KG



-36%

*Lamba prime: Gott á grillið*

LAMBA PRIME HVÍTLAUKS & RÓSMARÍN
ÁÐUR: ~~4.498 KR/KG~~
**2.879** KR KG




KJÚKLINGABRINGUR
ÁÐUR: ~~2.098 KR/KG~~
**1.888** KR KG




INDVERSKIR KJÚKLINGALEGGIR
ÁÐUR: ~~998 KR/KG~~
**798** KR KG




TWIX KINGSIZE - 75 G
**139** KR PK




COCA COLA - 4 X 2 L
**1.036** KR PK




VÍNARBRAUÐ - 400 G
ÁÐUR: ~~699 KR/PK~~
**629** KR PK




KANILSNÚÐAR - 420 G
ÁÐUR: ~~399 KR/PK~~
**359** KR PK




X-TRA KAFFI - 400 G
ÁÐUR: ~~399 KR/PK~~
**359** KR PK




X-TRA KREMKEX - 400 G
ÁÐUR: ~~369 KR/PK~~
**299** KR PK




-40%

OKKAR HJÓNABANDSSÆLA
ÁÐUR: ~~998 KR/STK~~
**599** KR STK




DOWNTOWN ÍS - 500 ML
CRAVING FOR LIQUORICE/COOKIE DOUGH
CRUNCHY MAPLE/COOL BROWNIE
ÁÐUR: ~~798 KR/STK~~
**699** KR STK




EMMESSÍS SUMARÍS - 750 ML
ÁÐUR: ~~617 KR/PK~~
**498** KR PK




CADBURY BAR
FRUIT & NUT - 95 G
ÁÐUR: ~~299 KR/PK~~
**239** KR PK




LAY'S SNAKK - 175 G
SWEET MUSTARD
**329** KR PK

LAY'S SNAKK - 175 G
BARBECUE
**319** KR PK

LAY'S SNAKK - 175 G
PAPRIKA/SALTED/SOURCREAM&ONION
**310** KR PK




-23%

THIRST POCKETS
ELDHÚSRÚLLUR - 2 PK
ÁÐUR: ~~259 KR/PK~~
**199** KR PK




COOP WC PAPPÍR 16 RL
ÁÐUR: ~~1.198 KR/PK~~
**999** KR PK



Elísabet Birta blandar saman dansi og myndlist í Kaldri nánd og segir það blöndu gjörnings, dansverks og vídeóinnsetningar. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Klámvædd poppmenning

**Elísabet Birta Sveinsdóttir** sýnir verkið Köld nánd í kvöld. Verkið segir hún endurspegla áhrifavaldinn sjálfan, uppgötvun og þær afleiðingar sem tónlistarheimurinn hefur.

Markmiðið er að tæla heiminn með sviðsettri nánd við áhorfandann en stjarnan er í raun söluvara neyslumenningar. Köld nánd fjallar um áhrif klámvæddrar poppmenningar með persónulegri frásögn þar sem listamaðurinn notar gamalt myndefni af sér sem barni og unglingi í bland við nýtt efni,“ segir Elísabet Birta Sveinsdóttir, nemi við myndlistarbraut Listaháskóla Íslands, spurð út í verkið Köld nánd sem hún mun flytja í Mengi í kvöld.

Verkið endurspeglar áhrifavaldinn sjálfan, uppgötvun og þær afleiðingar sem tónlistarheimurinn hefur fyrir fólk og mun Elísabet Birta sýna persónulega nálgun sína að verkinu í frekar óhefðbundnum gjörningi. Hún blandar saman dansi og myndlist, en sjálf útskrifaðist hún frá dansbraut Listaháskóla Íslands árið 2013.

**ÉG VINN IÐULEGA VIÐ MISMUNDI MIÐLA. EN ÞEIR MIÐLAR SEM ÉG HEF AÐALLEGA VERIÐ AÐ FÁST VIÐ ERU GJÖRNINGAR, VÍDEÓ, MÁLVERK, INNSETNINGAR OG LJÓSMYNDIR.**

„Ég vinn iðulega við mismundi miðla. En þeir miðlar sem ég hef aðallega verið að fást við eru gjörningar, vídeó, málverk, innsetningar og ljósmyndir. Ég bý að dansbakgrunni mínum en ég kom inn í myndlistina frekar mótuð af danslistinni. En ég hef alltaf haft áhuga á að vinna þverfaglega, þegar ég var í dansnámi sótti ég mikið í samstarf í aðrar greinar og byrjaði snemma að blanda saman dansi og kvikmyndagerð, en bý líka svo vel að eiga pabba sem er kvikmyndagerðarmaður,“ segir Elísabet.

„Í þessu verkefni blanda ég myndlistinni og dansinum saman með því að nálgast dansverk sem myndlist. Þetta er einhvers konar blanda af dansverki, gjörningi og vídeóinnsetningu. Það er ákveðinn hráleiki við verkið sem færir það nær gjörningsforminu,“ segir hún og bætir við að hún hafi fengið sterk viðbrögð, og hvetur alla til að mæta í kvöld.

gudrunjona@frettabladid.is

# Rappararnir 50 Cent og The Game grafa stríðsöxina

Íslandsvinurinn 50 Cent og rapparinn The Game hafa eldað grátt silfur í meira en áratug. Eitthvað virðist þó hafa lægt á milli þeirra enda sáust þeir saman á klúbbi í Los Angeles síðasta mánudag og virtust miklir mátar. Frá þessu er sagt á fréttavef MTV-sjónvarpsstöðvarinnar.

Þessir fyrrverandi óvinir sáust meðal annars faðmast og The Game steig á svið í klúbbnum og ávarpaði gesti með orðunum: „Mér líkar vel við 50 Cent. Það sem gerðist okkar á milli átti sér stað fyrir tólf árum. Þetta er löngu gleymt. Drekkið helvítis Effen,“ – en Effen er vodkategund sem 50 Cent hefur auglýst. The Game setti reyndar færslu á Instagram-síðu sína fyrr í sumar þar sem hann sagðist hafa verið að drekka Effen-vodka og hélt í framhaldi af því mikla lofræðu um bæði þennan forláta vodka sem og 50 Cent sjálfan, en þessi drykkur virðist hafa verið það sem sameinaði kappana á ný.

Eins og frægt er orðið var The Game hluti af G-Unit sem var hljómsveit sem 50 Cent setti saman og kom meðal annars til Íslands, sællar minningar. Það er ekki alveg ljóst hvers vegna rifrildi þeirra hófst upphaflega en eftir að útgáfu plötu 50 Cent, The Massacre, var seinkað til að hliðra fyrir útgáfu fyrstu plötu The Game árið 2005 hefur andað köldu á milli rapparanna. The Game hafði líka á svipuðum tíma lýst yfir áhuga sínum á að starfa með rapparanum Ja Rule en hann og 50 Cent áttu í miklum deilum. – sþh



Rappararnir tveir áður en það slettist upp á vinskapinn. NORDICPHOTOS/GETTY



## Teinótt frá toppi til táar

Nú þegar útsölurnar fara að klárast og farið er að huga að hausttískunni þarf að vera með ýmislegt á hreinu. Teinótt munstur virðast ætla að verða vinsæl í haust ef eitthvað er að marka tískupalla allra helstu tískuhúsa heims. Klassískt trend sem allir geta klæðst.



Calvin Klein



Max Mara



Tibi



Trussardi

# FRAM-KVÆMDA-DAGAR

*Nú er tíminn!*

28. júlí - 7. ágúst





## ÞÚ FÆRÐ ALLT EFNIÐ
Í PALLINN OG SKJÓLVEGGINN

*Fáðu verð í pallinn hjá okkur!*

timbur@byko.is

## GAGNVARIN FURA

*Klárum málið!*

0% VAXTALAUST LÁN

### PALLURINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 0058324 | 27x95 mm. | 2.150 kr./m² | 215 kr./lm* |
| 0058325 | 27x120 mm. | 1.960 kr./m² | 245 kr./lm* |
| 0058326 | 27x145 mm. | 2.167 kr./m² | 325 kr./lm* |

*4,5 m og styttra

### SKJÓLVEGGURINN

| | | |
|---|---|---|
| 0058252 | 22x45 mm. | 94 kr./lm |
| 0059253 | 22x70 mm. | 156 kr./lm |
| 0058254 | 22x95 mm. | 185 kr./lm* |
| 0058255 | 22x120 mm. | 247 kr./lm |

### GRIND OG UNDIRSTAÐA

| | | |
|---|---|---|
| 0058502 | 45x45 mm. | 182 kr./lm* |
| 0058504 | 45x95 mm. | 295 kr./lm* |
| 0058506 | 45x145 mm. | 485 kr./lm* |
| 0059954 | 95x95 mm. | 715 kr./lm* |



**KJÖRVARI 14** viðarvörn, gagnsær, margir litir.

**1.595** kr. 1 LÍTRI
86332040-9040

**4.995** kr. 4 LÍTRAR
86332040-9040



**KJÖRVARI 16** viðarvörn, þekjandi, margir litir.

**2.195** kr. 1 LÍTRI
86360040-1337

**7.395** kr. 4 LÍTRAR
86360040-1337



FRÁBÆRT VERÐ!

**HERREGÅRD PALLAOLÍA XO**
viðarvörn, er ætluð á gagnvarið efni, palla, girðingar og garðhúsgögn. Kemur í veg fyrir gráma og inniheldur sveppa og mygluvarnarefni. Fæst í ljósbrúnu og glæru.

**2.495** kr. 3 LÍTRAR
80602501-2

## PALLAOLÍA OG VIÐARVÖRN



*Harris®*
**PENSILL** fyrir skaft, 100mm.

**1.545** kr.
83037540



**MÁLNINGARFATA**
12 l.

**595** kr.
58761012

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboð gilda til og með 7.ágúst eða á meðan birgðir endast. Sjá nánar um vaxtalaus lán á byko.is.

## PALLA-LEIKUR BYKO

1. ÞÚ KAUPIR GAGNVARIÐ PALLAEFNI FYRIR 50.000 KR. EÐA MEIRA Á TÍMABILINU 1. JÚNÍ - 19. ÁGÚST 2016.
2. ÞÚ SKRÁIR NÓTUNÚMER OG AÐRAR NAUÐSYNLEGAR UPPLÝSINGAR Á www.byko.is/pallaleikur
3. ÞÚ ERT KOMINN Í POTTINN OG GÆTIR UNNIÐ VEGLEGA VINNINGA!

*Vertu með!*

Vinningshafar eru kynntir á Facebooksíðu BYKO á hverjum föstudegi til 19. ágúst.




byko.is

AUÐVELT AÐ VERSLA Á BYKO.IS
SENDUM ÚT UM ALLT LAND

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN






Heiðrik hefur tilkynnt að platan Funeral muni koma út þann 1. september næstkomandi.

# Passaði ekki í hópinn

**Heiðrik á Heygum**, eða **Heiðríkur**, gefur út plötuna Funeral 1. september. Platan er samansafn af lögum sem hann samdi þegar erfiðleikar komu upp í hinu afskekkta og íhaldssama samfélagi Færeyja.

Ég var sextán ára þegar ég byrjaði að semja tónlist, Björk Guðmundsdóttir hefur alltaf verið mikil fyrirmynd hjá mér. Ég byrjaði að skrifa lög fyrir plötuna mína Funeral í apríl á síðasta ári. Platan var öll tekin upp hér í Reykjavík, en ég fékk til liðs við mig fullt af hæfileikaríku tónlistarfólki til að spila inn á plötuna," segir Heiðrik á Heygum söngvari spurður út væntanlega plötu hans, Funeral, sem kemur út 1. september.

Heiðrik hefur búið á Íslandi síðastliðin tvö ár, en auk þess að gefa út tónlist stundar hann nám í myndlist við Listaháskóla Íslands, ásamt því að vinna við gerð tónlistarmyndbanda, en hann hefur meðal annars unnið með Eivøru Pálsdóttur, hljómsveitinni Orku og Bloodgroup.

„Ég flutti til Íslands frá Danmörku en þar lærði ég kvikmyndagerð. Ég valdi að flytja til Íslands til að vera í meiri nálægð við náttúruna, enda Ísland mjög líkt Færeyjum en þaðan er ég," segir Heiðrik.

Platan verður samansafn af lögum sem hann samdi þegar erfiðleikar komu upp í hinu afskekkta og íhaldssama samfélagi Færeyja þar sem hann ólst upp.

„Ástæða þess að ég nefndi plötuna „Funeral" er vegna þess að ég er að gera upp ýmsa hluti í mínu lífi svo ég geti haldið áfram að njóta lífsins. Lögin á plötunni fjalla að miklu leyti um líf mitt og mínar heimaslóðir í Færeyjum. Það er augljós þráður í gegn um lögin sem lýsa upplifun minni á lífi mínu þar," segir Heiðrik og bætir við að hann hafi alltaf átt



Samtals verða tíu lög á plötunni, órafmögnuð og knúin áfram með píanói, strengjum og úkúlele.

**MÉR FANNST MJÖG ERFITT AÐ KOMA ÚT ÚR SKÁPNUM SEM HOMMI OG GERÐI ÞAÐ EKKI FYRR EN ÉG VAR TUTTUGU OG FIMM ÁRA.**

erfitt uppdráttar í Færeyjum vegna kynhneigðar sinnar.

Samtals verða tíu lög á plötunni, órafmögnuð og knúin áfram með píanói, strengjum, úkúlele sem og dúnmjúkri rödd Heiðríks. Tónarnir sem Heiðríkur leggur fyrir hlustandann tekur fólk í melankólskt og grátbroslegt ferðalag þar sem gætir áhrifa allt frá djassi til þjóðlagatónlistar.

„Mér fannst mjög erfitt að koma út úr skápnum sem hommi og gerði það ekki fyrr en ég var tuttugu og fimm ára, aðallega vegna þess hversu mikil hommafælni ríkir í Færeyjum. Ég passaði aldrei í hópinn og var alltaf öðruvísi. Ég hef aldrei almennilega komist yfir þessa skömm sem ég bar mjög lengi, þess vegna er mjög mikilvægt fyrir mig að gefa út þessa plötu," segir Heiðrik og bætir við að sem betur fer hafi hlutirnir verið að breytast í Færeyjum og eru hinsegin dagar haldnir hátíðlegir, og viðhorf til samkynhneigðar mun hleypidómalausara en var áður fyrr.

Nóg er um að vera framundan hjá Heiðrik en hann gaf út lagið Change of Frame nú á dögunum í samstarfi við leikhópinn Ratatam og Senu.

„Ég vonast til þess að spila mikið hér á Íslandi á næstunni, ásamt því að búa til myndbönd við öll lög plötunnar. Ég elska Ísland svo mér finnst mjög líklegt að ég komi til með að búa hér í framtíðinni," segir Heiðrik. **gudrunjona@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


RJÚFÐU MÚRINN
Nýja haustlínan er komin
UNDER ARMOUR DAGAR
20%* AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
UNDER ARMOUR
VÖRUM ÚT MÁNUDAG
*Gildir ekki með öðrum tilboðum.
ÚTILÍF
síðan 1974
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is
ÁRNASYNIR

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005
Póst dreifing
**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


Bakþankar


Tómasar Þórs Þórðarsonar




## Börnin frekar en björninn

Íslendingar eru heimsmeistarar í að rífast nánast út af engu og/eða tuða yfir fréttum. Tuð er fyrir löngu orðið þjóðarsport okkar Íslendinga þó það hafi ekki komið almennilega upp á yfirborðið fyrr en á síðustu árum.

Eftir þriggja vikna sameiningu þjóðar á meðan strákarnir okkar voru að gera stórkostlega hluti á EM þar sem við börðumst til dæmis öll saman gegn „illmenninu“ Cristiano Ronaldo var kominn aftur tími til að rífast.

Hamingjan lifði í tvær vikur þar til ísbjörn var skotinn fyrir norðan. Þá gleymdu allir gleðinni og fóru að rífast. Hvernig datt mönnum í hug að skjóta eitt af hættulegustu dýrum jarðar, sársvangt á vappi þar sem börn voru að leik? Þetta var bara í alvöru spurning sem fólk velti upp.

Birnan var örugglega ekkert svöng, nei, nei. Við mannfólkið þurfum að fá okkur eina með öllu eftir 500 metra sprett í Laugardalslaug. Hvítabjörninn var vafalítið til í eitt barn með öllu eftir 600 km sund frá Grænlandi! Allir sem stóðu að aðgerðinni hugsuðu fyrst og fremst um öryggi fólksins fyrir þessu stórhættulega og sársvanga dýri en sumum tókst að tuða yfir því líka.

Börnum finnast bangsar krúttlegir og þau vita ekki betur. Hvað ef félagi hvítabjarnarins á listanum yfir hættulegustu dýr heims, kóbraslangan, myndi skríða úr einum bátnum við Reykjavíkurhöfn? Þá væru allir sammála um að lóga dýrinu því slöngur eru ekki jafn krúttlegar og bangsar.

Það er nú þegar einn Íslendingur búinn að týna lífinu af völdum ísbjarnar. Það var á Grænlandi í fyrra. Sem betur fer var um að ræða hest en ekki manneskju. Leikum ekki við bangsann og höldum dauðsföllum mannfólks áfram á núllinu. Elskum börnin. Skjótum björninn.


Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland








# Vertu klár í skólann með snjöllum græjum




Vodafone Turbo 7
**19.990 kr.**
staðgreitt

- 8 GB
- 5" skjár
- Rafhlaða: 2000 mAh
- Örgjörvi: Fjórkjarna 1.0 GHz
- Myndavél: 5 MP
- Auka myndavél: 2 MP
- Vinnsluminni: 1 GB
- Minniskortarauf: Að 32 GB

Vodafone Tab Speed 6
**29.990 kr.**
staðgreitt

- 16 GB
- 8" skjár
- Rafhlaða: 4060 mAh
- Örgjörvi: Fjórkjarna 1.3 GHz
- Myndavél: 5 MP
- Auka myndavél: 2 MP
- Vinnsluminni: 1 GB
- Minniskortarauf: Að 32 GB

Samsung Galaxy J5 2016
**39.990 kr.**
staðgreitt

- 16 GB
- 5,2" skjár
- Rafhlaða: 3100 mAh
- Örgjörvi: Fjórkjarna 1,2 GHz
- Myndavél: 13 MP f/1.9
- Auka myndavél: 5 MP f/1.9
- Vinnsluminni: 2 GB
- Minniskortarauf: Að 256 GB



**SNÚÐU LUKKUHJÓLINU!**

Allir þeir sem kíkja við í verslanir okkar á neðangreindum tímum fá að snúa lukkuhjólinu og eiga möguleika á að vinna miða fyrir tvo á Justin Bieber í Kórnum, auk annarra spennandi vinninga.

**4. - 5. ágúst í Ármúla**
**8. -14. ágúst í Smáralind**
**15. - 21. ágúst í Kringlunni**
**22. - 29. ágúst á Akureyri**




Avea Flare þráðlaus lukt
**18.990 kr.**
staðgreitt

- Hægt að tengja allt að 10 Avea ljós saman
- Hægt að nota innandyra og utan
- 110v og 7W
- Lithium Polymer rafhlaða (fylgir)
- Virkar með Android og iPhone

Með fyrirvara um myndabrengl og villur í texta.
Tilboðin gilda til og með 31.8.2016, á meðan birgðir endast.

**Vodafone**
Við tengjum þig